

Rannsóknir á lífríki
Þjórsár og þveráa hennar vegna
virkjana neðan Búrfells

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson,
Erla Björk Örnólfssdóttir, Sigurður Guðjónsson
og Ragnhildur Magnúsdóttir

Selfossi, september 2002

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Rannsóknir á lífríki
Þjórsár og þveráa hennar vegna
virkjana neðan Búrfells

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson,
Erla Björk Örnólfssdóttir, Sigurður Guðjónsson
og Ragnhildur Magnúsdóttir

Selfossi, september 2002, VMST-S/02001

Unnið fyrir Landsvirkjun

Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild
Austurvegi 1 800 Selfoss

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Efnisyfirlit.

1. Ágrip.....	1
1.1 Umhverfi og lífríki.....	1
1.2 Áhrif virkjana.....	3
1.3 Mótvægisaðgerðir.....	6
2. Inngangur.....	7
3. Lífsskilyrði og lífssaga laxfiska.....	9
4. Áhrif virkjana á vatnalífríki.....	11
5. Staðhættir.....	13
6. Lax- og silungsveiði.....	17
7. Seiðasleppingar.....	21
8. Aðferðir.....	22
8.1 Búsvæðamat.....	22
8.2 Botndýr.....	23
8.2.1 Sýnatökustöðvar.....	23
8.2.2 Sýnataka.....	24
8.2.3 Úrvinnsla.....	24
8.3 Seiðarannsóknir.....	25
8.4 Aldursákvörðun og lífssaga.....	25
8.5 Fiskgöngur.....	25
8.6 Örmerkingar.....	26
9. Niðurstöður.....	26
9.1 Vatnshitamælingar.....	26
9.2 Botndýr.....	28
9.3 Búsvæðamat.....	35
9.3.1 Þjórsá.....	35
9.3.2 Þverár Þjórsár ofan Búða og Hestafoss.....	41
9.3.2.1 Fossá.....	41
9.3.2.2 Sandá-Grjótá.....	42
9.3.2.3 Hvammsá.....	42
9.3.2.4 Þverá.....	43
9.3.2.5 Minnvallalækur.....	43
9.3.3 Þverár Þjórsár neðan Búða og Hestafoss.....	44
9.3.3.1 Tungá.....	44
9.3.3.2 Kálfá.....	44
9.3.3.3 Kaldárholtslækur.....	45
9.3.4 Hlutdeild áんな í framleiðslueiningum.....	45
9.4 Seiðarannsóknir.....	46
9.4.1 Seiðaþéttleiki árið 2001.....	46
9.4.1.1 Þjórsá ofan Búða og Hestafoss.....	46
9.4.1.2 Þverár Þjórsár, ofan Búða og Hestafoss.....	48
9.4.1.3 Þjórsá neðan Búða og Hestafoss.....	51
9.4.1.4 Þverár Þjórsár neðan Búða og Hestafoss.....	54
9.4.2 Meðallengd og Vöxtur.....	56
9.4.3 Fæða.....	56
9.4.3.1 Þjórsá, Kálfá, Tungá og Kaldárholtslækur.....	56
9.4.3.2 Þverár Þjórsár ofan Búða.....	58
9.4.4 Seiðarannsóknir 1993 – 2001.....	59

Rannsóknir á lífríki Þjórsá og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

9.4.5 Hornsíli í Þjórsá og þverám 1993 – 2001	62
9.5 Árangur seiðasleppinga.....	63
9.6 Rannsóknir á fullvaxta fiski	64
9.6.1 Aldursrannsóknir á laxi í Þjórsá.....	64
9.6.2 Aldursrannsóknir á urriða og bleikju í Þjórsá	67
9.6.3 Aldursrannsóknir á fiski ofan Búða.	69
9.6.4 Aldursrannsóknir laxa í Kálfá.	69
9.6.5 Kynjahlutfall og stærð laxa í Kálfá.	70
9.6.6 Urriði í Minnivallalæk.	71
9.7 Fiskgöngur.	72
9.7.1 Teljaragögn.	72
9.7.2 Gögn úr veiðiskýrslum.	74
10. Umræða.....	75
10.1 Búsvæði	75
10.2 Útbreiðsla fisktegunda og seiðabúskapur laxfiska.....	76
10.3 Stofnar og stofneinkenni.....	77
10.4 Veiðinytjar og stofnstærð laxfiska.....	79
10.5 Landnám laxa ofan Búða.	80
10.6 Gönguhéðun laxa upp Þjórsá.	80
10.7 Hlutdeild vatnsfalla í framleiðslu laxa á vatnasvæðinu.	81
10.8 Botndýr.	82
10.9 Áhrif virkjananna á vatnalífríki.	83
10.9.1 Núpavirkjanir.	84
10.9.2 Urriðafossvirkjun.	88
10.10 Mótvægisáðgerðir.	90
10.10.1 Rennslisstýring og viðhald vatns á mikilvægum svæðum Þjórsár.....	90
10.10.1.1 Núpavirkjanir.	90
10.10.1.2 Urriðafossvirkjun.	92
10.10.2 Seiðasleppingar.	92
10.10.3 Fiskvegir.	93
10.10.4 Lagfæring á farvegi.	93
10.10.5 Hjáveitur fyrir sjögönguseiði og fisk.	93
10.10.6 Aðgerðir til að koma í veg fyrir ofauðgun lofts í vatni neðan við stíflur.	94
10.10.7 Aðrar aðgerðir	94
10.11 Frekari rannsóknir.	94
10.11.1 Viðbótarrannsóknir.....	94
10.11.2 Vöktnarrannsóknir	95
10.12 Áætlaðar tekjur af veiðihlunnindum á vatnasvæði Þjórsár.	95
11. Þakkarorð.	96
12. Heimildir.	97
13. Viðaukar.	102
14. Ljósmyndir.	116

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

1. Ágrip.

1.1 Umhverfi og lífríki.

Á vegum Veiðimálastofnunar voru, að beiðni Landsvirkjunar gerðar, rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar neðan Búrfells vegna umhverfismats fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá við Núp og Urriðafoss. Einnig var lagt mat á áhrif virkjananna á vatnalífríki Þjórsár og settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir. Vettvangsvinna fór fram sumarið 2001.

Í lífríkisrannsóknunum var megináhersla lögð á rannsóknir á laxfiskum og fæðudýrum þeirra. Kannað var uppeldi og uppeldisskilyrði fyrir laxfiska og botndýrafána vatnakerfisins. Metin voru gæði og stærð búsvæða laxfiska og útbreiðsla tegunda. Þá voru tekin saman eldri gögn um seiðarannsóknir og veiði laxfiska, göngur, aldur og lífsferil fiska á vatnasvæðinu.

Rannsóknarsvæðið náði til Þjórsár og helstu þveráa hennar frá Búrfelli að ósi. Í þveránum voru eingöngu athugaðir fiskgengir kaflar. Þjórsá er fiskgeng frá náttúrunnar hendi að Búða og Hestafossi (51,6 km) og að auki í þverár hennar þar fyrir neðan og er Kálfá (13,5 km) og Tungá (6 km) þeirra helstar. Alls er náttúrulega fiskgengt á um 71 km og eru þá ekki taldir með smærri lækir. Fiskstigi var byggður í Búða árið 1991 og nú kemst göngufiskur upp Þjórsá að Búrfelli og í þverárnar á svæðinu milli Búrfells og Búða. Við þessa framkvæmd urðu um 71 km fiskgengir til viðbótar. Landsvirkjun kostaði gerð stigans. Fyrir gerð stigans er talið að náttúrulegt uppeldi göngufisks hafi eingöngu verið bundið við svæðið neðan Búða og Hestafoss.

Ár á áhrifasvæði virkjananna eru fjölbreyttar að uppruna og gerð þótt flestar þeirra beri einkenni dragáa. Lífríki ánya býr því við fjölbreytt ytra umhverfi. Árnar eru fremur frjósamar með fremur mikið magn uppleystra efna (há rafleiðni). Þjórsá er ein af stóram landsins. Hún er að stofni til dragá en er með blönduðum jökuls- og lindáreinkennum. Þjórsá sjálf er einnig allfrjósöm en hún er hins vegar jökullituð sem takmarkar það ljósmagn sem nýtist til frumframleiðslu á ábotninum.

Botndýr fundust allsstaðar í miklum þéttleika í Þjórsá samanborið við þekktan fjölda botndýra úr öðrum jökullituðum ám á Íslandi. Rykmýslirfur (Chironomidae) og ánar (Oligochaeta) voru algengir lífveruhópar á öllum sýnatökustöðum. Auk þess fundust þráðormar (Nematoda), vatnamaurar (Acarina) og vorflugur (Trichoptera) á öllum stöðvum sem og bitmýslirfur (Simuliidae) að undanskilinni einni stöð. Þéttleiki rykmýslirfa var meiri en annarra botndýra á flestum sýnatökustöðvum, líkt og í mörgum straumvötnum á landinu. Mikil útbreiðsla rykmýslirfa og annarra skordýralirfa bendir til þess að víða séu góð fæðuskilyrði fyrir laxfiska í Þjórsá og þverám hennar, en rykmýslirfur sem og aðrar skordýralirfur voru helsta fæða laxfiskaseiða á vatnasviðinu.

Samkvæmt botnmati eru víða góð búsvæði fyrir laxfiska á svæðinu. Botngerð þverána ofan Búða/Hestafoss er breytileg milli áa en sumstaðar eru stórir kaflar með hagstæðum búsvæðum. Á náttúrulega fiskgengum svæðum eru Kálfá og Tungá frjósamar og þar eru góð skilyrði til uppeldis laxfiskaseiða. Í Þjórsá sjálfri eru einnig góð búsvæði. Ofan fossa eru straummeiri svæði hagstæðust til uppeldis laxfiska. Á náttúrulega fiskgengum svæðum eru bestu búsvæðin (hæsta framleiðslugildi) ofan til í ánni, frá Búðafossi að ármótum Árneskvíslar, í Árneskvísl neðan við Hestafoss og í gili neðan við Urriðafoss. Neðan Árneskvíslar er botn víðast fremur finn og lakari til uppeldis er

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

stór og allgöð skilyrði til hrygningar. Ofan gljúfra við Urriðafoss eru allhagstæð búsvæði. Stór svæði neðan við Urriðafoss eru hins vegar með fremur fina botngerð með takmarkað gildi til uppeldis.

Á áhrifasvæði umræddra virkjana í Þjórsá lifa allar þær fisktegundir sem finnast í fersku vatni á Íslandi, þ.e. lax, urriði, bleikja, hornsíli og áll. Lax og urriði eru ríkjandi tegundir á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjanna. Lax er ríkjandi í Káláf og Tungá. Þar var þéttleiki laxaseiða einnig mestur. Í Þjórsá neðan Búða og Hestafoss var urriði ríkjandi á 15 af 20 athugunarstöðvum en lax á 5. Lax var helst ríkjandi í Þjórsá þar sem gætir áhrifa vatns úr Káláf, svo og á straumþungum og grófgrýttum svæðum í og við gljúfur hjá Urriðafossi. Út frá seiðabúskap virðist jökulvatn Þjórsár ekki koma í veg fyrir árangursríka hrygningu og uppeldi lax í ánni. Urriði er ríkjandi á straumminni svæðum í Þjórsá og þar sem botn er finni. Þá er urriði ríkjandi tegund á svæðinu ofan Búða/Hestafoss. Þótt uppeldi lax sé talsvert í Þjórsá neðan Búða og Hestafoss er þéttleiki óvíða mikill og að jafnaði minni en í þveránum Tungá/Káláf en álíka eða heldur minni þéttleiki en á vatnsvæði Ölfusár-Hvítár. Urriði var í mestum þéttleika í Minnivallalæk, álíka hár og í Laxá í Þingeyjarsýslu.

Bleikja fannst einungis á um 16 % athuganastaða 2001, helst efst í Þjórsá og efst í Minnivallalæk. Í Fossá og bleikjusvæðum í Minnivallalæk gætir lindaráhrifa með fremur svölu sumarvatni. Hornsíli er víða að finna en ekki er vitað til þess að áll sé ofan Urriðafoss.

Umtalsverðar nytjar eru af veiði í Þjórsá og hafa fjölmargar jarðir nytjar af veiðihlunnindum. Mestar eru nytjar af netaveiði á laxi og silungi í Þjórsá sjálfri og þar er einnig stunduð stangveiði á silungi. Þá eru talsverðar nytjar af stangveiði á laxi urriða og bleikju í Káláf og silungsveiði í Minnivallalæk og Fossá.

Þjórsá er í hópi aflasælustu laxveiðiá landsins. Meðalveiði í Þjórsá síðustu 10 ára er 1.999 laxar, sem er um 4,9 % af laxveiði á Íslandi á sama tímabili. Að jafnaði eru um 98 % veidd í net og um 2 % á stöng. Ef reiknað er með 50 % veiðiálagi á göngulaxi í Þjórsá má ætla að laxaganga geti verið um 4.000 fiskar að jafnaði á ári.

Umtalsverður hluti náttúrulegra laxa er uppalinn í Þjórsá sjálfri. Mat á uppeldisskilyrðum (botnmat) bendir til þess að hlutur Þjórsár geti verið allt að 83 % en þverárnar Tungá/Káláf standi undir um 17 % náttúrulegar framleiðslu laxa.

Talsverður stofn sjóbirtings gengur á vatnsvæðið, en fjöldinn er ekki þekktur af sömu ástæðum og hjá laxi. Samkvæmt skyrslum veiðast að jafnaði 150 urriðar (sjóbirtningar) í net í Þjórsá. Veiði silungs er vanskráð. Stangveiðitölur og seiðarannsóknir benda til að allnokkur stofn staðbundinna urriða sé í Káláf og trúlega einnig á fiskgengum svæðum Þjórsár. Að hve miklu leyti stofninn er staðbundinn er hins vegar ekki þekkt. Ofan Búða/Hestafoss eru sterkir staðbundnir urriðastofnar, einkum í Minnivallalæk og Þjórsá. Allsterkur bleikjustofn virðist í Fossá og í Þjórsá neðan hennar.

Engar erfðafræðilegar athugarnir hafa farið fram á fiskstofnum Þjórsár eða þveráa hennar. Því er óljóst hvort um mismunandi stofna er að ræða innan svæðisins. Gera má ráð fyrir að sér stofn sé í hverri á og í Þjórsá kunna að vera nokkrir stofnar af hverri tegund.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Það sem gerir m. a. lax í Þjórsá sérstæðan er að stór stofn hrygnir og elst upp í jökulvatni, sem er fremur fátítt hjá laxastofnum á Íslandi og á heimsvísu.

Mikill meirihluti laxa á vatnasvæði Þjórsár er smálax eða 79 % (dvelur eitt ár í sjó). Laxar sem hrygna oftar en einu sinni eru fáttíðir, einungis 2,7 %. Þriggja ára ferskvatnsdvöl er algengust hjá laxi og sjóbirtingi. Hjá sjóbirtingi er algengast að kynþroski verði eftir 2 og 3 sumur í sjó og margir hrygna oftar en einu sinni.

Urriðinn í Minnivallalæk virðist stórvaxinn sem er fremur sjaldgæft hjá staðbundum urriða í ám á Íslandi. Litlar upplýsingar liggja fyrir um lífshætti, vaxtarhraða ofl. hjá þessum stofni. Rannsóknir benda til þess að urriðinn sem hrygnir í læknum nýti sér Þjórsá til uppeldis. Atferli urriðastofna í öðrum þverám Þjórsár kann að vera svipað og er Þjórsá því mikilvægt uppeldissvæði fyrir urriða.

Laxgengd í Þjórsá er mest í júlí og samkvæmt veiðiskýrslum á Urriðafossi er að jafnaði um helmingur laxanna genginn upp að Urriðafossi um miðjan júlí. Lax er lengi á göngu sinni upp vatnasvæði Þjórsár. Samkvæmt stangveiðiskýrslum gengur lax ekki að neinu marki í Kálfá fyrr en síðari hluta ágústmánaðar og í byrjun september.

Sjóbirtingur er seinna á ferðinni en laxinn. Hans verður vart í veiði síðari hluta júní en aðalgöngutíminn er í ágúst og um helmingur er genginn síðustu daga ágústmánaðar.

Talsvert hefur verið sleppt af laxaseiðum á vatnasvæðið og hefur Landsvirkjun staðið undir kostnaði af þeim. Megináhersla hefur verið lögð á sleppingar seiða á svæðið ofan Búða, í þeim tilgangi að koma upp sjálfsbærum laxastofni þar eftir að fossinn var gerður fiskgengur. Með hjálp seiðasleppinga og fiskstiga í Búða hefur útbreiðsluslusvæði laxa aukist verulega á svæðinu, þetta sýna merkingar ásamt seiðarannsóknum og gögn úr teljara. Þótt allnokkur fiskgengd sé nú á svæðið og náttúrulegt klak finnist ofan Búða er langt í land að svæðið ofan fossa verði fullnumið laxi.

1.2 Áhrif virkjana.

Núpavirkjanir og Urriðafossvirkjun hafa talsverð áhrif á lífríki Þjórsár og þveráa hennar. Góð uppeldissvæði laxfiska eru víða á áhrifasvæði virkjananna. Við fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá verður farvegur árinnar stíflaður og mynduð inntakslón. Vatn er leitt úr lóni í virkjun og frárennslí virkjunar leitt um lengri eða skemmri farveg neðar í farveg árinnar. Þetta veldur því að vatnsrennslí er skert í farvegi árinnar milli inntaks og frárennslis. Auk lítils vatnsrennslis geta orðið ónáttúrulegar rennslisbreytingar vegna reksturs virkjana. Fyrirhuguð lón eru ekki ætluð til vatnsmiðlunar. Myndun lóna og rennslisbreytingar samfara rekstri virkjananna geta haft margvísleg áhrif á lífríki ánnar. Við gerð lóna í farvegi áa breytist lífvist verulega. Búsvæði fyrir seiði laxfiska raskast og hrygningarstaðir leggjast af í farveginum. Neikvæð áhrif eru mest fyrir lax. Staðbundinn urriði og bleikja geta nýtt sér lón til uppeldis. Breyting vistar úr straumvatni í lón minnkar fæðuframboð botndýra fyrir laxfiska. Rennslissveiflur vegna reksturs virkjananna geta haft neikvæð áhrif á uppeldisskilyrði laxfiska og fæðuframboð. Stíflur og virkjanir hindra og valda afföllum hjá göngufiski upp og niður árnar.

Urriðafossvirkjun. Hér er gert ráð fyrir stíflu við Heiðartanga og að vatn verði leitt þaðan í göngum til virkjunar og að útrásarop verði neðan við Urriðafoss (aðalkostur).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Við þetta myndast inntakslón sem nær um 15 km upp eftir farvegi árinnar. Gert er ráð fyrir skertu rennsli á um 3,8 km kafla í gljúfri ofan og neðan við Urriðafoss.

Stífla vegna lóns við Heiðartanga mun taka fyrir alla fiskgengd upp Þjórsá, verði ekkert að gert. Skert svæði neðan stíflu og svæði sem lokast af ofan stíflu eru samkvæmt mati um 78 % af uppeldis- og hrygningarsvæðum fyrir lax á náttúrulega fiskgengum svæðum og 88 % af öllum svæðum sem göngufiskur kemst um í dag. Svipað gildir fyrir sjögenginn urriða, nema að trúlega er meira uppeldi af honum en laxi neðan virkjunar. Einnig er hætt við að ef ekkert er að gert farist niðurgönguseiði lax og urriða í stórum stíl ef þau lenda í vélum virkjunarinnar eða fara í gegnum þann mikla þrýstimun sem verður í rennslisleið virkjunarvatns.

Á áhrifasvæði í farvegi með skert rennsli eru allgóð uppeldissvæði fyrir seiði laxfiska og er lax víðast ríkjandi. Uppeldisflötur er þó ekki ýkja stór vegna dýpis og straumhraða. Hér kann að vera um vanmat að ræða en mjög erfitt reyndist að meta búsvæðin í gljúfrinu sökum dýpis og straums. Aukning í rennsli, þegar vatn er umfram það sem fer um virkjun, og sérstaklega ef það eykst snögglega, breytir lífsskilyrðunum til hins verra. Vera kann að þau áhrif vegi þyngra en áhrif skerðingar á rennsli. Minnkað rennsli kann að raska fiskgengd upp gljúfrið ef ekki er brugðist við.

Í lóni ofan við Heiðartanga munu búsvæði raskast á 15 km árfarvegar sem metið er að séu um 25 % af búsvæðum laxfiska á náttúrulega fiskgengum hluta svæðisins. Uppeldis- og hrygningarsvæði í lónastæði munu að miklu leyti leggjast af, einkum á þetta við um laxaseiði en bleikja og urriði munu geta nýtt sér lónin til uppeldis, þ.a. staðbundnum urriða og bleikju gæti fjölgæð. Lón yrði líklega göngutöf fyrir seiði á leið til sjávar sem getur valdið auknum afföllum þeirra. Reikna má með að neðan frárennslisrásar virkjunarinnar verði skerðing á uppeldi seiða bæði vegna breytts straumlags og vegna ónáttúrulegra rennslissveiflna en áhrifin ráðast mikið af hve miklar og snöggar breytingarnar verða.

Bein áhrif á veiðinytjar yrðu þau helst að ef lax og göngusilungur kemst ekki upp Urriðafoss og stíflu við Heiðartanga verður ekki um nytjar þeirra að ræða ofar á vatnsvæðinu. Að sama skapi lokast af uppeldissvæði til framleiðslu. Áhrif, sem hér hefur áður verið lýst til skerðingar á uppeldi, koma án mótvægisáðgerða af sama þunga niður á veiðihunnindum. Þau áhrif verða mest á hlunnindi af laxi. Að auki er viðbúið að breyttir rennslishættir raski veiðiaðstöðu við netalagnir bænda. Þetta á sérstaklega við um lagnir í gljúfrinu.

Núpavirkjun IIb. Hér er gert ráð fyrir að virkjað fall verði í tweimur þrepum. Gert er ráð fyrir myndun 4 km² lóns með stíflu við Viðey og 3,2 km² lón við Akbraut. Núpalónið myndi ná upp í neðsta hluta Þverár og þekja 7,2 km af núverandi farvegi Þjórsár og neðsta hluta Þverár. Undir lón færur samtals um 251 ha af farvegi Þjórsár, þar af 66 ha í Akbrautarlóni. Við þessa framkvæmd færí meginhluti Árneskvíslar undir lón. Rúmir 14 km af farvegi Þjórsár yrðu með skert rennsli, þar af er kaflinn frá Búða niður fyrir Kálfá að Árneskvísl (8,6 km, 246 ha) náttúrulega fiskgengur sem og 2,6 km (19 ha) farvegar í Árneskvísl neðan stíflu við Akbraut.

Virkjun og stífla við Akbraut yrði hindrun fyrir göngufisk á upp/niðurgöngu. Virkjunin ylli auk þess afföllum á fiski á leið til sjávar. Á áhrifasvæðum neðan Búða eru ein helstu uppeldissvæði laxaseiða í Þjórsá og svæðið niður af Kálfá virðist að auki mikilvægt hrygningarsvæði fyrir lax. Ekkert rennsli um Búða gæti valdið því að lax og

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

göngusilungur kæmist ekki þar upp og ekki í Kálfá sem hefði mjög slæmar afleiðingar á viðkomu laxa og sjóbirtingsstofna þar og í versta falli útdauða þeirra. Framleiðsla fisks gæti í versta falli lagst af á um 46 % búsvæða neðan fossa, þ.e í Þjórsá og þveránum Kálfá/Tungá og á öllum svæðinu ofna fossa. Mest yrðu áhrifin á lax. Að meðtöldum svæðum ofan Hestafoss og Búða gæti virkjun við Akbraut án mótvægisaðgerða valdið því að framleiðsla göngufisks legðist af á 72 % metinna búsvæða í Þjórsá og þverám hennar.

Stífla við Viðey og virkjun þar myndi valda því að aðgengi göngufisks að búsvæðum og skerðing vegna lóns og farvegar neðan stíflu (skert rennsli) stæðu samkvæmt botnmati undir um 68 % af uppeldisgetu laxfiska á svæðinu ofan Búða og Hestafoss eða um 32 % af heildaruppeldisgetu allra metinna svæða ofan og neðan fossa. Ofan lóns eru um 53 % af uppeldisgetu svæða ofan fossa. Urriði og bleikja myndu þó geta nýtt sér virkjanalónið til uppeldis. Í fyrirhuguðu lónstæði er smádýralíf fjölbreytt og þar eru mikilvæg fæðusvæði laxfiska. Gerð lóns hefði væntanlega þau áhrif að botndýrum fækki og tegundasamsetning þeirra breytist og rýrir því svæðið til uppeldis.

Lónstæði í Árneskvísl myndi breyta botndýra- og fisksamfélögum á sambærilegan máta og lónstæði við Núpa. Í Árneskvísl eru allgóð uppeldisskilyrði fyrir lax og urriða. Lón við Akbraut gæti hugsanlega nýst urriða því urriði sem hrygnir í Minnivallalæk virðist nýta sér Þjórsá til uppeldis. Í lóninu yrðu hins vegar ekki ákjósanleg búsvæði fyrir lax.

Bein áhrif á veiðintjar yrðu þau helst að ef lax og göngusilungur kemst ekki upp Árnesflúðir verður ekki um nytjar þeirra í Kálfá að ræða eða ofar á vatnsvæðinu.

EKKI verður séð að Núpavirkjanir IIb hafi teljandi áhrif á staðbundna stofna urriða og bleikju að öðru leyti en því sem fram kemur um skerðingu og breytingar á búsvæðum.

Núpavirkjun Ia. Í þessum virkjanakosti, er gert ráð fyrir einni virkjun. Með virkjun við Núp tækju göng vatn úr Þjórsá við Viðey og skilaði því aftur í farveginn neðan við Kálfá. Við þetta yrðu um 23,3 km í farvegi Þjórsár með verulega skert rennsli. Virkjun vatnsorkunnar í einu þrepi við Núp myndi leiða til skerts og ójafns rennslis um farveg Þjórsár frá Núp og niður fyrir Kálfá, sem og um Árneskvísl. Göngufiskur ætti ekki að eiga í erfiðleikum að ganga upp ána að útfalli virkjunar en huga þarf sérstaklega að gönguleið þaðan að ósi Kálfár. Öll svæði ofan fossa verða fyrir áhrifum vegna skerts rennslis neðan virkjunar, gönguhindrana og lóns.

Um 7 % skerðing verður á heildaruppeldisgetu laxfiska á náttúrulega fiskgegnum svæðum. Að viðbættum köflum ofan Búða og Hestafoss, gæti virkjun við Núp í einu þrepi valdið því að framleiðsla göngufisks legðist af á 51 % metinna búsvæða.

Botndýrafána Þjórsár á köflum árinna með skertu rennsli einkennist af rykmýslarfum, mikilvægri fæðutegund laxfiska, og er þéttleiki þeirra mjög mikill á efri hluta svæðisins.

Af framansögðu má ráða að Núpavirkjanir munu hafa neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár. Með mótvægisaðgerðum má minnka áhrifin verulega og er líklegt að möguleikar til þess séu betri ef virkjað er í tveimur þrepum en einu.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

1.3 Mótvægisaðgerðir.

Með mótvægisaðgerðum er hægt að minnka áhrif umræddra virkjana.

Helstu aðgerðir sem koma til álita eru:

- Stýring á rennsli í farvegum með skertu rennsli þar sem ákveðnu lágrennsli er heldið. Reynt yrði að forðast mjög snöggar rennslisbreytingar. Þetta nýtist bæði til að halda búsvæðum botndýra og fisks í framleiðslu og til að greiða fiski för um farvegina.
- Lagfæringar á farvegum, t.d. með byggingu þröskulda til að halda vatni á svæðum með skertu rennsli og gerð búsvæða á ákveðnum köflum árinnar og í sérstökum hliðarlænum.
- Bygging fiskstiga fyrir fisk á uppgöngu framhjá stíflumannvirkjum.
- Veiting seiða og stærri fisks á niðurleið framhjá virkjunum og stíflumannvirkjum.
- Seiðasleppingar.
- Opnun nýrra svæða fyrir göngufisk
- Hönnun virkjunarmannvirkja á þann veg að ekki verði ofauðgun lofts.

Þörf er á rannsóknum til að kanna og fylgjast með hvernig til tekst með mótvægisaðgerðir. Einnig þarf að kanna betur göngur fisk upp/niður Þjórsá ekki síst m.t.t. útfærslu og tímasetningar veituaðgerða framhjá virkjunum.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

2. Inngangur.

Í þessari skýrslu er fjallað um rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar neðan Búrfells. Rannsóknin var unnin fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá. Leitast var við að leggja mat á áhrif virkjananna á vatnalífríki Þjórsár og settar fram tillögur um hugsamlegar mótvægisáðgerðir. Í lífríkisrannsóknunum var megináhersla lögð á rannsóknir á laxfiskum og fæðudýrum þeirra. Kannað var uppeldi og uppeldisskilyrði fyrir laxfiska og tegundasamsetning, þéttleiki og útbreiðsla botndýra könnuð. Metin voru gæði og stærð búsvæða laxfiska og útbreiðsla þeirra. Tekin voru saman eldri gögn um seiðarannsóknir og veiði laxfiska, göngur, aldur og lífsferil. Vettvangsvinna var unnin sumarið 2001 og í janúar 2002.

Fyrirhugaðar eru 3 virkjanir í Þjórsá. Í efri hluta árinnar eru fyrirhugaðir tveir virkjunarmöguleikar annars vegar virkjun í tveimur þrepum við Núp og Akbraut (Núpavirkjun IIb) og hins vegar virkjun í einu þrepri með stöðvarhús við Skarðsfjall. Í neðri hlut árinnar er fyrirhugðuð virkjun við Urriðafoss. Mynduð verða inntakslón með stíflum í farvegi árinnar og vatn leitt um virkjanir. Við það skerðist rennsli í farvegum neðan stíflna.

Á áhrifasvæði umræddra virkjana í Þjórsá lifa allar þær fisktegundir sem finnast í ferskvatni á Íslandi, þ.e. lax, urriði, bleikja, hornsíli og áll. Sjögengnir laxfiskar (göngufiskar) ganga frá náttúrunnar hendi upp Þjórsá að Hestafossi og Búðafossi og að auki í þverár hennar þar fyrir neðan. Kálfá er þeirra helst. Fiskstigi var byggður í Búða árið 1991 og nú kemst göngufiskur upp Þjórsá að Búrfelli og í þverárnar á svæðinu milli Búrfells og Búða. Landsvirkjun kostaði gerð stigans. Fyrir gerð hans er talið að náttúrulegt uppeldi göngufisks hafi verið bundið við svæðið neðan Búða og Hestafoss. Talsverðum fjölda laxaseiða hefur verið sleppt ofan stigans í þeim tilgangi að auka þangað laxgengd og hefur Landsvirkjun staðið að þeim aðgerðum.

Lax og urriði eru helstu nytjafiskar á vatnasvæðinu. Þeir eru einkum nytjaðir með netaveiði í Þjórsá sjálfri. Stangveiði á laxi og silungi er stunduð í Kálfá og í Minnivallalæk er veiddur urriði á stöng og bleikja, urriði og einstaka lax veiðist í Fossá.

Veiðimálastofnun hefur framkvæmt rannsóknir á laxfiskastofnum Þjórsár og þverám hennar allt frá árinu 1973 en fyrir þann tíma voru engar fiskrannsóknir gerðar. Fyrsta árið voru seiðastofnar í Kálfá athugaðir (Árni Ísaksson 1973). Árið 1978 var gerð aldursrannsókn á göngulaxi til að meta árangur sleppinga laxaseiða á ófiskgengum svæðum (Árni Ísaksson 1978). Á árinu 1979 mat Teitur Arnlaugsson (1979) skilyrði fyrir lax ofan Búðafoss/Hestafoss. Árið 1988 voru lífsskilyrði fyrir lax könnuð með sérstakri áherslu á ólaxgeng svæði sem opnast myndu við gerð fiskvegar upp Búðafoss. Rannsóknin fölst m. a. í sér athugun á seiðaástandi með rafveiðum í Þjórsá og þverám hennar (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1989). Árið 1993 hófst rannsókn sem miðaði að því að fylgjast með landnámi laxa á svæðinu ofan Búða og stendur sí rannsókn enn. Hluti verkefnisins eru árlegar rafveiðar á vatnasvæði Þjórsár en einnig hefur verið fylgst með fiskgengd upp stigann í Búða með rafeindafiskteljara. Jafnframt hefur verið fylgst með árangri seiðasleppinga (Magnús Jóhannsson 1994a, 1994b, 1994c, 1995, 1996, 1997, 1998 og 1999, Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2000 Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1994).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Kálfárrannsóknir árið 1973 sýndu að talsverð framleiðsla laxa- og urriðaseiða væri í ánni. Hlutfall urriða í efri hluta árinnar var 75%, en 20-30% í neðri hlutanum. Rannsóknirnar 1988 leiddu í ljós að urriði var ríkjandi víðast hvar ofan fossa í Þjórsá og þverám hennar. Mest fannst af honum í Minnivallalæk. Bleikjuseiði fundust einkum í Fossá og efst í Minnivallalæk. Talsverðum fjölda laxaseiða hafði verið sleppt á ófiskgeng svæði árin á undan og varð þeirra vart í nokkrum mæli. Hvergi fundust náttúruleg laxaseiði á svæðum sem talin voru ófiskgeng. Seiðarannsóknir á nokkrum stöðum á laxgenga hlutanum gáfu hins vegar lax og urriða og vart var við bleikju. Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt að lax gengur um laxastigann og hrygnir nú ofan Búða og þar eru seiði úr hrygningu í uppvexti.

Áður hefur ekki verið gerð heildarúttekt á fiskstofnum og lífskilyrðum laxfiska á vatnsvæðinu neðan Búrfells. Engar rannsóknir hafa áður verið gerðar á botndýrafánu svæðisins.

Botndýr eru uppistaðan í fæðu laxfiska í íslenskum straumvötnum. Samfélagsgerð botndýra mótað af gerð straumvatns, þ.e. lífrænni framleiðslu svæðisins og framburði lífraenna efna. Botngærð, straumhraði og viðstöðutími vatns hefur einnig mótað áhrif á smádýralífið. Samanburður á þéttleika botndýra í lindám og dragám á Íslandi bendir til að þéttleiki botndýra sé umtalsvert hærri í lindám en í dragám. Þéttleiki botndýra í Laxá í Þingeyjasýlu hefur til dæmis mælst 10-50 sinnum hærri en í Svartá í Húnavatnssýlu (Gísli Már Gíslason, ofl. 1998; Gísli Már Gíslason, ofl. 1999). Samanburður á þéttleika botndýra í jökulá og tærri dragá bendir einnig til þess að þéttleiki botndýra sé minni í jökulám, til dæmis reyndist þéttleiki botndýra í Vestari-Jökulsá einungis þriðjungur af þéttleika botndýra í Svartá (Gísli Már Gíslason, ofl. 1998; Gísli Már Gíslason, ofl. 1999). Þéttleiki smádýra á vatnsviði Jökulsár á Dal var metinn sumarið 2000 og reyndist 10 til 60 þúsund dýr/m² (Hilmar J. Malmquist ofl. 2001) og er sambærilegur við þéttleika botndýra í Vestari-Jökulsá.

Rykjmýslirfur eru algengasti hópur botndýra í ám á heimskautasvæðum og einnig í ám á Íslandi (Gísli Már Gíslason, 1998). Rykmý er algengast í dragám og eykst þéttleiki þeirra með aukinni fjarlægð frá upptökum áんな (Hilmar J. Malmquist ofl. 2001; Guðrún Lárusdóttir ofl. 2000; Gísli Már Gíslason ofl. 1999). Aukning í þéttleika rykmýs er neðar dregur tengist auknu fæðuframboði fyrir botndýr en frumframleiðsla áんな er undirstaða botndýralífs í íslenskum straumvötnum (Gísli Már Gíslason, 1998). Í lindám og neðan stöðuvatna er framburður lífrænna efna meiri og bitmýslirfur áberandi í stað rykmýslirfa en hlutdeild bitmýs minnkar eftir því sem neðar dregur (Gísli Már Gíslason ofl. 1999; Guðrún Lárusdóttir ofl. 2000). Rykmýslirfur, einkum kulmý (Diamesinae) eru áberandi í íslenskum jökulám en hlutdeild þeirra af heildarfjölda rykmýs minnkar á neðri hlutum áんな (Jón S. Ólafsson ofl. 2000). Samanburður á rykmýsfánu jökulár (Vestari-Jökulsá) og nærliggjandi dragáa á hálandinu leiddi í ljós að þéttleiki botndýra, að undanskyldu kulmýi, var stærðargráðu minni (10x minni) í jökulánni en í nærliggjandi dragá (Jón S. Ólafsson ofl. 2000). Bent hefur verið á að magn grugg í jökulám gæti skýrt einstaklingsfæð botndýra í jökulám (Gísli Már Gíslason ofl. 2000; Jón S. Ólafsson 2000) en hugsanlega hefur sveiflótt rennslismynstur jökuláa einnig neikvæð áhrif á lífslíkur botndýra og stærð svæða sem þau geta þrifist á.

Grotætur (t.d. ánar (Annelida) og þráðormar (Nematoda)), krabbadýr (Cladocera) og vatnamaurur (Hydracarina) (rándýr) eru áberandi á straumminni svæðum þar sem safnast fyrir grot eða þéttleiki annarra lífvera er mikill.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Virkjanaframkvæmdir hófust á vatnsvæði Þjórsár á 7. áratug síðustu aldar. Fimm virkjanir á efri hluta vatnsviðs árinnar og miðlunarhlón tengd þeim miðla rennslinu og hafa dregið úr náttúrulegum rennslissveiflum og framburði jökulaurs sem sest til í lónunum. Vegna miðlunar ofar í vatnakerfi Þjórsár eru rennslishættir hennar ekki dæmigerðir fyrir jökulár á Íslandi. Engar rannsóknir voru gerðar á lífríki Þjórsár fyrir virkjanaframkvæmdir og þess vegna erfitt að segja til um hvaða áhrif þær hafa haft á lífríki árinnar. Jafnara rennsli, aukinn viðstöðutími vatns og minna grugg og minna botnskrið grófari efna hefur væntanlega aukið frumframleiðningu svæðisins en þörungaframleiðsla eykst þegar grugg minnkar (Hákon Aðalsteinsson 1976).

Við mat á áhrifum fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda var lögð áhersla á að lýsa samfélögum botndýra og fiska og tengslum þeirra við umhverfisþætti. Í umfjöllun um áhrif virkjanaframkvæmda á vatnalíf er fjallað um áhrif sem mannvirkin sjálf hafa, s.s. myndun lóna vatnaveitinga og rennslisbreytingar. Ekki er fjallað um áhrif á framkvæmdatíma, s.s. við byggingu stíflna, efnistöku, vegagerð eða aðra þætti sem óhjákvæmilega fylgir framkvæmdum og rekstri virkjana.

Upplýsingar um framkvæmdir og hönnun mannvirkja voru einkum fengnar úr skýrslum Landsvirkjunar um matsáætlunar (Landsvirkjun 2001a og 2001b). Þegar áhrif virkjana eru rædd skiptir miklu hvernig þær koma til með að vera reknar og hvernig til tekst með mótvægisáðgerðir. Nokkuð er enn óljóst varðandi þessa þætti og ber því að líta á matið með tilliti til þess og þeirra forsenda sem getið er.

3. Lífsskilyrði og lífssaga laxfiska.

Íslenskar ár eru mjög mismunandi að gerð. Þær má flokka eftir uppruna vatnsins (Sigurjón Rist 1956). Margar ár eiga upptök sín í jöklum eru jökullitaðar og nefnast jökulár. Aðrar ár eru samansafn lækja sem taka vatn af yfirborði, og nefnast dragár. Þær eru óstöðugar í rennsli og eru rennslisbreytingar háðar úrkomu og árstíðum. Lindár fá vatn sitt úr lindum og rennsli þeirra sveiflast tiltölulega lítið. Flestar ár landsins hafa blandaðan uppruna. Vatnafar og frjósemi áんな (efnamagn) eru tengd berggrunni og gróðurfari á því landi sem árnar renna um. Stöðuvötn á vatnsvæðum auka viðstöðutíma vatnsins og lífræna framleiðslu. Nota má rafleiðnimælingar á vatni til að meta efnainnihald þess en nær línulegt samband er á milli rafleiðni og magns uppleystra salta (efnamagns) í vatni (Sigurður Guðjónsson 1990). Efnainnihald vatns ræðst af magni salta í úrkomu og af útskolu efna úr bergi og jarðvegi. Rafleiðni úrkomu er gjarna á bilinu 10-25 µS/cm en rafleiðni í íslenskum ám getur verið frá 20 – 200 µS/cm en er sjaldnast hærra.

Á Íslandi lifa 3 tegundir laxfiska í fersku vatni, bleikja (*Salvelinus alpinus* L.), urriði (*Salmo trutta* L.) og lax (*Salmo salar* L.). Allar tegundirnar lifa í ám og hafa sjögenga stofna. Hrygning er að hausti og eru hrögnin grafin í möl á árbotninum í hæfilegum straum þar sem þau eru yfir veturninn. Lax og urriði hrygna eingöngu í straumvatni, oftast í allnokkrum straumi (0,2-0,8 m sek⁻¹) sem eykst með fiskstærð (Crisp 1996, Soulsby ofl. 2001), en bleikja getur hrygnt þar sem ekki gætir straums. Seiðin klekjast síðla vetrar og koma upp úr mölinni að vori og fara þá fljótt að taka til sín fæðu. Þau alast upp í ánum í 2 til 5 ár, eða þar til ákveðinni stærð er náð, áður en þau ganga til sjávar og taka þar út mestan hluta vaxtar. Bleikja og urriði geta alið allan sinn aldur í fersku vatni og eru þá sögð staðbundin. Fyrir kemur að laxahængar verða kynþroska á seiðastigi en allar laxahrygnur ganga til sjávar og verða kynþroska í sjó. Fiskistofnar

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

sem ganga milli ferskvatns og sjávar nota árnar sem gönguleið. Sjöganga seiða er að vori og fram á sumar en ganga úr sjó er að sumri og fram á haust. Lax úr íslenskum ám dvelur samfleytt eitt til tvö ár í sjó áður en hann verður kynþroska og gengur aftur í sína heima til hrygningar. Mikill hluti laxa deyr eftir hrygningu. Þeir sem lifa af ganga aftur til sjávar (hoplaxar). Afföll laxa eftir hrygningu eru það mikil að flestir hrygna aðeins einu sinni. Sjögenginn urriði (sjóþirlingur) og sjóbleikja ganga í ferskvatn strax á fyrsta hausti eftir sjávargöngu, jafnvel þótt þau séu enn ókynþroska. Ólíkt laxinum er algengt að urriði hrygni oftar en einu sinni. Hver sjóþirlingur getur þannig farið allmargar ferðir milli ferskvatns og sjávar eða svo lengi sem hann lifir.

Seiði laxfiska sem alast upp í straumvatni helga sér óðul á árbotninum og nærist á skordýralifum og öðrum smádýrum, sem rekur með árvatninu, einnig nýtist óðalið sem skjól fyrir afræningum. Við lítinn straumhraða er óðalahelgun ekki jafn sterk og seiði fara af botni upp í vatnsbolinn (Lindroth 1955, Wankowski og Torpe 1979). Þótt tegundir laxfiska séu líkar gera þær mismunandi kröfur til búsvæða (Bremset og Heggenes 2001). Bleikja er harðger hánorraen tegund sem getur lifað á köldum efnasnauðum og hrjóstrugum svæðum. Hún er betur aðlöguð því að hrygna og alast upp á fingerðum botni og í lygnara vatni en urriði og lax. Lax er best aðlagaður íslenskra laxfiskategunda að lífi í straumvatni. Lax er yfirleitt ríkjandi á frjósönum svæðum í ám með grófum botni. Góð uppledissvæði fyrir laxaseiði eru á 5 til 90 cm dýpi við straumhraða sem er 10 til 80 cm sek⁻¹ með möl eða grófara botnefni (Heggenes ofl. 1999). Smæstu seiðin eru gjarna á grunnu vatni næst landi en stærri seiði eru á dýpra vatni oft fjær landi og í meiri straum (Kennedy & Strange 1982). Urriði stendur milli bleikju og lax í búsvæðavalí hvað varðar hita, straumlag, botngerð og frjósemi vatnsins. Hann á þó til að vera á fingerðum botni þar sem skjóls nýtur af jarðvegi og/eða gróðri. Tegundirnar eru oft í samkeppni hver við aðra og hver tegund velur sér búsvæði þar hún hefur vinninginn. Til dæmis fara laxaseiði halloka í samkeppni við urriða þegar straumhraði fer niður fyrir ákveðið mark (Bremset og Heggenes 2001).

Búsvæði er það svæði sem ákveðin tegund lifir við og uppfyllir þarfir hennar til skjóls, fæðu og æxlunar. Botngerð hefur mikil áhrif á gæði búsvæða og lífsskilyrði ferskvatnsfiska. Steinar veita skjól og fylgsni fyrir afræningum jafnframt því sem gróf og fjölbreytt botngerð skapar aukið flatarmálbotns og búsvæði fyrir smádýralíf. Því margbreytilegri sem botninn er þeim mun meira rými og skjól er fyrir mismunandi tegundir og aldursskeið fiska.

Lífsskilyrði fyrir fiska í ám eru breytileg innan og milli vatnsfalla og ráðast m. a. af frjósemi og hitastigi árvatnsins. Fæðuframboð og fiskframleiðsla eykst með aukinni frjósemi og vatnshita á Anna. Umhverfisþættir sem hafa hvað mest áhrif á lífsskilyrði laxfiska í straumvatni eru botngerð, vatnsdýpi, straumlag, fæðuframboð og rýni (sjónsdýpi). Sé aðgangur greiður frá sjó og aðrir þættir ekki takmarkandi er lax ríkjandi í frjósomstu ánum, urriði er gjarna í ám með rafleiðni 40 til 70 µS/cm og bleikja í ám með leiðni 20 til 50 µS/cm. Rýni í jökulvatni ræðst af magni svifaurs í vatninu. Rýni straumvatns hefur bæði óbein og bein áhrif á afkomu laxfiska. Rýni hefur bein áhrif með því að fiskar geta átt erfitt með að greina fæðu í grugguðu vatni. Hins vegar hefur rýni óbein áhrif á fæðuframboð laxfiska í gegnum frumframleiðni svæðisins, en þörungar og annar vatnagróður nýta orku sólarljóss til vaxtar og viðhalds. Skerðing á ljósi hefur væntanlega bein áhrif á frumframleiðni (Hákon Aðalsteinsson 1981) og þar með vöxt og viðkomu botndýra sem aftur eru undirstaða fæðu fiska í straumvatni. Botnskrið (sandur og grófara efni) samfara aurburði í jökulám valda stöðugum núningi

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

á steinum og takmarkar vöxt þörunga (Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason 1998) og hefur hugsanlega áhrif á vöxt botndýra.

Með því að kortleggja búsvæði og gæði þeirra innan vatnakerfis fást upplýsingar um gæði einstakra svæða til uppeldis laxfiska. Með búsvæðamati ásamt seiðarannsóknum er lagður grunnur að mati á því hvernig seiðaframleiðsla skiptist á einstakar ár og árkafla.

Mat á uppeldissvæðum (búsvæðum) í íslenskum vatnakerfum er margþætt og flókið ferli. Það krefst skoðunar á ýmsum umhverfisþáttum, s.s. botngerð, dýpi, straumlagi, rýni, hitastigi og frjósemi árvatnsins og þekkingar á búsvæðavalí fisktegunda. Af ofangreindum þáttum lýsir botngerð gæðum búsvæða hvað best og er sá þáttur í umhverfi fiskanna sem tekur hvað hægustum breytingum (Þórólfur Antonsson ofl., 2001, í birtingu) og voru búsvæði laxfiska í Þjórsá því metin útfrá botngerð sýnatökustöðva.

4. Áhrif virkjana á vatnalífríki.

Virkjun straumvatna breytir oftast rennslisháttum og vist áa á áhrifasvæðum. Við virkjanir í ám eru gjarna mynduð inntakslón með því að farvegur árinnar er stíflaður (árfarvegur verður að lóni). Vatn er leitt úr lóni í virkjun og frárennslu virkjunar leitt um lengri eða skemmrri leið neðar til árinnar sem skerðir vatnsrennslu í farvegi milli inntaks og frárennslis. Auk lítils vatns geta rennslissveiflur verið tíðar vegna reksturs virkjanna. Breyttir rennslishættir geta haft margvísleg áhrif á lífríki á Anna.

Stofnstærð lífvera í rennandi vatni ræðst af nýliðun og dánartölu. Þættir sem hafa áhrif á stofnstærð eru ýmist lífrænir þéttleikaháðir þættir (s.s. samkeppni) eða ólífrænir þættir sem ekki eru háðir þéttleika. Talið er að þeir síðar nefndu séu ráðandi hjá lífverum í rennandi vatni (NOU, 1999). Stærð framleiðslusvæðis skiptir einnig miklu máli og þar hefur magn rennslis í viðkomandi á mikil áhrif.

Í ám þar sem seiði helga sér óðul er fjöldi góðra óðala venjulega takmarkandi þáttur fyrir stofnstærð. Þéttleiki seiða eykst ef óðulum fjölgar, annað hvort með tilurð nýrra búsvæða eða þau sem fyrir eru batna og geta framfleytt fleiri seiðum. Röskun búsvæða getur leitt til færri eða rýrarí óðala. Talið er að ef um helmingi góðra óðala er raskað geti það haft mikil áhrif á stofnstærð (NOU 1999). Virkjun fallvatna hefur bein áhrif á þessa þætti. Lækkun vatnsborðs í kjölfar skerts rennslis hefur neikvæð áhrif á búsvæði laxfiska þegar ákveðnu dýpi er náð. Hvenær neikvæð áhrif vatnshæðar koma fram fer m. a. eftir lögun áfarvegarins og botngerð. Skerðing á búsvæðum í vatnsmíklum ám verður sjaldan veruleg fyrr en við tiltölulega mikla vatnsborðslækkun. Þetta stafar af því að jafnvel þótt farvegur undir vatni minnki skapast ný svæði sem ekki voru áður nýtanleg seiðum vegna dýpis. Áhrifin eru þó breytileg eftir fiskstærð og tegundum.

Erlendar athuganir hafa sýnt að rennslissveiflur af völdum virkjana hafa skaðleg áhrif á lífríkið. Snöggar ónáttúrulegar rennslissveiflur eru verstar (Saltveit ofl. 2001). Mikil rennslisaukning, t.d. vegna yfirfallsvatns framhjá virkjunum, þar sem vatnsmagn margfaldast á tiltölulega skömmum tíma, raskar og breytir lífvist fiska og botndýra og getur valdið fækkun þeirra (Margalef 1960, Saltveit ofl. 1995). Botndýr geta skolast af búsvæðum og aðrar tegundir leita undan straumnum að nýjum hentugum búsvæðum og eftir stendur fæðusnauð vist. Rykmý er einn algengasti hópur botndýra í íslenskum ám

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

en umhverfisrask getur haft neikvæð áhrif á þéttleika rykmýs (Tokeshi 1995b) og þar með fæðuframboð fyrir laxfiska. Snarminnkað rennsli hefur gagnstæð áhrif á við aukið rennsli en þá ná seiði ekki að koma sér undan vatnsborðsbreytingunum og lenda á þurru (Ward og Stanford 1979, Hvidsten 1985, Saltveit ofl. 2001), góð framleiðslusvæði botndýra (fæðudýra) og uppeldissvæði fara á þurrt, þau drepast og framleiðsla fæðudýra minnkar sem kemur niður á seiðabúskapnum. Við skert rennsli geta hrygningarástaðir farið á þurrt og valdið dauða hrogna og/eða kviðpokaseiða. Smæstu seiðin eru viðkvæmust fyrir rennslissveiflum. Í ánni Suldalslágen í Noregi kom fram minni þéttleiki hjá laxaseiðum (einkum 0+ seiðum) sem rekja mátti til lágrennslis af völdum virkjunar í ánni. Í kjölfar þess að rennslisháttum var breytt á þann veg að rennslið var aldrei minnkað um meira en 3 % á klst. jókst þéttleiki laxaseiða (Saltveit 1993). Stöðugt rennsli veldur meiri uppsöfnun lífrænna agna sem leiðir af sér meiri framleiðslu botndýra og betri afkomu seiða.

Gönguhindranir takmarka þau svæði sem fiskar komast að til hrygningar. Við náttúrulegar aðstæður eru hindranirnar í flestum tilfellum ófiskgengir fossar. Við virkjanir raskast göngur fiska upp og niður farveg viðkomandi ár. Fiski er ekki fært upp stíflu án aðgerða og því eru oft gerðir fiskvegir framhá stíflum og vatnsrennsli tryggt sem auðveldar fiskgengd.

Jafnframt getur lón í farvegi tafið fisk á leið niður og fiskar sem lendir í virkjunum eða fer á yfirfalli um stíflur vera fyrir afföllum. Til að komast fyrir þennan vanda hefur verið gripið til þess ráðs að leiða fisk á niðurleið framhá stíflumannvirkjum og inntaki virkjana.

Afföll á laxfiskum tengd virkjunum geta einnig orðið vegna yfirmettunar lofts í vatni neðan stíflugarða. Vatn á yfirfalli virkjana yfirmettast af lofti á leið niður stíflugarðinn Hönnun stíflugarða ræður miklu um magn yfirmettunar (NFSC, 1999). Þetta gerist einnig þegar loft blandast vatni undir þrýstingi í hverflum virkjana. Vatn sem rennur frá hverflum verður yfirmettað af lofti. Fiskar sem lenda í slíku vatni geta fengið svokallaða kafaraveiki, hlutþrýstingur lofts í blóði verður eins og í umhverfinu. Ef fiskur fer úr þessu umhverfi þangað sem hlutþrýstingur lofts í vatni er í jafnvægi verður þrýstingur í blóði hár og loftið skilst úr blóðinu og getur valdið skaða á líffærum. Fiskur sem lendir í slíku getur drerist. Koma má í veg fyrir þetta með því að hindra það að loft sogist í inntaksvatnið.

Afföll á fiski á niðurleið geta verið mjög mismikil. Það ræðst m.a. af fallhæð og gerð mannvirkja. Ljóst er að þau geta verið umtalsverð (Mortén 1982, Ebel 1985). Oft eru það samanlögd áhrif margra virkjana sem valda mestum skaða (NFSC, 1999).

Við gerð lóna í farvegi áa breytist lífvist verulega. Straumur verður nær enginn, og dýpi eykst. Búsvæði fyrir seiði laxfiska raskast og hrygningarástaðir leggjast af í farveginum. Neikvæð áhrif eru mest fyrir lax en urriði og bleikja geta trúlega nýtt sér lónin til uppeldis (sbr. Guðni Guðbergsson og Ragnhildur Magnúsdóttir 2000) sem gæti leitt til fjölgun staðbundins urriða og bleikju.)

Breyting vistar úr straumvatni í lón hefur einnig áhrif á botndýrafánu svæðanna. Lífverum sem sérhæfa sig í að sía fæðuna úr vatninu, t.d. bitmýs- og rykmýslirfur, fækkar eða þær hverfa. Botndýr sem einkenna straumvatn eru einnig mikilvægar fæðutegundir laxfiska, því er hætt við að fæðuframboð laxfiska sé minna í lónstæði að loknum framkvæmdum. Umfang breytinganna er þó tengt framleiðslu lífræns efnis við

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

botn, en oft eru lónin djúp og framleiðslan lítil. Könnun á frumframleiðni plöntusvifs í Þórisvatni leiddi meðal annars í ljós að þörungaframleiðsla var bundin við efstu 3-4 metrana í stærstum hluta vatnsins en mesta dýpi framleiðslu var 7-10 metrar (Hákon Aðalsteinsson 1976). Í Lagarfljóti, sem er álíka jökullitað og Þjórsá, er frumframleiðni að mestu bundin við efsta hálfa metrinn (Hilmar J. Malmquist ofl. 2001).

Viðstöðutími vatns eykst í miðlunar- og veitulónum og getur þetta leitt til breytinga sem hafa áhrif á lífríkið. Hitasveiflur verða gjarna minni en ella, vatn er lengur að hlýna að vori og lengur að kólna að hausti. Rennslishættir breytast við gerð virkjanalóna. Rennslið jafnast og flóðtoppar verða gjarna minni og rennslissveiflur milli árstíða minnka vegna miðlunarar. Í Þjórsá hafa virkjanir og miðlunararlón valdið því að vetrarrennslið hefur aukist en sumarrennslið minnkað (Hákon Aðalsteinsson 1986). Botnfall eykst í lónum sem veldur því að minna skolast fram af gruggi og aur (Haukur Tómasson 1990). Þetta getur leitt til betri lífsskilyrða fyrir fisk neðan lóna. Með tilkomu Blöndulóns, sem myndað var vegna virkjunar Blöndu, minnkaði svifaur í ánni mikil og í kjölfarið varð afkoma laxaseiða betri. Minni aurburður olli líklega aukinni frumframleiðni þörunga og gróðurs á botni árinnar. Það hefur trúlega orsakað meiri þéttleika smádýra og þar með aukið fæðuframboð seiða, sem endurspeglast í aukinni seiðaframleiðslu árinnar (Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson 2000).

5. Staðhættir

Þjórsá er ein af stórum landsins. Vatnsvið Þjórsár við ós er 7.530 km^2 og eru um 1.200 km^2 huldir jökli. Þjórsá er um 230 km að lengd. Meðalrennsli árinnar við Urriðafoss er um $368 \text{ m}^3/\text{sek}$ sem gerir hana næst vatnsmestu á landsins á eftir Ölfusá. Hún er að stofni til dragá en er með blönduðum jöklus- og lindáreinkennum (Sigurjón Rist 1969). Frumupptök Þjórsár eru í Bergvatnskvíslum norðanvert við Sprengisand í um 700 m.h.y.s. Hún fær sín dragáreinkenni einkum af þverám sem renna til hennar að vestan þar sem berggrunnur einkennist af þéttum grágrýtislögum.


Jökulvatn fær hún frá Hofsjökli, Tungnafellsjökli og Vatnajökli. Þjórsá og þverár hennar eru orkumesta vatnsfall á Íslandi en hagkvæm virkjanleg fallorka árinnar er um 27 % af allri slíkri vatnsorku í landinu. Nú eru fimm virkjanir á vatnsvæði Þjórsár, Búrfellsvirkjun og Sultartangavirkjun í Þjórsá og Vatnafellsþirkjun, Sigölduvirkjun og Hrauneyja-fossvirkjun í Tungnaá. Sjötta virkjunin er fyrirhuguð við Búðarháls. Búrfellsvirkjun tók til starfa á árinu 1969. Í desember árið 1971 hófst miðlun í Þórisvatni og í ágúst árið eftir var Köldukvísl veitt í Þórisvatn og vatni miðlað þaðan til virkjananna. Með tilkomu Kvíslaveitna á árunum 1980 til 1986 var vatni úr austurkvíslum Þjórsár (bergvatn) veitt til Þórisvatns. Við þetta myndaðist 20 km^2 vatn, Kvíslavatn. Sumarið 1998 var aukið við þessar veitur þegar austustu kvíslum Þjórsár ofan Þjórsávera (jökulvatn) var bætt við veituna. Samtals er veituvatn um Kvíslaveitur til Þórisvatns nú um $39 \text{ m}^3/\text{sek}$. Sumarið 1997 var myndað $47,5 \text{ km}^2$ lón við Hágöngur. Safnað er í lónið að sumri og því miðlað þaðan til Þórisvatns að vetri. Við þessar framkvæmdir hafa orði miklar breytingar á rennslisháttum Þjórsár á þann veg að rennslið yfir vetrarmánuðina hefur aukist en sumarvatn minnkað. Vegna uppistöðulóna verða rennslissveiflur minni og flóðtoppar hafa minnkað. Aurburður hefur orðið minni vegna þess að hann sest til í uppistöðulónum (Haukur Tómasson 1990).

Helstu vötn á afréttum eru Þórisvatn og Veiðivötn en frá þessum vötnum og nágrenni þeirra, sem eru á gljúpum móbergssvæðum, kemur stór hluti lindarvatnsins.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Efst rennur Þjórsá um hallalítið land. Neðar rennur hún í gljúfrum og fellur í mörgum fossum. Hvanngilsfoss er efstur þeirra. Nokkru ofan Tungnaár, sem er helsta þverá Þjórsár og á upptök sín í Vatnajökli, tekur Þjórsá að renna um hallaminna land og allt niður að Búrfelli er farvegur breiður. Þar rennur áin á og við hraun og er svo víða neðar. Mest þessara hrauna er Þjórsárhraun sem á upptök sín við Veiðivötn og nær í sjó fram. Við Búrfell þrengist áin á ný. Þar eru tveir fossar Tröllkonuhlaup og Þjófafoss. Vegna Búrfellsvirkjunar rennur oft litið vatn um þessa fossa.

Neðan Búrfells að Þverá rennur Þjórsá um fremur hallalítið land, lygn og breið (mynd 5.1, tafla 5.1). Frá Þverá að Búða verður halli meiri og er áin víða straumþung og þröng. Þó breiðir hún úr sér við Vaðeyri nokkru ofan Búða. Frá Búða að ónafngreindum og ófiskengendum fossi neðan við Þjófafoss eru um 27 km.



Mynd 5.1 Yfirlitsmynd yfir vatnasvæði Þjórsár neðan Búrfells. Strik þvert á farvegi tákna fossa, rauð strik tákna ófiskgenga fossa.

Við Búða, sem er um 47 km frá ósi, tekur áin að renna í tveim kvíslum. Meginvatn árinnar rennur um vestari kvíslina. Efst í henni er fossinn Búði en Hestafoss neðarlega í beirri eystri. Sú kvísl er gjarna kölluð Árneskvísl. Búði er 7 m hárr en Hestafoss

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

eitthvað lægri. Báðir eru þeir taldir ófiskgengir. Þó er ekki útilokað að einstaka lax geti farið um Hestafoss. Fiskstigi var gerður í Búða árið 1991 og kemst nú sjögenginn fiskur upp Þjórsá allt að Búrfelli og í þverárnar sem renna þar til Þjórsár. Árneskvíslin ofan Hestafoss er rúmir 6 km. Fyrr á öldum er talið að Árnesið, sem í dag er eyja milli fyrnefngra kvísla, hafi verið landföst vestanmegin og hafi þá allt vatn Þjórsár farið um Árneskvísl. Þjórsá hafi síðan smám saman brotið sér leið þar sem nú er fossinn Búði. Við þessar aðstæður er líklegt hafi verið upp þar sem nú er Hestafoss.

Helstu þverár Þjórsár neðan Búrfells að vestan eru, talið ofan frá, Fossá, Sandá og Þverá. Fossá er dragá og lindá, en talsvert lindarstreymi er í Gjánni við rústir bæjarins Stöng í Þjórsárdal. Um 1,3 km ofan við ármót er 13 m hár ófiskgengur foss, Hjálparfoss. Hvammsá, sem fellur til Sandár, og Þverá eru allvatnsmiklar dragár og er Þverá þeirra mest. Ófiskgengir fossar eru í Hvammsá, um 2,8 km frá ármótum, og í Þverá um 1,2 km ofan ármóta. Fiskgengur kafli Sandár og upptakavíslar hennar er um 17,6 km.

Minnivallalækur fellur til Þjórsár austan frá skammt ofan við Búða. Hann er allvatnsmikill um 13 km langur lindarlækur og er hann allur fiskgengur. Skarfaneslækur er lítt lindarlækur (um 1 m³/sek) sem rennur til Þjórsár frá Merkurhrauni ofan Skarðsfjalls í Landsveit. Í læknum má finna urriða og bleikju (Sveinn Sigurjónsson munnl. uppl.). Kolbeinslækur er vatnslíttill lækur sem fellur úr myrlendi til Árneskvíslar við bæinn Læk.

Tafla 5.1 Eðliseiginleikar Þjórsár og helstu þverá hennar. Gerð: D= dragá, J= jökulá, L= Lindá samkvæmt Sigurjóni Rist (1990). Rennslistölur úr Þjórsá eru byggðar á mælingum við Urriðafoss (Gagnabanki Vatnamælinga, 1996). Rennslistölur í Fossá, Sandá, Þverá og Minnivallalæk eru byggðar á mælingum sem gerðar voru í apríl 2000 (Gréta Björk Kristjánsdóttir, 2000). Leiðni og pH voru mæld árið 2001 af höfundum. Fram kemur lengd fiskgengra svæða.


Vatnsfall	Gerð	Lengd km	Fiskgegnir km	Rennsli m ³ /sek	Leiði μS/cm	pH
Þjórsá	D+J+L	230	51,6/34,4*	363	68-85	7,22-8,47
Fossá	D+L	43	1,3*	7,0	80	8,24
Hvammsá	D	7	2,8*		86	7,97
Sandá-Grjótá	D	20	17,6*	2,1	71-76	7,95-8,16
Þverá	D	19	1,2*	1,8	87	8,19
Minnivallalækur	L	13	13*	3,0	133-143	7,52-8,52
Kálfá	D	29	13,5	2,9	90	7,94
Tungá	D	13	6		83	8,12
Kaldárholtslækur	D	8	8**		179	6,94
Steinslækur	D	22	22**			
Rauðilækur	D	23	23**			

* Ofna fiskstiga við Búða. ** Tölur áætlaðar.

Í kvíslunum beggja vegna Ánessins rennur Þjórsá fremur þróngt um nokkurn halla og eru grýtt svæði á köflum einkum með bökkum (mynd 5.2). Í vestari kvíslinni, rétt ofan við kvíslarmótin eru flúðir eða lágur foss sem nefnast Árnesflúðir. Skammt ofan


Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árnesflúða gengur allvatnsmikil kvísl úr ánni sem rennur með Skeiðum en sameinast aðalánni um 6,5 km neðar. Neðan við Árnes breiðir áin úr sér, verður hallaminni og lygnari. Nokkru ofan Þjórsárbrúar taka við flúðir og straumþung gljúfur. Neðst í gljúfrunum er Urriðafoss. Hann er um 6 m hárr og er laxgengur en fossinn og gljúfrin tefja fiskgöngur upp ána. Neðan gljúfurs verður farvegur smám saman hallaminni og áin breiðir mjög úr sér og er svo allt fram í ós.



Mynd 5.2 Langsnið Þjórsár frá ósi að Búrfelli

Kálfá rennur að vestan í Þjórsá um 44 km frá ósi og um 4 km neðan við Búða (mynd 5.1). Kálfá er allvatnsmikil dragá. Hún á upptök sín á Skáldabúðarheiði og er 29 km löng. Hún er laxgeng 13,5 km, eða að fossi í gljúfri ofan Minni-Mástungu. Efst á laxgenga hlutans er talsverður halli í farveginum (mynd 5.3). Neðan gljúfurs verður árbotninn smám saman hallaminni. Neðst rennur Kálfá á og við hraunjaðar Þjóraráhrauns.



Mynd 5.3 Langsnið farvegar Kálfár frá ósi og inn fyrir Kálfatjarnir.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Tungá, sem er um 13 km löng fremur vatnslítil dragá, sameinast Kálfá neðan við bæinn Stóru-Mástungu. Um 6 km eru laxgengir. Hún rennur að miklum hluta í giljum og gljúfrum.

Neðan Árnass sameinast Þjórsá nokkrar minni ár og lækir. Þeirra helstar eru, Kaldárholtslækur, Steinslækur, og Kálfalækur (Rauðilækur) sem allir renna austan að til Þjórsár. Að stórum hluta renna þeir um flatt myrlendi. Lax hefur eitthvað gengið í þá two fyrnefndu á haustin en sjóbirtingur í þann síðastnefnda. Engar ár rennur til Þjórsár að vestan neðan Kálfár úr hraunjaðri Þjórsárhrauns. Við Urriðafoss fellur allvatnsmikill lækur í ófiskgengum fossi ofan í gljúfrið. Heitir hann Kampholtskelda. Nokkrir smálækir falla til árinnar úr myrlendinu í Flóanum. Þeirra helstur er lækur sem fellur til Þjórsár úr Villingaholtsvatni. Í Villingaholtsvatni er aðallega smár urriði en í því eru einnig áll, bleikja og hornsíli (Magnús Jóhannsson 1989). Stærð þess er 0.8 km².

Hrútsvatn er í neðanverðum Ásahreppi og rennur úr því til Rauðalæks. Vatnið er allstórt (2,2 km²) en viða grunnt (>1m). Það var rannsakað af Veiðimálastofnun árið 1988 (Magnús Jóhannsson 1988). Í vatninu er áll, urriði og bleikja. Í Holta- og Landsveit eru tvö allstór stöðuvötn Eystra- (8,5 km²) og Vestra-Gíslholtsvatn (15 km²). Fiskgengt er í þau úr Þjórsá. Í báðum vötnunum eru urriði, bleikja og hornsíli. Þar er stunduð netaveiði. Eystra vatnið var athugað árið 1997 (Yfirlitskönnun íslenskra vatna, óbirt). Þar veiddist aðallega fremur smá bleikja en einnig urriði. Engar spurnir eru um ál í Gíslholtsvötnum (Sverri Kristinsson Gíslholti, munnl. uppl).

Laxgengi hluti Þjórsár að Búða og Hestafossi (án kvíslar með Skeiðum) er alls um 51,6 km. Með laxgengum hlutum Kálfár (13,5 km) og Tungár (6 km) eru um 71,1 km af vatnasvæðinu laxgengir frá náttúrunnar hendi, en hér eru ekki taldir með minni lækir. Við gerð stiga við Búða varð göngufiski opnuð leið á um 71 km af árfervegum til viðbótar.

6. Lax- og silungsveiði.

Litlar skráðar heimildir eru til um veiðar fyrr á öldum á vatnasvæði Þjórsár. Landnáma getur um að Þorbjörn laxakarl hafi búið að Haga. Hagi er við Þjórsá ofan Þverár. Þetta gæti bent til þess að þá hafi verið fiskgengt þangað. Fyrri hluta 19. aldar virðist laxgengd hafi verið lítil á vatnasvæðið. Árni Magnússon og Páll Vídalín (1708-1709) geta hvergi um hlunnindi jarða af laxveiði í Þjórsá eða þverám hennar. Silungsveiði er hins vegar talin til hlunninda á nokkrum bæjum neðan til í Þjórsá og er Urriðafoss þeirra efstur. Þeir geta einnig um silungsveiði í Kálfá og að hún hafi áður verið mun meiri.

Í sýslulýsingu frá 1744-1749 er sagt að í Kálfá sé veitt mikið af laxi og silungi, í kistu, net og með sting. Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson (1752-1757) segja laxveiði allgóða í Kálfá sem landeigendur stundi með ádrætti laxakistum og sting.

Sveinn Pálsson (1791-1797) segir laxveiði lítt stundaða í Þjórsá "enda halda sumir því fram að enginn lax sé í henni eða þá af annarri tegund en hinn venjulegi S.salar" (þ.e. lax). Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1841 er laxveiða getið í Kálfá þegar líður fram undir réttir. Þá er fyrst getið um laxveiði í lagnet á Urriðafossi og sögð stunduð frá Jónsmessu til haustnótta "með góðri heppni".

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Bjarni Sæmundsson (1897) kynnti sér veiðar á vatnasvæði Þjórsár. Hann segir veiði hvergi teljandi nema á Urriðafossi og að þar hafi hún verið stunduð um langan tíma (a.m.k. 70 ár). Byrjað var að veiða snemma í júní og veitt fram í september. Veitt var í lagnet. Bjarni segir enga veiði ofan Urriðafoss, en áður hafi hoplax verið veiddur á haustin í Holtum. Bjarni virðist hafa skoðað Búðafoss og hann telur líklegt að hann sé laxgengur. Hann segir menn þó ekki hafa orðið varir við lax á þessum slóðum enda lítið reynt að veiða. Þó verða menn varir við silung. Bjarni getur ekki um veiði í Kálfá að öðru leiti en því að áður hafi tölverð laxveiði verið í henni.

Þórður Flóventsson (1929) fór um vatnasvæðið og skoðaði m.a. Kálfá. Hann segir hana fallega "bæði fyrir lax og silung og sjóbirting sem getur gengið upp alla Þjórsá, og hafi hér áður verið mikil veiði í henni, en nú að öllu horfin."


Eins og fram hefur komið hefur lax verið veiddur á vatnasvæði Þjórsár a.m.k. frá fyrri hluta 18. aldar. Telja má víst að laxveiðar hafi einnig verið stundaðar fyrir þann tíma. Svo virðist sem sjóbirtingur hafi talsvert verið veiddur og á stundum hafi hann verið uppistaða veiðanna. Veiðar virðast hafa verið litlar í sjálfrí Þjórsá utan á Urriðafossi. Sennilega hefur verið veitt þar í ádrátt þar til í byrjun 19. aldar að lagnetaveiði er tekin upp líkt og varð í Ölfusá.

Tölur um laxveiði eru stopular allt fram á fyrri áratugi síðustu aldar. Svo er að sjá að veiði á Urriðafossi á 19. öld hafi verið meiri en síðar varð. Bjarni Sæmundsson (1897) hefur eftir gömlum manni á Urriðafossi að á sl. 70 árum hafi veiði þar verið mest rúmt 1000 og minnst 100 laxar. Á árunum 1913-45 var laxveiði í Þjórsá talin að meðaltali um 300 laxar á ári en mest 750 (Hinrik Þórðarson 1970). Gögn um veiði í net á Urriðafossi sem til eru frá 1943 benda til að fyrir 1950 hafi verið mun minni laxgengd í ánni en síðar varð. Þannig var laxveiðin á 6. áratug síðustu aldar einungis 27 % af veiðinni á 9. áratugnum. Þegar litið er á skráða silungsveiði (ekki gerður munur á bleikju og urriða en silungaflin er nær eingöngu sjögenginn urriði) snýst þetta hins vegar við. Á 9. áratugnum var silungsveiðin einungis 25 % af veiðinni á 6. áratugnum. Þessar tegundir eru í samkeppni enda skildar og því eðlilegt að annarri geti fjölgat þegar hinni fækkar.


Nú er lax veiddur í lagnet víða í Þjórsá, en á stöng í Kálfá. Leiði í net í Þjórsá á árunum 1951 til 2001, kemur fram á mynd 6.1 og í viðauka 6.1. Veiðin hefur að jafnaði farið vaxandi. Sveiflur eru nokkrar en þó minni en algengt er í öðrum ám. Flest síðari ár hefur veiði verið frá 1000 til 2000 laxar. Meðalveiði áranna 1991-2000 var 1.958 laxar. Meðalþungi laxanna á sama tímabili var 2,9 kg. Mest var veiðin árið 1978 eða 5.582 laxar og er sú aukning sem þá verður talin hafa stafað frá seiðasleppingum í Fossá og Rauðá fjórum árum fyrr (Árni Ísaksson 1978). Á sl. ári (2001) veiddust 1204 laxar í net í Þjórsá.

Á mynd 6.2 er sýnd stangveiði á laxi í Kálfá frá 1975-2001. Eins og sést hefur veiði verið mjög lítil flest árin, oftast innan við 20 laxar. Talsverð aukning var í veiðinni eftir 1985 og mesta veiði í Kálfá var árið 1989 en þá veiddust 104 laxar (viðauki 6.2). Meðalveiði árin 1991 til 2000 var 42 laxar. Meðalþungi á sama tímabili var 3,5 kg. Lax gengur seint í Kálfá. Sum ár gengur mjög lítið af laxi á veiðitímanum og komið hefur fyrir að aðalveiðin hafi verið síðustu daga veiðitímabilsins sem nú er út september.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 6.1 Laxveiði í net í Þjórsá árin 1951 til 2001.




Mynd 6.2 Fjöldi stangveiddra laxa í Kálfá árin 1975-2001. Tölur vantar fyrir 1982, 1983 og 1985.


Silungur er veiddur í Þjórsá og Kálfá. Skráning á afla hefur verið ábótavant en hefur farið batnandi með árunum. Tölur um netaveiði á silungi í Þjórsá eru allt frá árinu 1958. Veiði á árunum kringum 1960 virðist hafa verið meiri en síðar varð og mestur skráður afli var 518 urriðar árið 1959 (mynd 6.3, viðauki 6.1). Á árunum 1991 til 2000 veiddust, samkvæmt skýrslum, að jafnaði 150 urriðar í net í Þjórsá. Meðalþungi sömu ár var 1,7 kg. Í skýrslum er ekki gerður greinarmunur á sjögengnum urriða (sjóþirtingur) eða staðbundnum. Líklegast eru urriðarnir þó mest sjóþirtingar. Bleikjuveiði í net er mjög lítil, eða að jafnaði 6 fiskar sömu ár. Allnokkur stangveiði er stunduð á sjóþirtingi í neðanverðri Þjórsá, en ekki liggja fyrir skýrslur um afla.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Allnokkur silungsveiði er á stöng í Kálfá. Mest var veiðin 99 urriðar árið 1981 og 196 bleikjur árið 1986 (mynd 6.4, viðauki 6.2). Í Kálfá hafa á árunum 1991 til 2000 að jafnaði veiðst 46 urriðar/sjóbirtingar og 18 bleikjur (Guðni Guðbergsson 2001). Samkvæmt skýrslum eru 64 % urriðanna og 59 % bleikjanna 0,5 kg eða minni og meðalþungi urriða og bleikja um 0,6 kg. Stangveiði er stunduð í Fossá og eru til skýrslur um veiði árin 1993 til 1998. Að jafnaði hafa veiðst 112 bleikjur 9 urriðar og 1 lax þessi ár (viðauki 6.3). Flestir veiddir silungar hafa verið undir 1 kg. Í Minnvallalæk er stunduð stangveiði og samkvæmt skýrslum sem hafa verið færðar frá árinu 1994 hafa þar veiðst að jafnaði 4 bleikjur og 170 urriðar á ári. Aðeins hefur veiðst þar einn lax, það var árið 1994. Meðalþungi urriðanna hefur verið um 2 kg.



Mynd 6.3 Veiði á urriða og bleikju í net í Þjórsá árin 1958 til 2001.



Mynd 6.4 Stangveiði á urriða og bleikju í Kálfá árin 1975 til 2001. Tölur vantar fyrir 1982, 1983 og 1985.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

7. Seiðasleppingar.

Talsverðu magni laxaseiða hefur verið sleppt í Þjórsá og þverár hennar. Fyrst var sleppt svo vitað sé árið 1973 en þá var sleppt um 30 þús. summaröldum seiðum og um 1 þús. gönguseiðum í Kálfá. Árið eftir er sleppt um 650 þús. smáseiðum. Megnið af þeim seiðum fór á svæðið ofan Búða einkum í Fossá og Rauðá. Seiðin voru af Kollafjarðarstofni (Árni Ísaksson 1978). Á árunum 1978 til 1988 var sleppt að jafnaði um 45 þús. summaröldum og smærri laxaseiðum. Á síðustu árum hefur talsverðu magni summaralinna laxaseiða og laxagönguseiða verið sleppt á vatnasvæði Þjórsár (tafla 7.1). Flestum seiðum var sleppt árið 1998 en þá fóru 100.700 summaralin seiði á svæðið ofan Búða. Engum summaröldum seiðum var sleppt árið 1997 þar sem enginn klakfiskur náiðist af vatnasvæðinu árið áður. Sumaröldum seiðum hefur verið dreift á áður ófiskgeng svæði sem opnuðust við gerð fiskstigans í Búða. Þau hafa farið í Þjórsá (við vesturbakka og austurbakka), Sandá, Hvammsá, Þverá, Fossá og Minnivallalæk. Sumarið 2001 voru 10.031 seiði örmerkt af þeim summaröldu seiðum sem sleppt var. Af þeim fóru 3.342 seiði í Fossá, 3.342 í Sandá og í Þjórsá við Fauskáslæmi (neðan við Fossá) fóru 3.347 seiði. Seiði þessi voru að jafnaði 8,8 g við merkingu 5. sept. Seiðin

Tafla 7.1 Sleppingar laxaseiða á vatnasvæði Þjórsár árin 1991 til 2001.

Ár	1991	1992	1993			1994		1995			1996		1997	1998	1999	2000	2001
Sleppið	Gönguseiði	Gönguseiði	Sumaralin seiði	Hauptsleiði	Gönguseiði ¹⁾	Sumaralin seiði	Gönguseiði ²⁾	Sumaralin Seiði	Gönguseiði	Sumaralin Seiði	Gönguseiði	Sumaralin Seiði	Sumaralin Seiði	Sumaralin Seiði	Sumaralin Seiði	Sumaralin Seiði	
Fossá/ Rauðá	10000	14500			10000	6000	13000	6700	18000	17500	6000	26000	35000	8000	13000	13342	
Sandá						1000		1200		5000		5000	5000		5000	5000	10342
Þverá	10000	4000	17900	1200			13000	6600	11300	17500	6000		15700	3000	5000		
Minni- vallal.	10000	13400	4000	1200	6600	2000	7000	5000	10200	10000	3000	16000				2000	
Þjórsá vesturb.				17900			6000		6700		20000		20000	34000	24000	28347	
Þjórsá austurb.				14600									25000	25000	28000	26000	
Kálfa				5000	5000	5000			6000						10000	5000	
Samt.	30000	31900	54400	7400	21600	20000	33000	26200	45500	70000	15000	53000	100700	70000	85000	85000	

1) Þar af 3500 eins árs undirmálssleiði. 2) Þar af 2000 eins árs undirmálssleiði.

hafa oftast verið frá klakfiski veiddum á vatnasvæðinu, einkum úr Kálfá. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskeldisstöðinni Fellsmúla var á árunum 1991 til 1997 sleppt að auki seiðum úr eftirtoldum stofnum: Dalsá, Stóra-Laxá, Rangá, Eldi í Grindavík og Hróarslæk. Frá og með árinu 1998 hafa öll sleppiseiði verið af stofnum á vatnasvæðinu.

Auk laxaseiðasleppinga hefur á síðustu árum verið sleppt nokkur þúsund eins árs urriðaseiðum í Minnivallalæk. Þá hefur eitthvað af klakfiski úr Veiðivötnum verið sleppt í lækinn eftir kreistingu.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

8. Aðferðir.

Rannsókn á vettvangi fór fram á tímabilinu 25. júlí til 25. september árið 2001 og 17. janúar 2002.

8.1 Búsvæðamat.

Við mat á búsvæðum var botngerð athuguð í Þjórsá og laxgengum svæðum helstu þverá hennar. Lækir sem renna til árinnar neðan Urriðafoss voru ekki metnir. Sérstök áhersla var lögð á að meta botngerð á svæðum sem lenda undir lóni eða verða fyrir skertu rennsli vegna fyrirhugaðra virkjana.

Við mat á botngerð var stuðst við kerfi sem hefur verið þróað erlendis og aðлагаð að íslenskum aðstæðum af starfsmönnum Veiðimálastofnunar (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1998, Þórólfur Antonsson 2000). Farið var með ánum og botngerð könnuð. Ánum var skipt í kafla (árkafla) með áþekka botngerð. Á hverjum árkafla voru tekin snið þar sem breidd árinnar var mæld, dýpi og botngerð metin, og straumlag skráð. Breidd árfarvegar í Þjórsá var mæld út frá loftmyndum í mælikvarðanum 1:10.000 unnum af verkfræðistofnun Hnit. Lengd árkaflanna var mæld eftir kortum í mælikvarðanum 1:50.000 unnin og gefin út af Kortagerðastofnun bandaríksa varnarmálaráðuneytisins og Landmælingum Íslands. Dýpi í Þjórsá var mælt af vatnamælingamönnum Landsvirkjunar. Þar sem ekki var unnt að mæla dýpi var notast við samband dýpis og árbreiddar útfrá mældum gildum. Þetta samband var hins vegar ekki þekkt í gljúfri við Urriðafoss og á neðsta kafla árinnar. Í gljúfri var miðað við að framleiðsla færi fram á 5 m breiðum botnfleti og á neðst kafla árinnar á 100 m breiðum botnfleti.

Botngerð var metin eftir grófleika í eftirfarandi flokka: leir/sandur (< 1 cm), möl (steinastærð < 7cm), smágrýti (7-20 cm), stórgreyti (> 20 cm) og klöpp. Hlutdeild (%) hvers flokks var metin. Gróðurþekja var metin sem hlutfall (%) af botnfleti. Sökum jökulgruggs í árvatninu reyndist oft erfitt að sjá til botns og var þá vaðið út í ána og grófleiki metinn með því að ganga um ána og taka seina af botni. Þar sem fleiri en eitt snið var tekið á viðkomandi árkafla var reiknað meðaltal hlutdeild hvorrar botngerðar. Framleiðslugildi hvers árkafla var reiknað út frá botngerðaflokkum sem gefið er ákveðið gildi (botngildi) eftir mikilvægi þeirra sem búsvæði fyrir laxfiska (Þórólfur Antonsson 2000). Leir/sandur hafa gildið 0,02, möl 0,2, smágrýti 0,55 og stórgreyti 0,2 og klöpp 0,03. Þetta eru gildi sem eiga við fyrir laxaseiði en lítt munur er á þeim og gildum fyrir seiði urriða og bleikju. Munurinn fellst einkum í því að finstu flokkarnir fá þá aukið vægi.

Summa margfeldis botngilda mynda framleiðslugildi (búsvæðagildi) sem er mat á gæðum viðkomandi árkafla til hrygningar- og uppeldis fyrir laxfiska út frá botngerð. Lægst getur gildið verið 2 en hæsta mögulega gildið er 55. Reiknaðar voru framleiðslueiningar sem er margfeldi flatarmáls árbotnsins sem er í framleiðslu og framleiðslugildis deilt með 1000. Við útreikning á framleiðsluflatarmáli var flötur neðan eins metra dýpis ekki reiknaður með þar sem seiði laxfiska í ám eru almennt ekki á dýpra vatni en einn metra (Heggenes ofl. 1999). Ekki liggja fyrir niðurstöður um hvaða dýpi seiði nýta sér í jökullituðu vatni. Miðað var við 0,5 m í Þjórsá vegna

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.


reynslu höfunda af seiðaathugunum í jökullituðu vatni enda dregur jökullitur úr framleiðsludýpi (Hákon Aðalsteinsson 1981) og seiði geta átt erfitt að finna fæðu þar sem lítils ljóss gætir í grugguðu vatni.

Við mat á áhrifum vatnsborðslækkunar, samfara minnkuðu rennsli vegna virkjana voru metin gæði og stærð búsvæða sem verða fyrir skertu rennsli. Einkum var byggt á botngerð, ásamt dýpi og niðurstöðum seiðarannsókna. Rennsli og vatnsborðslækkun voru metin útfrá mælingum Landsvirkjunar á straumhraða og dýpi á þversniðum í Þjórsá. Gengið var út frá því að seiði gætu nýtt botn á allt að 0,5 m dýpi til vaxtar og broska. Stærð búsvæða laxfiska neðan Búðafoss var metin við óskert rennsli, 10, 20, 30, 50 og 70 m³ rennsli á sek. Það skal tekið fram að þar var einungis byggt á 4 mjög ólíkum þversniðum, einu í Árneskvísl neðan Akbrautar og einu við Núp. Þetta hefur í för með sér allnokkra óvissu um áhrif minnkunar rennslis og vatnsborðslækkunar á vistkerfi umræddra árkafla í Þjórsár.

8.2 Botndýr.

8.2.1 Sýnatökustöðvar.

Botndýrum var safnað á 21 stað á vatnasvæði Þjórsár neðan Búrfells (mynd 8.2.1.) og fór sýnataka fram í lok ágúst og fyrrihluta september 2001. Sýnatökustöðvar voru valdar með hliðsjón af fjölbreytileika búsvæða innan Þjórsár en auk þess var lögð áhersla á lýsingu svæða sem myndu raskast við virkjun í neðri hluta Þjórsár. Jafnframt voru tekin sýni á einni stöð í sex þverám Þjórsár neðan Þjófafoss (mynd 8.2.1.). Öll sýni voru varðveisitt í 70-100 % ísóprópanóli.



Mynd 8.2.1 Sýnatökustöðvar botndýrafánu á vatnasviði Þjórsár.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

8.2.2 Sýnataka.

Áfána. Á hverjum sýnatökustað voru teknir 5 steinar með löndum, hornrétt út frá vatnsbakkanum og að 50 cm dýpi. Háfur (25cm x 25cm) með 250 µm möskvastærð var komið fyrir hlémegin við steinana og þeim síðan lyft upp af botninum þannig að lífverur sem af losnuðu lento í háfnum. Steininum var komið fyrir í 10 lítra fötu og lífverur og gróður voru burstaðar af. Sýnið var síða um háfinn og lífverur og gróður því næst varðveittar í ísóprópanóli. Grófleiki steina var metinn hlutfallslega á skalanum 1-5. Steinn með slétt yfirborð fékk gildið 1, 2 var fremur slétt, 3 fremur grófur, 4 grófur og steinum sem voru mjög grófir var gefið gildið 5. Ofanvarp allra steina var dregið upp á blað, mesta lengd, breidd og hæð steinanna mæld og flatarmál þeirra reiknað. Ofanvarp hvers steins og teikningar af 1 cm^2 reit var myndað með stafrænni myndavél og flatarmál steinanna metið í tölvuorriti (SigmaScan Pro5) út frá fjölda punkta (pixels) í myndum steina og 1 cm^2 reitnum.

Ífána. Eitt ífánusýni var tekið á hverri stöð. Rótað var með fæti (sparksýni) í botninum í 30 sekúndur og dýrum sem losnuðu upp við sparkið safnað í 25cm x 25cm háf með 250 µm möskvastærð. Lífverunum var skolað úr háfnum í litlar dósir og varðveitt í ísóprópanóli.

Rekfána. Lífverum á reki og skordýrahönum var safnað úr yfirborði vatnsflatarins á hverri stöð. Háf var komið fyrir í yfirborðinu í 1 mínuðu. Lífverum sem söfnuðust í háfinn var síðan skolað með ísóprópanóli yfir í sýnaglöss til varðveislu.

8.2.3 Úrvinnsla.

Áfána. Af hverri sýnatökustöð var unnið úr 3 steinasýnum, en ekki reyndist tími til að vinna úr öllum 5 sýnum. Stór botndýr voru talin og greind úr heildarsýninu en smærri lífverur og algengari voru yfirleitt greindar úr hlutsýnum (1/2 til 1/32). Fyrir hlutsýnatöku var allur stórvaxinn gróður, svo sem mosi og þráðлага þörungar, fjarlægður úr sýninu. Sýninu var hellt í ferkantaðan hlutsýnakassa og sýni skipt til helminga við hverja hlutsýnatöku. Fjöldi skiptinga var metinn hverju sinni með hliðsjón af þéttleika dýra að lokinni skiptingu sýnisins. Lífverur voru taldar úr hlutsýnum þar til lágmarks fjöldi einstaklinga hafði verið greindur og talinn, minnst 100 einstaklingar. Botndýrin voru greind til ætta, ættkvísla og tegunda eins og kostur var. Gróðri var haldið sér og allar lífverur taldar og greindar úr honum. Við útreikninga á heildarfjölda lífvera voru viðeigandi margföldunarstuðlar notaðir fyrir hvert hlutsýni.

Allar fjöldatölur voru umreknaðar í fjölda lífvera á fermetra (fjöldi dýra í sýni x ($1 \text{ m}^2/\text{flatarmáli steins m}^2$)) og meðalþéttleiki og staðalfrávik botndýra á steinunum þremur reiknuð fyrir hverja sýnatökustöð.

Ífána og rekfána. Úrvinnslu á ífánu og rekfánu var ekki við komið vegna tímaskorts. Báðar þessar sýnagerðir eiga það sammerkt að veita innsýn í fjölbreytileika lífvera á sýnatökustað en eru ómagnbundnar. Því var áherslan lögð á úrvinnslu áfánusýna, enda magnbundin.

Tölfraði. Breytileiki í meðalþéttleika botndýra á vatnasviði Þjórsár var prófaður með ANOVA og eðli breytileikans var kannað með ólinulegu prófi (Dunnett's T3) þar sem gögnin voru ekki normaldreifð (Dytham 1999). Tengsl milli lífvera (ætta, ættkvísla, tegunda) við hverja aðra og/eða umhverfisþætti voru könnuð með línulegri tengslagreiningu á óbreyttum gögnum. Fjölbreytileiki botndýra á hverri stöð var reiknaður samkvæmt formúlu Simpson fjölbreytileika stuðulsins (Simpson diversity

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

index) (Ravern 2001). Niðurstöðum útreikninga (D) var umbreytt yfir í 1/D svo fylgni væri milli aukins fjölbreytileika og hærra gildis.

8.3 Seiðarannsóknir.

Veitt var með rafmagni og metin vísitala seiðaþéttileika skilgreind sem fjöldi seiða á hverja 100 m² botnflatar veidd í einni yfirferð. Allur veiddur fiskur var greindur til tegunda og lengdarmældur (sýlingarlengd). Hjá hluta aflans var kyn, kynþroski og fæða greind á vettvangi en einnig voru tekin fæðusýni til greiningar á rannsóknarstofu. Metin var magafylli með sjónmati og gefin stig frá 0 til 5, þar sem 0 er tómur magi og 5 troðfullur. Í hverjum athuguðum maga var rúmmálshlutdeild hverrar fæðugerðar metin sjónmati. Safnað var kvörnum og hreistri til aldursákvörðunar. Í niðurstöðum er aldur fisks á 1. ári táknaður með 0⁺, á öðru ári 1⁺ o.s. frv. Lengd yngstu seiðanna (0⁺) var notuð til aðgreiningar á milli náttúrulega klakinna seiða og seiða úr seiðasleppingum en sleppiseiði eru jafnan stærri en náttúruleg seiði af sama aldrí. Auk gagna sem safnað var sumarið 2001 voru tekin saman eldri gögn.

8.4 Aldursákvörðun og lífssaga.

Til að meta lífssögu laxfiska á vatnasvæðinu var greint hreistur sem safnað hafði verið af sjögengnum fiski (góngufiski) á árunum 1986 til 2001. Fiskarnir voru úr Þjórsá, Kálfá, Sandá og Minnivallalæk. Hreistur var greint af 737 löxum 31 urriða og 1 bleikju úr netaveiði í Þjórsá. Flestir voru fiskarnir veiddir í net á Urriðafossi. Tólf laxar veiddir ofan Búða voru aldursgreindir og 42 úr Kálfá.

Hver fiskur var kyngreindur, lengdarmældur og meginþorri þeirra var veginn. Afsteypa af hreistri var gerð á “plastþynn” og hún notuð til aldursgreiningar í örfilmulesara. Metið var hvort viðkomandi fiskur hefði gengið í sjó og á hvaða aldri. Gengið var út frá því að skil ferskvatnsdvalar og sjávardvalar væri þar sem vaxtaraukning kæmi fram (NN, 1984). Sjávarár voru talin sérstaklega. Metið var hvort fiskur hefði hrygnt en við kynþroska hægir á vexti og kemur fram í hreistri sem þéttung banda og hreistursbrún getur eyðst (Dahl 1910).

Metið var við greiningu hreisturs hvort lax væri úr gönguseiðasleppingum en þeir hafa allir verið eitt ár í fersku vatni sem þekkist ekki hjá náttúrulegum laxi, auk þess er ferskvatnskjarni hreisturs að jafnaði stærri en hjá náttúrulegum seiðum. Erfitt er að greina milli uppruna náttúrulegra laxa og laxa úr sleppingum sumaralinna seiða og því var ekki gerð tilraun til þess. Til að athuga frekar stofneinkenni laxa sem ganga í Kálfá voru notuð gögn Veiðimálastofnunar úr stangveiðiskráningu. Byggt var á veiðiskráningu á tímabilinu 1975 til 2000. Við skiptingu á sjávarárum laxa eftir kynjum úr stangveiði í Kálfá var stuðst við aldursgreiningu og þyngardreifingu fiskanna. Hængar 4,5 kg og minni voru flokkaðir sem eins árs úr sjó og hrygnur 3,2 kg og minni. Mörk ókyngreindra eins árs og tveggja ára laxa voru sett við 3,5 kg.

8.5 Fiskgöngur.

Frá árinu 1992 hafa fiskgöngur upp stigann í Búða verið skráðar með rafeindateljara. Unnið var úr gögnum frá sumrinu 2001 og teknar saman niðurstöður fyrri ára. Teljarinn telur fisk á leið upp og niður. Hann tímasetur og áætlar lengd fiska. Þannig er með nokkurri vissu hægt að áætla fjölda silunga og laxa. Stuðst var við lengdardreifingu við

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

skiptingu á milli laxa og silunga og voru skilin á lengdarbilinu 40 til 50 cm, þ.a. smærri fiskur en viðmiðunarlengd var flokkaður sem silungur og stærri sem lax.

Samhliða fisktalningu var vatnshiti og ljósmagn mælt með síritandi mælum. Mælarnir skráðu gögn á klukkustundar fresti. Ljósmælirinn var hafður á um 0,5 m dýpi rétt við teljaraopið, en þar var vatnsborð nokkuð stöðugt. Tilgangurinn var að leggja mat á birtu sem árvatnið hleypir í gegnum sig og þannig að fá mat á gruggmagn í vatninu og hvort það tengdist göngum fisks upp stigann. Síritahitamælingar voru einnig í Kálfá við brú á þjóðvegi og í Þjórsá við brú á hringvegi (nr. 1).

Til að athuga göngutíma laxa og urriða í Þjórsá var unnið úr veiðiskýrslum um daglega veiði í net á Urriðafossi á árum 1943 til 1993. Göngutími í Kálfá var metinn af stangveiðögnum frá árunum 1975 til 2000. Unnin voru gögn um urriða úr stangveiðiskýrslum úr Minnivallalæk.

8.6 Örmerkingar.

Til að meta árangur sleppinga sumaralinna seiða og gönguseiða, hefur hluti þeirra verið örmerktur. Örmerki eru málmlísaðar sem komið er fyrir í trjónu seiðanna. Á þeim er sér kóði með upplýsingum um hvaða sleppihóp seiðin tilheyra. Merkin eru ekki sýnileg utan á fiskinum en merktur fiskur er jafnframt veiðiuggaklipptur til auðkenningar. Merkjum var safnað af netaveiðibændum og leitað eftir merkjum í móttöku fyrir netaveiddan lax á Selfossi. Ljóst var að ekki komu öll merki til lesningar, því voru heildarheimtur umreiknaðar út frá hlutfalli merktra laxa hjá veiðibændum þar sem vitað var að skil merkja væru góð.

9. Niðurstöður.


9.1 Vatnshitamælingar.

Vatnshitamælingar með sírita í Þjórsá við Búða sumarið 2001 sýna hækkandi hita frá júní sem för hæst í 14,4 °C í lok júní (mynd 9.1.1). Meðalhiti í júní var 9,0 °C, í júlí 10,3 °C og ágúst 10,2 °C. Hiti tók að lækka eftir miðjan ágúst og náði ekki 10 °C eftir það (mynd 9.1.1 og tafla 9.1.1).

Vatnshiti, mældur með sírita við Þjórárbrú sumarið 2001 sýndi svipaða sveiflu og við Búða en þar var að jafnaði heldur hærri hiti. Í júlí og ágúst var hann gjarna á bilinu 10 til 12 °C. Meðalhitinn í ágúst var 10,7 °C. Hitinn lækkaði verulega í ágúst og september (mynd 9.1.2, tafla 9.1.2).

Vatnshitamælingar sumarið 2001 í Kálfá sýna að dægursveiflur eru talsverðar og mun meiri en í Þjórsá. Hitinn þar var að jafnaði hærri en í Þjórsá. Meðalhiti í ágúst var 11,8 °C en för hæst í 18,5 °C (mynd 9.1.3, tafla 9.1.1.).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.1.1 Vatnshiti í Þjórsá við Búða, 29. maí til 30. október 2001.
Myndin sýnir mælingar teknar á einnar klukkustundar fresti.

Tafla 9.1.1 Meðalvatnshiti, staðalfrávik og hámarkshiti, í Þjórsá við Búða og Þjórsárbrú og í Kálfá árið 2001. Mælitímabil við Þjórarbrú var 10. júlí til 30. október, við Búða 1. maí til 30. október og 23. júlí til 19. október í Kálfá.


Vatnsfall	Staður	Mánuður	Meðaltal	Staðalfráv.	Hámark
Þjórsá	Búði	júní	9,0	1,9	14,4
		júlí	10,3	0,9	13,3
		ágúst	10,2	1,1	13,0
		sept	7,4	0,9	10,0
		okt	4,3	1,2	7,2
Þjórsá	Þjórsártún	Júlí (10.-31.)	10,9	0,8	12,9
		ágúst	10,7	1,1	13,0
		sept	7,8	1,0	9,9
		okt	4,6	1,4	7,5
Kálfá	Árnes	Júlí (23.-31.)	11,5	2,3	19,0
		ágúst	11,8	2,4	18,5
		sept	8,2	2,0	13,9
		okt. (1.-19.)	5,5	1,7	9,7

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.1.2 Vatnshiti í Þjórsá við Þjórsárbrú 10. júlí til 30. október 2001.

Myndin sýnir mælingar teknar á einnar klukkustundar fresti.



Mynd 9.1.3 Vatnshiti í Kálfá 23. júlí til 19. október 2001.

9.2 Botndýr.

Þéttleiki botndýra í Þjórsá var að meðaltali 35.301 til 281.999 einstaklingar/m². Fjöldi botndýra í þveránum var af sömu stærðargráðu, eða 41.517 til 174.977 einstaklingar á fermetra, að undanskylldum dýrafjölda Minnivallalækjar en þar reyndist meðalþéttleiki botndýra vera 774.144 einstaklingar á fermetra (tafla 9.2.1). Þéttleiki dýra innan hvers sýnatökustaðar var breytilegur og staðalfrávik meðaltala oft hátt (tafla 9.2.1).

Í Þjórsá fundust einstaklingar innan 37 lífveruhópa (ætta, ættkvísla, tegunda). Að meðaltali fundust 18,9 lífveruhópar á hverri stöð en fæst greindust 13 hópar lífvera í

Fossá en flestir lífveruhópar fundust í Þjórsá neðan ósa Minnivallalækjar, eða 25 lífveruhópar (tafla 9.2.1). Engin fylgni var á milli fjölda lífveruhópa og þéttleika botndýra á hverri stöð. Fjölbreytileiki botndýrasamfélaga var mestur í Þjórsá neðan Haga, neðan Minnivallalækjar og í Minnivallalæk (Simpson fjölbreytileikastuðull 2,99

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

– 3,62) (tafla 9.2.1). Fjölbreytileiki var einnig nokkur (1.94-1.98) efst í Árneskvíslinni og við Læk sem og í Kálfá. Á öðrum svæðum var fjölbreytileiki botndýra nokkuð minni (tafla 9.2.1).

Tafla 9.2.1 Fjöldi lífveruhópa (ætta, ættkvísla, tegunda) á vatnasviði Þjórsár, meðalfjöldi botndýra og staðalfrávik. Fjölbreytileiki botndýra var metinn með Simpson diversity index (D) og sýndur hér sem 1/D¹. Stöðvar B1 til B7 og B11, 12, 14 og 15 eru á svæðinu ofan Búða og Hestfoss.


Raðtala	Sýnatökustaður	Þéttleiki einstakl./m ²	Staðal- frávik	Fjöldi lífveruhópa	Fjölbreyti- leiki ¹
B1	Fossá	44.754	15.163	13	0,81
B2	Sandá	41.517	23.701	15	0,63
B5	Þverá	67.430	24.521	16	1,00
B8	Tungá	105.098	22.919	15	0,99
B9	Kálfá	174.977	24.470	24	1,94
B11	Minnivallalækur	774.144	817.518	22	2,99
B3	Þjórsá: Gaukshöfði	120.819	27.786	22	1,20
B4	Þjórsá: Neðan Haga	35.301	8.795	23	3,25
B6	Þjórsá: Minnanúphólmí	94.722	53.154	16	0,68
B7	Þjórsá: Þjórsárholt	222.495	275.276	18	1,45
B10	Þjórsá: Ofan Kálfár	67.545	30.502	14	1,19
B13	Þjórsá: Stöðulfell	281.999	161.903	14	0,89
B12	Þjórsá: Neðan Minnvallalækjar	122.265	56.003	25	3,62
B14	Árneskvísl: Efst	93.270	66.872	23	1,94
B15	Árneskvísl: Við Læk	62.956	19.263	20	1,98
B16	Árneskvísl: Akbraut	180.441	23.598	20	1,02
B17	Þjórsá: Kaldárhöfði	104.694	99.547	19	0,99
B18	Þjórsá: Þjótandi	55.949	24.297	18	1,10
B19	Þjórsá: Neðan Þjórsárbrúar	198.457	137.333	20	1,05
B20	Þjórsá: Ofan við Urriðafoss	64.175	27.742	19	1,13
B21	Þjórsá: Neðan við Urriðafoss	41.783	16.081	16	1,30

Hlutfallslegur fjöldi rykmýslirfa (Chironomidae) var mestur, eða 52-89 % allra lífvera, á 10 af 15 sýnatökustöðvum í Þjórsá og í öllum þverám Þjórsár utan Minnvallalækjar (mynd 9.2.1). Í Minnvallalæk og Þjórsá neðan Minnvallalækjar var hlutfallslegur fjöldi þráðorma (Nematoda) mestur (41 og 36%) en í Árneskvíslinni við Læk og í Þjórsá við Kaldárhöfða reyndist hlutfallslegur þéttleiki ána (Oligochaeta) vera meiri en annarra hópa eða 43 og 73% (mynd 9.2.1).


Þéttleiki hryggleysingja var marktækt hærri í Kálfá en í Fossá, Sandá, og Þjórsá neðan Haga, við Þjótanda, neðan við Urriðafoss og neðan Lækjar í Árneskvísl (N=20, ft=2, p<0.01) (mynd 9.2.2). Annars staðar var ekki marktækur munur á þéttleika botndýra á milli staða.

Rykmýslirfur (Chironomidae) og ánar (Oligochaeta) voru algengir lífveruhópar á öllum sýnatökustöðum auk þess fundust þráðormar (Nematoda), vatnamaurar (Acarina) og vorflugur (Trichoptera) allsstaðar þar sem sýni voru tekin (viðauki 9.2.1). Þráðormar voru sá lífveruhópur sem fannst í mestum þéttleika eða 316.580 einstakl./m² í Minnvallalæk, einnig fannst tölverður fjöldi þeirra í Þjórsá neðan ósa Minnvallalækjar (43.612 einstakl./m²), við Þjórsárholt (15.955 einstakl./m²) og í Kálfá

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.2.1 Samsetning botndýra í Þjórsá. Sex algengustu lífveruhópar eru auðkenndir með sér lit en sjaldgæfari lífveruhópar settir saman í annað. Stærð kókurits er í réttu hlutfalli við þéttleika lífvera á flatareiningu.



Mynd 9.2.2 Meðalfjöldi botndýra á vatnasviði Þjórsár neðan Búrfells og staðalfrávik meðaltala. Stöðvum raðað frá efstu til neðstu þverár Þjórsár og síðan samkvæmt efstu til neðstu stöð frá ósi Þjórsár. Meðalfjöldi lífvera úr Minnivallalæk var ekki notað en meðalþéttleiki botndýra þar var mun hærri en á öðrum svæðum og staðalfrávik mjög hátt (sjá töflu 1) og sýnið því meðhöndlað sem útgildi.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

(22.955 einstakl./m²). Á öðrum stöðvum var fjöldi þráðorma minni og endurspegladist í lítilli hlutdeild þráðorma (1-7%) af heildarfjölda botndýra nema í Þjórsá neðan Haga þar sem 8.991 einstakl./m² voru 25% allra lífvera er fundust á stöðinni (mynd 9.2.1 og 9.2.3). Ánar, líkt og þráðormar, fundust í mestum þéttleika í Minnivallalæk (167.133 einstakl./m²) en jafnframt var þéttleiki mikill (22.987-75.953 einstakl./m²) í Þjórsá neðan Minnivallalækjar, á öllum sýnatökustöðvum í Árneskvíslinni, við Kaldárhöfða, Þjórsá neðan Þjórsárbrúar og í Káláf (mynd 9.2.3). Þéttleiki rykmýs var mestur í Þjórsá við Stöðulfell, rúmlega 200.000 einstakl./m², jafnframt var þéttleiki rykmýs yfir 100.000 einstakl./m² í Minnivallalæk, Þjórsá við Þjórsárholt, neðan Þjórsárbrúar og í Árneskvísl við Akbraut (mynd 9.2.3). Á öðrum stöðum var þéttleiki rykmýs nokkuð minni eða frá 7.613-49.835 einstakl./m², nema í Þjórsá við Minnanúpshólma (Viðey), Tungá og Káláf (82.002-97.516 einstakl./m²) (mynd 9.2.3).




Mynd 9.2.3 Fjöldi þriggja algengustu dýrahópanna, rykmýslirfa (Chironomidae), þráðorma (Nematoda) og ána (Oligochaeta) á vatnasviði Þjórsár. Stöðvum raðað frá efstu til neðstu þverár Þjórsár og síðan samkvæmt efstu til neðstu stöð frá ósi Þjórsár. Í Minnivallalæk var þéttleiki þráðorma hæstur 316.580 einstaklingar á m².

Jákvæð línuleg tengsl voru á milli fjölda rykmýslirfa á hverju sýnatökusvæði og heildarfjölda einstaklinga á hverri stöð ($N=20$, $r=0.906$, $p<0.05$) (mynd 9.2.4). Línuleg tengsl fundust ekki milli annarra lífveruhópa og heildarfjölda. Engin merkjanleg aukning var á fjölda rykmýslirfa á athugunarsvæðinu frá ármótum Þjórsár og Fossár og niður fyrir Urriðafoss (mynd 9.2.2) og samræmist það niðurstöðum um breytileika í heildarfjölda botndýra á umræddu vatnasviði en ekki reyndist vera marktækur munur á þéttleika botndýra á mill svæða innan vatnasviðs Þjórsár.

Þéttleiki vatnamaura (Acarina) var mestur við Minnivallalæk (29.969 einstakl./m²) og Þjórsárholt (10.452 einstakl./m²) en annarsstaðar var þéttleiki maura 1.057 til 8.425 einstakl./m² nema í Árneskvísl við Læk þar sem þéttleiki maura var 590 einstakl./m² (mynd 9.2.5). Vorflugulirfur af tegundinni *Apatania zonella* voru áberandi við

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.2.4 Tengsl meðalþéttleika botndýra og meðalþéttleika rykmýslirfa á hverri sýnatökustöð. Péttleikatölur lífvera úr Minnivallalæk voru ekki notaðar við greininguna þar sem meðalþéttleiki botndýra þar var mun hærri en á öðrum svæðum og staðalfrávik mjög hátt (sýnið því meðhöndlað sem útgildi).

Þjórsárholt og ofan við Kálfá ($3.286\text{--}10.255$ lirfur/m²) en mun fágætari á öðrum stöðvum ($77\text{--}926$ lirfur/m²) (mynd 9.2.5). *Apatania zonella* var algengasta vorflugutegundin í Þjórsá en jafnframt fundust lirfur tegundarinnar *Potamophylax cingulatus* á tveimur stöðvum, í Þjórsá ofan við Urriðafoss og í Tungá, en í báðum tilvikum voru lirfurnar í litlum þéttleika eða 10 og 29 einstakl./m². Útbreiðsla bitmýslirfa (Simuliidae) var einnig mjög mikil og fundust lirfurnar á öllum sýnatökustöðvum nema í Árneskvísl við Læk (viðauki 9.2.1). Fjöldi bitmýs var mestur við Stöðulfell (48.750 einstakl./m²) en jafnframt mikill í Minnivallalæk (37.901 einstakl./m²), Kálfá (13.220 einstakl./m²) og við Þjórsárholt og Þjótanda í Þjórsá (21.334 og 10.905 einstakl./m²) (mynd 9.2.5).

Einstaklingar innan þriggja flokka krabbadýra (Crustacea) fundust víða á vatnasviði Þjórsár og voru árfætlur (Copepoda) útbreiðdar, þá skelkrebbi (Ostracoda) en útbreiðsla vatnsflóa (Cladocera) var svæðisbundin. Úr flokki árfætlina (Copepoda) fundust einstaklingar þriggja ætta, augndíla (Cyclopidae), rauðdíla (Diaptomidae) og ormdíla (Canthocamptidae). Augndílið greindist á 18 stöðvum en ormdílið og rauðdílið á 8 og 3 stöðvum. Ormdílin og rauðdílin fundust einvörðungu á stöðvum þar sem augndílið fannst einnig (viðauki 9.2.1). Skelkrebbi (Ostracoda) voru einnig nokkuð útbreið og fundust á 16 stöðum og í öllum tilvikum nema einu fundust árfætlur einnig á sýnatöku stöðvunum. Sex tegundir vatnsflóa fundust á vatnasviði Þjórsár (viðauki 9.2.1). Mánaflær (*Alona* spp.), kúlufló (*Chydorus sphaericus*) og broddfló (*Macrothrix hirsuticornis*) fundust á þriðjungi stöðvanna eða, 9 , 8 og 7 stöðvum. Burstaflo (*Iliocryptus sordidus*), kornáta (*Eury cercus lamellatus*) og hjálmlfló (*Acoperus harpae*) fundust mun sjaldnar. Hjálmlflóin fannst einu sinni, kornáta á tveimur stöðvum og

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.2.5 Fjöldi bitmýslirfa (Simuliidae), vatnamaura (Acarina) og vorflugulirfa (Trichoptera) á vatnasviði Þjórsár. Sýnum úr þverám Þjórsár er raðað frá efstu til neðstu ár og úr Þjórsá frá efstu til neðstu stöðvar.

burstaflóin fannst á þremur sýnatökustöðvum. Helsta útbreiðsluslvæði vatnsflóa var í Þjórsá neðan Minnivallalækjar að Kaldárhöfða um Árneskvíslina en einnig fundust fjórar tegundir vatnsflóa í Þjórsá neðan Haga (viðauki 9.2.1). Auk fyrrgreindra hópa fundust vatnabobbar (Lymnea), bessadýr (Tardigrada) og strandflugur (Emphididea) víða en steinflugur (Plecoptera), hrossaflugur (Tipulidae), lækjarflugur (*Limnophora riparia*), vængdílaflugur (Limoniidae), stökkmor (Collembola), lúsmý (Ceratopogonidae) og hveldýr (Hydra) á stöku stað. Samlokur (*Pisidium*), blóðsugur (*Hyrudinea*) og brunnklukkulirfa (Dytiscidae) fundust á einni stöð hver (viðauki 9.2.1).

Rykmýslirfur undirætta bogmýs (Orthocladiinae), ránmýs (Tanipodinae), þeymýs (Chironominae) og kulmýs (Diamesinae) fundust á vatnasvæði Þjórsár. Bogmýslirfur fundust á öllum sýnatökustöðvunum og voru langliðflestnar, eða 53 til 98 % allra rykmýslirfa (mynd 9.2.6). Af þeymí fannst mest af lirfum ættkvíslarinnar Tanytarsini en einnig fundust lirfur Chironomini. Tanytarsini lirfur fundust á öllum stöðvum utan einnar en hlutdeild þeirra af heildarfjölda rykmýslirfa var breytileg, allt frá 1 til 45 prósent greindra einstaklinga. Stærst (31-45%) var hlutdeild Tanytarsini í Kálfá, í Þjórsá við Þjórsárholt, efst í Árneskvíslinni, í Minnivallalæk og í Tungá. Jafnframt var hlutdeild Tanytarsini nokkur (11-28%) í Þverá, Þjórsá neðan Haga og við Stöðulfell, í Árneskvísl við Læk og Akbraut og í Þjórsá neðan Minnivallalækjar (mynd 9.2.6).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.2.6 Fjöldi undirætta rykmýslirfa í Þjórsá og þverám hennar.

Chironomini lirfur fundust í umtalsverðum mæli í Þjórsá neðan Haga og neðan Minnivallalækjar (11 og 16%) auch þess fundust lirfur Chironomini á þrettán öðrum stöðum en hlutdeild þeirra af heildarfjölda rykmýs var 0-4% (mynd 9.2.6, viðauki 9.2.1). Lirfur kulmýs fundust á 15 stöðvum og á áttu þeirra var hlutdeild kulmýs 1 – 8% af heildarfjölda rykmýslirfa (mynd 9.2.6, viðauki 9.2.1). Útbreiðsla ránmýslirfa var minnst en ránmý fannst á 10 sýnatökustöðvum. Hlutdeild ránmýslirfa var einnig lítil og var hlutdeild þeirra innan við 5% á öllum stöðvunum og minni en 1% á 5 stöðvanna.

Þéttleiki bogmýs var langmestur meðal rykmýs og víða fundust yfir 50.000 einstakl./m² (mynd 9.2.7). Fjöldi rykmýslirfa af undirættkvíslinni Tanytarsini var 20.000 einstakl./m² í Þjórsá við Stöðulfell og Þjórsárholt og í Kálfá, Tungá og Minnivallalæk. Á öðrum svæðum var þéttleiki undirættkvísla þeymýs, (Tanytarsini og Chironomini) ránmýs og kulmýs samanlagt innan við 10.000 einstakl./m² (mynd 9.2.7).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.2.7 Péttleiki rykmýslirfa á vatnasviði Þjórsár. Fjöldi innan hverrar ættkvíslar rykmýs er auðkenndur þ.e. bogmý (Orthocladiinae), ránmý (Tanypodinae), kulmý (Diamesinae) sem og undirættkvísla þeymýs (Chironominae), Tanytarsini og Chironomini.

9.3 Búsvæðamat.

9.3.1 Þjórsá.

Árkafli P0 (1,4 km): Kaflinn byrjar við ófiskgengan foss ofan Hvassatanga í farvegi Þjórsár vestan Búrfells sem oft er án jökulvatns vegna þess að vatni er veitt úr honum til Búrfellsvirkjunar. Þar rennur ferskvatn (um 5 m³/sek) í náttúrulegum farvegi Þjórsár á hallalitlu landi. Hyljur með sandbotni eru hér og hvar, smágrýtt er á köflum með stórgryti innan um. Kaflinn endar í jökulvatni Þjórsár á kafla PI. Meðalframleiðslugildi kaflans er 26,9. Árbreidd er að jafnaði 20 m, þar sem 10 m nýtast til framleiðslu laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 373 (mynd 9.3.1,tafla 9.3.1)

Árkafli PI (1,9 km): Kaflinn byrjar við Búrfellsstöð. Þjórsá rennur hér þróngt á hallalitlu landi. Efst fellur Fossá til Þjórsár frá hægri (þegar farið er í straumstefnu árinnar), neðar Trjáviðarlækur frá vinstri. Framleiðslugildi kaflans er 14,6. Árbreidd er að jafnaði 70 m, þar sem 17,5 m nýtast til framleiðslu laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 492.

Árkafli PII (2,6 km): Áin breiðir úr sér um Fauskásalæmi, þar er straumur líttill, víða er malarbotn, en sandbotn inn á milli. Framleiðslugildi kaflans er 23,4. Leiðni árvatnsins mældist 71 µS/cm⁻¹ og pH 8,25 þann 23. júlí (viðauki 9.3.1). Hér er árbreidd að jafnaði 500 m, þar sem 149 m nýtast til framleiðslu laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 9.020.

Árkafli PIII (10,1 km): Botn verður stórgryttari á þessum kafla, en Þjórsárdalshraun þrengir að ánni ofarlega á kaflanum. Þjórsá er hér áfram fremur lygn. Sandá fellur til

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.3.1 Yfirlitsmynd yfir skiptingu árkafla í búsvæðamati í Þjórsá og þverám hennar ofan Búða og Hestafoss, og í Kálfá og Tungá.

Þjórsár frá hægri á kaflanum. Rafveitt var rétt ofan ármóta Sandár (st. 22). Rafleiðni mældist $71 \mu\text{S}/\text{cm}^{-1}$, pH 7,94 og 8,18. Kaflinn endar neðan Haga, við Karlsnes. Framleiðslugildi kaflans er 21,1. Meðalárbreidd er 417 m þar af 82 m í framleiðslu. Framleiðslueiningar eru samtals 17.401.

Árkafla PIVa (1,2 km): Megináll Þjórsár rennur norðan Hagaeyjar, kvísl úr ánni rennur sunnan eyjarinnar (árkafla PIVb). Efst á kaflanum er botn smágrýttur malar- og hraunbotn við lítinn straum, en neðar þrengir að ánni og þar verður botn grýttari við aukinn straum og meiri halla. Rafveitt var neðst á kaflanum (st. 12). Kaflinn endar þar sem Þverá fellur til Þjórsár frá hægri. Rafleiðni árvatnsins var $70 \mu\text{S}/\text{cm}^{-1}$ þann 8. ágúst, pH 8,43 og vatnshiti $10,0^\circ\text{C}$. Framleiðslugildi kafla PIVa og PIVb er metið hátt eða 38,8. Samanlögð lengd árkaflanna er 2961 m, meðalbreidd áfarvegarins er 237 m og framleiðslubreiddin er metin 13 m. Framleiðslueiningar kaflanna eru samtals 1.460.

Árkafla PIVb (1,8 km): Kvísl úr Þjórsá, hefur áþekka botngerð og kafli PIVa., niðurstöður botnmats sameinaðar þeim kafla.

Árkafla PV (1,6 km): Áin breiðir aftur úr sér. Hún rennur um malareyrar, efst er straumur stríður, en hægari neðar. Hér fellur Þverá frá hægri til Þjórsár. Rafveitt var

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

neðst á kaflanum (st. 13) 8. ágúst og var þá rýni árvatnsins 14 cm en 11. september mældist rýni 22 cm. Á þessum kafla er líklega helsta hrygningarástöð laxins í Þjórsá ofan Búða. Kaflinn endar ofan Viðeyjar (Minnanúpshólma). Framleiðslugildi er metið 33,5, meðalbreidd farvegar á kaflanum er 250 m, þar sem 15 m eru nýtanlegir til framleiðslu seiða. Framleiðslueiningar eru samtals 824.

Árkafli PVI (5,0 km): Hér þrengir að ánni og verður straumur stríðari. Botn er smágrýttur efst og víða er möl. Áin rennur hér á hraunklöpp fram með Þjórsárholti við stríðan straum. Á móts við Ölmóðsey rennur áin straumhörð í gljúfri. Rafveitt var efst á kaflanum, eða á móts við Viðey. Kaflinn endar neðan Þjórsáholts. Meðalframleiðslugildi kaflans er 29,1. Ábreidd er að jafnaði 260 m, þar sem 25 metrar nýtast til uppledís laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 3.709.

Árkafli PVIIa (2,3 km): Neðan Þjórsáholts rennur Þjórsá um hallalítið land um áreyrar, möl er víða í hólmum, rennur af og til með hraunbökkum og á hrauni, kvíslast um Vaðeyri en megin-állinn er norðan hennar. Rafveitt var á þremur stöðvum á kaflanum, neðan Þjórsáholts við hægri bakka (st. 47) og á vinstri bakka neðan óss Minnivallalækjar (st. 10 og 11). Rýni árvatnsins við Þjórsáholt mældist 20 cm 11. september og leiðni 73 μScm^{-1} þann 25. september. Á kaflanum neðan Minnivallalækjar mældist rafleiðni 105 og 113 μScm^{-1} , pH 7,72 og rýni 27 cm. Kaflinn endar nokkru neðan Vaðeyrar. Meðalframleiðslugildi kaflans er 22,8. Ábreidd er að jafnaði 553 m, þar sem 58 m nýtast til uppledís laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 3.073.

Tafla 9.3.1 Mæligildi vegna botnmats ásamt hlutfallslegri skiptingu botngerða, framleiðslugildi og framleiðslueiningar eftir árköflum í Þjórsá ofan við Búða og Hestafoss.											
<i>Árkafli</i>	Meðalbreidd m	Framlbreidd ($\leq 0,5$ m dýpi)	<i>Lengd m</i>	Botnflötur m^2	Leir/sandur	Botngerðarflokkar				Framleiðslu einingar ($\leq 0,5$ m dýpi)	Framleiðsluein. á km
						Möl / sm	Smágrýti 7-20 cm	Stórgrýti 20 cm	Klöpp		
P0	20	10	1.386	27.720	20	20	30	30	0	26,9	373
P1	70	18	1.931	135.170	40	55	5	0	0	14,6	492
PII	500	149	2.591	1.295.500	20	20	20	40	0	23,4	9.020
PIII	417	82	10.101	4.208.750	17	70	12	2	0	21,1	17.401
PIVa og b	237	13	2.961	659.700	3	8	58	28	5	38,8	1.460
PV	250	15	1.613	403.250	13	35	45	8	0	33,5	824
PVI	260	25	5.048	1.312.480	3	10	38	27	22	29,1	3.709
PVIIa	553	58	2.342	1.295.907	23	50	20	7	0	22,8	3.073
PVIIb	450	15	1.494	672.300	5	20	40	20	15	30,6	678
ARKI	100	75	1.458	145.800	20	50	20	10	0	23,4	2.559
ARKII	105	79	4.750	498.750	25	63	13	0	0	19,9	7.434
Samtals			35.675	10.655.327						47.023	1318

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árkafli PVIIb (1,5 km): Neðan Vaðeyrar rennur Þjórsá á smágrýttum hraunbotni, með stórgrýti innan um við stríðan straum. Rafveitt var á einni stöð við vinstri bakka rétt ofan Búða (st. 36). Kaflinn endar við fossinn Búða. Rýni var 21 cm þann 29. ágúst, leiðni $105 \mu\text{Scm}^{-1}$ og pH 7,99. Meðalframleiðslugildi árkaflans er 30,6. Árbreidd er að jafnaði 450 m, þar sem 15 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 678.

Árneskvísl ARKI (1,5 km): Upphof kvíslarinnar er ofan við Búða. Áin rennur þar við hægan straum á hraunbotni efst, en malarbotni er neðar dregur með staka stórgrýti, árbakkar eru grónir. Rafveitt var á einni stöð á kaflanum, rétt neðan fiskeldisstöðvarinnar að Laugum (st. 18). Rýni var 19 cm 30. ágúst. Framleiðslugildi árkaflans er 23,4. Meðalárbreidd árkaflans er 100 m, þar sem 75 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar kaflans eru 2.559.

Árneskvísl ARKII (4,8 km): Áfram er halli árinnar lítill, en botn verður sendnari eftir því sem neðar dregur. Malarbotn er á megin hluta kaflans, en sendnara verður neðan bæjarins Lækjar. Kolbeinslækur fellur til kvíslarinnar frá vinstri á móts við Læk. Neðst í honum er botn að mestu sendinn og vatnið virðist mýrarkennt. Rafleiðni í læknum mældist $249 \mu\text{S/cm}$ og pH 7,26. Rafveitt var í Árneskvísl neðan við Læk (st. 38). Kaflinn endar við ófiskgengan foss, Hestafoss. Rafleiðni efst á kaflanum mældist $113 \mu\text{Scm}^{-1}$ og pH 7,64 þann 30. ágúst. Meðalframleiðslugildi árkaflans er 19,9. Árbreidd er að jafnaði 105 m, þar sem 79 m. nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 7.434.

Árneskvísl ARKIII (0,2 km): Kafli þessi er efst á fiskgenga hluta Árneskvíslar. Á þessum kafla rennur Þjórsá í lágu gljúfri neðan við Hestafoss. Botn er stórgrýttur og straumur stríður. Rafveitt var rétt neðan fossins (st. 39). Framleiðslugildi árkaflans er 29,6. Árbreidd er að jafnaði 70 m, þar sem 18 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 116 (tafla 9.3.2, mynd 9.3.2).

Árneskvísl ARKIV (4,5 km): Á þessum kafla rennur Þjórsá á smágrýttum malareyrum að Akbraut. Þá tekur við lágt gljúfur, neðan þess verður halli lítill og rennur kvíslin þaðan lygn á sand- og leirblendnum smákornóttum malarbotni. Rafveitt var neðan Akbrautar (st. 40). Rýni við Akbraut var 18 cm, rafleiðni $82 \mu\text{Scm}^{-1}$ og pH 8,04 þann 3. september. Meðalframleiðslugildi árkaflans er 36,6. Árbreidd er að jafnaði 75 m, þar sem 19 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals metnar 3.080.

Árkafli PVIII (3,9 km): Upphof þessa kafla er við Búða. Hér er gljúfur, straumur stríður og stórgrýttur botn með smágrýti á köflum, á hægri bakka er móklöpp en hraun vinstra megin. Áin breiðir úr sér á móts við Stóra-Hof, þar verður straumur minni, en stríður þó. Neðst á kaflanum fellur Kálfá til Þjórsár frá hægri, þar eru jafnframt kaflaskil. Rafveitt var rétt ofan kaflaskila (st. 26). Framleiðslugildi árkaflans er 24,2. Árbreidd er að meðaltali 213 m, þar sem metið er að 16 m nýtist til framleiðslu laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 1.497.

Árkafli PIX (3,7 km): Þjórsá er lygn á þessum kafla, þar sem möl er einkennandi botngerð. Á þessum kafla eru mikilvægar hrygningarástöðvar, þá sérstaklega neðan Stöðulfells, en þar er botngerðin ákjósanleg til hrygningar. Rafveitt var á tveimur stöðvum við Stöðulfell (st. 20 st. 48). Rýni mældist 21 cm 25. september.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Framleiðslugildi árkaflans er 23,4. Árbreidd er að jafnaði 330 m, þar sem 77 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 6.657.

Árkaflri PXa (1,7 km): Þessi kafli er efsti hluti kvíslar úr Þjórsá sem rennur með Skeiðum. Mælt rennsli efst í kvíslinni var 9,4 m³/sek (17. 1. 2002). Rafveitt var efst á kaflanum (st. 30). Möl og smágryti eru einkennandi botngerð, og eru þar ákjósanleg uppeldisskilyrði laxfiskaseiða. Rýni mældist 19 cm þann 14. ágúst. Framleiðslugildið var metið 30,9. Árbreidd er að jafnaði 67 m, þar sem allur botninn nýtist til framleiðslu. Framleiðslueiningar eru samtals 3.514.

Tafla 9.3.2 Mæligildi vegna botnmats ásamt, hlutfallslegri skiptingu botngerða, framleiðslugildi og framleiðslueiningar eftir árköflum á náttúrulega fiskgengum svæðum í Þjórsá, neðan við Búða og Hestafoss.

Árkaflri	Meðalbreidd	Framl.breidd ($\leq 0,5m$ dýpi)	Lengd	Botnfljóður m ²	Botngerðarflokkar					Framleiðslugildi	Umr. Framlein. ($\leq 0,5m$ dýpi)	Framleiðsluhær. á km
					Leir/sandur	Möl /sm	Smágryti 7-20 cm	Stórgryti 20 cm	Klöpp			
ÁRKIII	70	18	224	15.680	5	10	30	55	0	29,6	116	518
ARKIV	75	19	4.491	336.825	10	33	53	5	0	36,6	3.080	686
PVIII	213	16	3.923	836.907	10	13	28	25	23	24,2	1.497	382
ÞIX	330	77	3.694	1.219.020	20	60	20	0	0	23,4	6.656	1.802
ÞXa	67	67	1.700	113.900	18	33	40	10	0	30,9	3.514	2.067
ÞXb	52	52	4.832	248.848	40	60	0	0	0	9,2	2.289	474
ÞXI	400	103	1.017	406.800	10	10	10	20	50	13,2	1.384	1.361
ÞXII	380	95	13.981	5.312.780	38	56	4	2	0	14,6	19.315	1.382
ÞXIII	300	62	2.200	660.000	0	5	18	8	70	14,2	1.384	628
ÞXIV	55	5	2.418	132.990	1	1	5	29	64	10,7	129	53
ÞXV	110	9	1.430	157.300	5	8	18	33	38	18,9	237	166
ÞXVI	375	93	2.842	1.065.750	15	35	35	8	8	28,3	7.460	2.625
ÞXVII	1000	100	15.431	15.431.000	94	4	1	1	1	3,3	5.096	330
Samtals		58.183	26.054.065							52.716	906	

Árkaflri PXb (4,8 km). Neðar í áðurnefndri kvísl verður sandur meira áberandi og loks einkennandi. Kvíslin rennur um hallalítið land og straumur er hægur. Rafveitt var þann 14. ágúst neðst á kaflanum (st. 31), leiðni mældist þá 72 µScm⁻¹, pH 8,04 og rýni 16 cm. Hér virðast fremur slök skilyrði til uppeldis seiða og árkaflinn fær 9,2 í framleiðslugildi. Árbreidd er að jafnaði 52 m, þar sem allur botninn nýtist til framleiðslu. Framleiðslueiningar eru samtals 2.289.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árkaflxi XI (1,0 km): Hér eru Árnesflúðir, áin rennur að miklu leyti á hraunklöpp, en malarflar eru hér og hvar. Straumur er á köflum stríður. Neðst sameinast Árneskvísl meginálnum frá vinstri og afmarkar eyjuna Árnes. Framleiðslugildi árkaflans er 13,2. Árbreidd er að jafnaði 400 m, þar sem 103 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 1.384.

Árkaflxi XII (14,0 km): Kaflinn byrjar neðan Árnesflúða og endar móts við bæinn Krók. Á þessum kafla rennur Þjórsá á hallalitlu landi, þar sem möl er einkennandi botngerð ásamt sandi. Malareyrar eru víðs vegar og hraungrjót á stöku stað, straumur er hægur. Neðan býlisins Kaldárholt sameinast Kaldárholtslækur frá vinstri. Rafveitt var á tveimur stöðvum á kaflanum, á malareyrum ofan Kaldárholt (st. 41) og á malareyrum við Skeiðháholt (st. 32). Við Skeiðháholt mældist rafleiðni þann 70 μScm^{-1} þann 15. ágúst þá var pH 8,0 og rýni 15 cm. Meðalframleiðslugildi kaflans er 14,6. Árbreidd var að jafnaði 380 m, og metið er að 95 m nýtist til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 19.315.

Árkaflxi XIII (2,2 km): Kaflinn er á fyrirhuguðu lónastæði Urriðafossvirkjunar. Hér rennur Þjórsá á hraunklöpp og hraungrýti, örлítil möl er efst. Straumur er hægur efst en vex er neðar dregur. Rafveitt var á tveimur stöðum á kaflanum, á vesturbakka, gegnt býlinu Króki (st. 33) og ofan Þjótanda (st. 34). Þann 15. ágúst mældist leiðni 72 μScm^{-1} og pH 8,07 og 5. september mældist rýni 18 cm. Meðalframleiðslugildi árkaflans er 14,2. Árbreidd var að jafnaði 300 m, þar sem metið er að 62 m nýtist til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 1.384.

Árkaflxi XIV (2,4 km): Hér fellur áin í flúðum um þróngt gljúfur ofan við Þjórsárbrú, með 50-60 metra árbreidd megnið af kaflanum, en breiðir nokkuð úr sér neðst. Straumur er stríður, mestur ofan til, en verður minni neðar. Botngerð er að mestu klöpp og stórgreyti, stöku malar og smágrýtiskaflar eru með bökkum þar sem hlé er fyrir straumi. Neðst á kaflanum fellur vatnslítil á eða lækur, Kampholtskelda fellur í ófiskengum fossi til árinnar frá hægri. Kaflinn endar ofan Urriðafoss. Rafveitt var á tveimur stöðvum, ofan Þjórsárbrúar (st. 44) og 50 metrum ofan lækjarmóta Kampholtskeldu (st. 19). Þann 5. september mældist leiðni 85 μScm^{-1} við Þjórsártún og pH 7,22. Meðalframleiðslugildi árkaflans er fremur lágt eða 10,7. Árbreidd er að jafnaði 55 m, þar sem metið er að 5 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 129.

Árkaflxi XV (1,4 km): Kaflinn byrjar við Urriðafoss, sem er tilkomumikill 6 metra há stallur með fiskenguru straumhörðu hjárennsli. Neðan hans rennur áin þróngt rétt fyrst en verður með rúmlega 100 m árbreidd til enda kaflans. Á kaflanum skiptist á flúðir og stríður straumur. Meðalframleiðslugildi árkaflans eru 18,9. Árbreidd er að jafnaði 110 m, þar sem metið er að 9 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 237.

Árkaflxi XVI (2,8 km): Efst breiðir áin úr sér og tekur að renna hægum straumi. Botn er malarborinn með smágrýti innan um, sandur safnast þar sem straumur er minni, stórgreyti og klöpp hér og hvar. Kaflinn endar við Grjótnes neðan býlisins Egilsstaða. Þann 5. september var rafveitt á tveimur stöðvum, rétt neðan efri kaflaskila (st. 45) og við Egilsstaði (st. 46). Við Egilsstaði mældist refleiðni 80 μScm^{-1} , pH 7,5 og rýni 17 cm. Meðalframleiðslugildi árkaflans er hátt eða 28,9. Árbreidd er að jafnaði 375 m, þar sem 93 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar eru samtals 7.460.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.3.2 Yfirlitsmynd yfir árkafla í búsvæðamati í Þjórsá neðan Búða og Hestafoss.

Árkafla PXVII (15,4 km): Þetta er neðsti kafli árinnar og nær hann frá Grjótnesi í ós fram. Þjórsá breiðir hér mikið úr sér og er víða 600 – 1300 metra breið. Straumur er hægur með sendinn botn og bakka en hraunbrot koma uppúr sandinum hér og hvar. Á kaflanum falla nokkrir lækir til Þjórsár frá vinstri. Þann 5. október var rafveitt við manngerðan grjótgarð og á hraunbroti ofan hans við býlið Mjósyndi (st. 49). Rýni árvatnsins mældist þá 14 cm. Kaflinn er fremur rýr til uppeldis og framleiðslugildi hans er lágt eða 3,3. Ábreidd er að jafnaði um 1.000 m, þar sem metið er að 100 m nýtast til uppeldis laxfiskaseiða. Framleiðslueiningar kaflans eru samtals 5.096 .

9.3.2 Þverár Þjórsár ofan Búða og Hestafoss.

9.3.2.1 Fossá.

Árkafla FI (0,7 km): Kaflinn hefst neðan Hjálparfoss, sem er ófiskgengur. Efst á kaflanum er botngerð gróf með lítils háttar möl við stríðan straum, neðar verður straumur hægari og botngerð finni. Þann 23. júlí mældist hitastig árvatnsins $7,5^{\circ}\text{C}$ (kl: 10:00), pH 8,24 og leiðni $80 \mu\text{Scm}^{-1}$. Sama dag var rafveitt (st.1) Árkaflinn er allgóður

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

til uppeldis seiða og framleiðslugildi hans er 31,8. Árbreidd er að jafnaði 35 m. Framleiðslueiningar eru samtals 733 (tafla 9.3.3).

Árkafli FII (0,6 km): Efst er möl einkennandi botngerð, með grófara efni innan um, neðar verður botninn finni og sandur meira áberandi. Straumur er alls staðar hægur Kaflanum lýkur við ós í Þjórsá. Meðalframleiðslugildi árkaflans eru 16,4. Árbreidd er að jafnaði 60 m. Framleiðslueiningar eru samtals 589.

9.3.2.2 Sandá-Grjótá.

Árkafli SI (4,0 km): Kaflinn er í Grjótá og byrjar kaflinn neðan við háan ófiskgengan foss, botngerð er gróf þar sem skoðað var með stöku stórgryti innan um, straumur er striður en stuttir malar og sandskaflar eru þar sem hlé er á straumi. Botngerð er hagstæð til uppeldis seiða og árkaflinn fær framleiðslugildið er 43,6. Árbreidd var að jafnaði 5 m. Framleiðslueiningar eru samtals 875.

Árkafli SII (1,6 km): Hér er botn finni en á kaflanum fyrir ofan, minna er af stórgryti og möl þekur meira af botni, straumur er enn striður en verður hægari þegar neðar dregur og þar verður botngerð einnig finni. Áin rennur um hallalítið land. Þann 25. júlí mældist vatnshiti 11,8° (kl:11:38), pH 8,12 og leiðni 81 μScm^{-1} . Rafveitt var þann dag á kaflanum (st. 23) og var veiði engin. Kaflinn endar við ármót Bergólfssstaðakvíslar. Meðalframleiðslugildi kaflans er 36,2. Árbreidd er að jafnaði 7 m. Framleiðslueiningar eru samtals 409.

Árkafli SIII (5,8 km): Héðan frá ber áin nafnið Sandá. Efst er finn malarbotn en neðar verður botn sendnari, neðst rennur áin milli hrauns og hlíðar með sandbotni en á köflum grýttum bökkum. Straumur er hægur og halli enn líttill. Þann 25. júlí var vatnshiti mældur 14,4 °C, klukkan 13:45. Meðalframleiðslugildi kaflans er 12,3 einingar. Árbreidd er að jafnaði 22 m. Framleiðslueiningar eru samtals 1.530.

Árkafli SIV (5,2 km): Á þessum kafla er landhalli meiri, þar sem áin rennur í gili, með gróna hlíð á hægri hönd og misgróið hraun á þá vinstri. Botn er ýmist malarborinn, sandur eða klöpp og straumur er sums staðar hægur en annars staðar striður. Þann 25. júlí var rafveitt um miðbik kaflans, nálaðt merktu tjaldstæði (st. 21). Á rafveiðistað mældist vatnshiti 15,5°C (kl:15:00). Meðalframleiðslugildi kaflans eru 17,9. Árbreidd er að jafnaði 22 m. Framleiðslueiningar eru samtals 2.059.

Árkafli SV (0,2 km): Árkaflinn hefst þar sem gili sleppir. Áin rennur þar á grófum og stundum sandorpnum malarbotni. Straumur er hægur. Þann 25. júlí var leiðni 76 μScm^{-1} , pH 8,05 og vatnshiti 17,0°C (kl:16:30). Uppeldisskilyrði eru hér allgóð og meðalframleiðslugildi kaflans er 26,9. Árbreidd er að jafnaði 20 m. Framleiðslueiningar eru samtals 119.

Árkafli SVI (0,7 km): Kaflinn byrjar við ármót Hvammsár, sem fellur til Sandár frá hægri. Hér rennur áin hægum straumi á sand- og malarbotni. Rennur svo til Þjórsár neðst á kaflanum. Meðalframleiðslugildi kaflans er 9,2. Árbreidd er að jafnaði 30 m. Framleiðslueiningar eru samtals 205 einingar.

9.3.2.3 Hvammsá.

Árkafli HI (2,8 km): Kaflinn hefst við ófiskgengan foss, neðan hans rennur áin stríðum straumi á grófum malarbotni með stórgryti innan um. Þann 25. júlí var rafveitt um miðbik kaflans (st. 24), þar mældist leiðni 86 μScm^{-1} og pH 7,97. Kaflinn endar við

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

ármót Sandár. Meðalframleiðslugildi fiskgenga hluta árinnar er 37,9. Árbreidd er að jafnaði 4 m. Framleiðslueiningar fiskgengs hluta Hvammsár eru samtals 418.

9.3.2.4 Þverá.

Árkafli PvI (1,1 km): Kaflinn hefst neðan ófiskgengs foss á móts við býlið Fossnes. Efst rennur áin straumhörd á grófum malarbotni með nokkru stórgryti, neðar hægir á straumi og botn verður fingerðari en mölin er enn að mestu gróf, kaflar með finni möl eru innan um, alls staðar er eilítid sandblendid. Kaflinn endar á ósi í Þjórsá. Rafveitt var neðarlega á kaflanum þann 8. ágúst (st. 2). Á rafveiðistað mældist leiðni $87 \mu\text{Scm}^{-1}$, pH 8,19 og vatnshiti $9,6^\circ\text{C}$. Meðalframleiðslugildi fiskgenga hluta Þverár er 39,2. Árbreidd er að jafnaði 10 m. Framleiðslueiningar fiskgenga hlutans eru samtals 442.

Tafla 9.3.3 Mæligildi vegna botnmats ásamt, hlutfallslegri skiptingu botngerða, framleiðslugildi og framleiðslueiningar eftir árköflum í þverám Þjórsár **ofan** við Búða og Hestafoss.

Vatnsfall	Árkafli	Meðalbreidd	Lengd	Botnflötur m^2	Botngerðarflokkar						Framleiðslugildi	Framleiðslueiningar	Framleiðlheið. á km
					Leir/sandur	Möl 7-8m	Smágrýti 7-20 cm	Stórgryti 20 cm	Klöpp				
Fossá	FI	35	660	23.100	13	13	40	35	0	31,8	733	111	
Fossá	FII	60	600	36.000	30	65	5	0	0	16,4	589	98	
Fossá	Samtals		1.260	59.100							1.322	105	
Grjótá	SI	5	4.015	20.075	5	10	70	15	0	43,6	875	22	
Grjótá	SII	7	1.618	11.326	8	40	50	3	0	36,2	409	25	
Sandá	SIII	22	5.773	124.120	48	48	3	3	0	12,3	1.530	26	
Sandá	SIV	22	5.234	115.148	26	18	18	16	22	17,9	2.059	39	
Sandá	SV	20	222	4.440	20	40	30	10	0	26,9	119	54	
Sandá	SVI	30	742	22.260	60	35	0	5	0	9,2	205	28	
Grjótá/Sandá	Samtals		17.604	297.369							5.198	30	
Hvammsá	Samtals	4	2.756	11.024	8	20	55	18	0	37,9	418	15	
Þverá	Samtals	10	1.128	11.280	5	15	58	23	0	39,2	442	39	
Minnivallalækur	MI	6	3.612	21.672	60,0	15	20	5	0	16,2	351	10	
Minnivallalækur	MII	17	9.037	157.018	38,8	16	17,5	21,3	6,25	18,1	2.840	31	
Minnivallalækur	Samtals		12.649	178.690							3.191	25	

9.3.2.5 Minnivallalækur.

Árkafli MI (3,6 km): Kaflinn byrjar við lindir í grennd við býlin Stóra-Klofa og Skarð og endar þar sem rennsli frá lindum kemur saman. Kaflinn einkennist af sandbotni og grónum bökkum. Rétt neðan við upptök einnar lindar mældist leiðni þann 23. ágúst $133 \mu\text{Scm}^{-1}$, pH 8,14 og hitastig árvatnsins $4,9^\circ\text{C}$. Meðalframleiðslugildi kaflans er 16,2. Árbreidd er að jafnaði 6 m. Framleiðslueiningar eru samtals 351.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árkafla MII (9,0 km): Þessi kafli nær yfir mestallan lækinn og endar við ós í Þjórsá. Minnivallalækur rennur hér á sandorpnum hraunbotni. Efst á kaflanum eru langir kaflar með sandbotni um biðbik kaflans er meira um hraunbrot en á neðanverðum kaflanum taka við kaflar með möl og sandbotn er við ós í Þjórsá. Straumur er víðast hægur en stutt þrep með stríðum straumi eru víða um miðjan kaflann. Á hraunbrotum er víðast talsverður gróður í botni (mest ármosi *Fontinalis antipyretica*). Alls staðar eru grónir bakkar. Þann 23. ágúst var rafveitt á fjórum stöðvum í ánni, (st. 35, 9, 7 og 6). Á öllum stöðvunum var vatnshiti mældur og var hitastigjö á bilinu $10,4\text{--}12,4^{\circ}\text{C}$ á tímabilinu 15:00-19:00, einnig var pH vatnsins mælt á bilinu 8,4-8,5. Leiðni árvatnsins mældist á bilinu $134\text{--}138 \mu\text{Scm}^{-1}$. Meðalframleiðslugildi árkaflans er 18,1. Árbreidd er að jafnaði 17 m. Framleiðslueiningar eru samtals 2.840.

9.3.3 Þverár Þjórsár neðan Búða og Hestafoss.

9.3.3.1 Tungá.

Tungá er þverá Kálfár, fellur til hennar skammt neðan við bæinn Stóru-Mástungu (mynd 9.3.1).

Árkafla TI (0,6 km): Kaflinn hefst í gili neðan við 2-3 metra háan ófiskgengan foss, sem fellur milli stórbjarga. Efst fellur áin í stríðum straumi um stórgryti, þar er gróf möl á botni hylja. Neðar verður straumur hægari og minna um stórgryti. Kafla sleppir við gilmunna. Meðalframleiðslugildi kaflans er 28,3. Árbreidd er að jafnaði 4,5 m. Framleiðslueiningar eru samtals 83 (tafla 9.3.4, mynd 9.3.1)

Árkafla TII (6,0 km): Hér rennur Tungá á grófri möl með stöku stórgryti, botn er lítið gróinn og eilítið sandblendinn, bakkar eru misgrónir. Straumur er víðast stríður, en hægari á köflum. Um miðjan kaflann tekur áin að renna í gili og gljúfri sem sleppir rétt ofan býlisins Stóru-Mástungu. Kaflinn endar við ármót Kálfár. Þann 9. ágúst var rafveitt á tveimur stöðvum, ofan gilsins, um miðjan kaflann (st. 27) og móts við Stóru-Mástungu (st. 14). Á efri rafveiðistað var hitastig árvatnsins mælt $11,9^{\circ}\text{C}$, pH 8,12 og leiðni $83 \mu\text{Scm}^{-1}$. Meðalframleiðslugildi kaflans er 38,7. Árbreidd er að jafnaði 7 m. Framleiðslueiningar eru samtals 1.379.

9.3.3.2 Kálfá.

Árkafla KI (1,0 km): Kaflinn byrjar neðan við nær 20 metra háan foss, sem er í gljúfri ofan býlisins Minni-Mástungu. Fossinn fellur utan í bergi í nokkrum stöllum. Neðan fossins rennur áin í miklu og djúpu gljúfri með lóðbeina hamra á báða bóga. Nokkru neðan upphafs kaflans er tvískiptur foss um 4 metra hár, önnur kvísl fossins var metin fiskgeng. Botngerð er að mestu lítið gróin klöpp og skiptist á stríður og hægur straumur. Kaflinn endar nokkru ofan gljúfurmynnis, á móts við Minni-Mástungu. Framleiðslugildi kaflans er 8,2 einingar. Árbreidd er að jafnaði 11 m. Framleiðslueiningar eru samtals 91.

Árkafla KII (1,7 km): Efst er botninn úr grófri möl með stórgryti hér og hvar og er straumur stríður. Neðar verður minna um stórgryti, möl er þar enn gróf en straumur hægari. Þann 9. ágúst var rafveitt á grófum malarbotni (st. 16). Á rafveiðistað mældist leiðni árvatnsins $90 \mu\text{Scm}^{-1}$, pH 7,94 og vatnshiti $16,2^{\circ}\text{C}$ (kl: 15:20). Kaflanum lýkur við ármót Tungár. Meðalframleiðslugildi kaflans er 36,6. Árbreidd er að jafnaði 15 m. Framleiðslueiningar eru samtals 935.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Tafla 9.3.4 Mæligildi vegna botnmats ásamt hlutfallslegri skiptingu botngerða, framleiðslugildi og framleiðslueiningar eftir árköflum í Kálfá og Tungá.												
						Botngerðarflokkar						
Vatnsfall	Árkafli	Meðalbreidd	Lengd	Botnflötur m ²	Leir/sandur	Möl 7sm	Smágrýti 7-20 cm	Stórgryti 20 cm	Klöpp	Framleiðslugildi	Framleiðslueiningar	Framleiðsluein. á km
Tunguá	TI	4,5	648	2.916	3	15	25	58	0	28,3	83	127
Tunguá	TII	7	5.396	35.614	0	3	16	55	26	38,7	1.379	255
Kálfá	KI	11	1.015	11.165	0	0	8	8	85	8,2	91	90
Kálfá	KII	15	1.666	25.545	5	23	50	22	0	36,6	935	561
Kálfá	KIII	23	2.528	56.880	10	50	40	0	0	32,2	1.832	725
Kálfá	KIV	20	8.277	168.851	4	24	54	17	1	38,0	6.418	775
Samtals			19.530	300.971						10.737	550	

Árkafli KIII (2,5 km): Hér rennur Kálfá hægum straumi um malareyrar, allnokkur gróður er á botni þegar neðar dregur. Meðalframleiðslugildi kaflans eru 32,2. Árbreidd er að jafnaði 23 m. Framleiðslueiningar eru samtals 1.832 .

Árkafli KIV (8,3 km): Hér rennur áin ýmist á hraun- eða malarbotni. Alls staðar eru grónir grasbakkar, straumur er víðast hvar hægur og allnokkur gróður á botni, slý og mosi. Þann 10. ágúst var rafveitt á tveimur stöðvum á kaflanum, ofan við brú (st.15 og st. 17). Meðalframleiðslugildi kaflans er 38,0. Árbreidd er að jafnaði 20 m. Framleiðslueiningar eru samtals 6.418.

9.3.3.3 Kaldárholtslækur.


Eiginlegt botnmat var ekki gert á Kaldárholtslæk. Þar var hins vegar rafveitt (st. 42 og 43), botngerð lýst og gerðar mælingar á lækjarvatninu. Lækurinn er vatnslítill (< 0,5 m³/sek), rennur víðast lygn og í botni er mest sandur og leir en einnig fin möl (< 7cm í þvermál) og stöku stærri steinar, einkum á brotum. Mýrarauði á botni er einkennandi. Við ós í Þjórsá mældist leiðni 179 µScm⁻¹, pH 6,94 og vatnshiti 14,2°C síðla dags 3. september.

9.3.4 Hlutdeild ánna í framleiðslueiningum.

Á mynd 9.3.3 kemur fram hlutdeild ánna í framleiðslueiningum vatnasvæðis Þjórsár. Samkvæmt niðurstöðum botnmats eru framleiðslueiningar vatnasvæðis Þjórsár neðan Búrfells 121.047, þar af 57.594 ein. (48 %) á fyrrum ófiskgengum svæðum ofan Búða og Hestafoss og 63.453 ein. (52 %) á náttúrulega fiskgengum svæðum. Skipting framleiðslueininga milli Þjórsár og þveráa er þannig að Þjórsá er með 99.739 framleiðslueiningar (82 %) og þverárnar 21.308 ein. (18 %) (mynd 9.3.3). Náttúrulega fiskgengur hluti Þjórsár hefur 53 % hlutdeild í framleiðslueiningum árinnar og svæðið ofan Búða/Hestafoss 47 % hlutdeild. Af einstökum þverám hlýtur Kálfá flestar

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

framleiðslueiningar, eða 9.276, og hefur hún 8 % hlutdeild í framleiðslueiningum vatnsvæðisins í heild og 44 % hlutdeild í framleiðslueiningum allra þveráa. Ef einungis er tekinn náttúrulega fiskgengur hluti þá er hlutdeild Kálfár og Tungár saman 17 % en Þjórsár 83 %.



Mynd 9.3.3 Hlutfallsleg skipting framleiðslueininga milli þveráanna og árhluta (ofan og neðan Búða og Hestafoss) í Þjórsá.

9.4 Seiðarannsóknir.

Seiðarannsóknirnar fóru fram á tímabilinu 23. júlí – 5. október 2001. Í Þjórsá var rafveitt á 10 stöðum ofan Búða og 16 neðan hans. Í þverám, ofan Búða var rafveitt í Fossá, Sandá, Grjótá, Hvammsá, Þverá, Minnivallalæk (4 stöðvar) og í Kolbeinslæk. Í Þverám neðan Búða var rafveitt í Tungá (2 stöðvar), Kálfá (3 stöðvar) og í Kaldárholtslæk (2 stöðvar). Mynd 9.4.1 sýnir staðsetningu rafveiðistöðva og hlutfall tegunda og vísitölu þéttleika á hverri stöð.

9.4.1 Seiðapéttleiki árið 2001.


9.4.1.1 Þjórsá ofan Búða og Hestafoss.

Mynd 9.4.2 sýnir lengdar- og aldursdreifingu laxfiskaseiða eftir stöðvum, tafla 9.4.1 sýnir seiðapéttleika eftir tegundum og aldri og í viðauka 9.4.1 eru meðallengdir, staðalfrávik og fjölda seiða eftir tegundum, aldri og uppruna.

Rafveitt var í Þjórsá ofan við Búða og Hestafoss á tímabilinu 23. júlí – 30. ágúst. Sumargömul náttúruleg laxaseiði fundust í nokkrum mæli á þremur stöðvum, neðan við Þverá (st. 13, 1,5 seiði á 100 m²), í litlum mæli (0,8 seiði á 100 m²) á móts við Viðey (st. 25) og neðan Minnivallalækjar (0,3 seiði á 100 m² st.11). Sleppiseiði frá 2001 fundust í nokkrum mæli við Haga (5,4 seiði á 100 m², st.12), en ekki annars staðar. Eins árs, náttúruleg laxaseiði fundust einungis í litlum mæli við Haga (0,8 seiði á 100 m²). Eins árs sleppiseiði fundust í nokkrum þéttleika við Haga (3,9 seiði á 100 m² og vottur fannst á móts við Viðey (0,3 seiði á 100 m²). Lítið fannst af eldri laxaseiðum,

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

einungis vottur undan Viðey ($0,4$ seiði á 100 m^2) og neðan Þverár ($0,4$ seiði á 100 m^2) og voru þau af náttúrulegum uppruna.




Mynd 9.4.1. Vísitala þéttleika (seiði á 100 m^2) laxfiskaseiða eftir tegundum og uppruna eftir athugunarstöðvum árið 2001. Stærð körkura er í réttu hlutfalli við þéttleika á flatareiningu. Fram koma númer stöðva.

Urriðaseiði fundust í mestum þéttleika á stöðvum neðan Minnivallalækjar. Sumargömul seiði voru í mestum þéttleika rétt neðan óss Minnivallalækjar (st. 10, 11 og 36, 10,3 til 54,4 seiði á 100 m^2) en vottur þeirra fannst einnig í Árneskvísl (st. 38, 0,6 seiði á 100 m^2). Eins árs urriðaseiði fundust helst neðan óss Minnivallalækjar (1,2 – 22,2 seiði á 100 m^2), en einnig fundust þau í nokkrum þéttleika við Haga (5,4 seiði á 100 m^2). Eldri urriðaseiði fundust í mestum þéttleika við Haga (7,0 seiði á 100 m^2), vottur fannst ofan Sandár (st. 22, 1,3 seiði á 100 m^2), neðan Þverár (st. 13 og 25, 0,4 og 1,1 seiði á 100 m^2) og neðan Minnivallalækjar (st. 18 og 36, 1,7 og 4,4 seiði á 100 m^2).

Bleikjuseiði fundust í litlum mæli á svæðinu (0,0 – 5,1 seiði á 100 m^2). Einungis á þremur efstu stöðvunum (st. 13, 22 og 25). Þau voru í mestu magni ofan Sandár (st. 22).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.4.2 Lengdar- og aldursdreifing laxfiskaseiða í Þjórsá **ofan** Búða og Hestafoss, úr seiðarannsóknum 2001, skipt eftir stöðvum. Bláar súlur tákna náttúruleg laxaseiði, gular laxaseiði af sleppiuppruna, rauðar bleikjuseiði og ljósbrúnar urriðaseiði (athugið að skali er mismunandi á y-ás).

9.4.1.2 Þverár Þjórsár, ofan Búða og Hestafoss.

Myndir 9.4.3 og 9.4.4 sýnir lengdar- og aldursdreifingu laxfiskaseiða eftir stöðvum, tafla 9.4.1 sýnir seiðapéttleika eftir tegundum og aldri og viðauki 9.4.2 sýnir meðallengdir, staðalfrávik og fjölda seiða eftir tegundum, aldri og uppruna.

Rafveitt var á tímabilinu 23. júlí – 30. ágúst. Rafveitt var í Minnivallalæk þann 23. ágúst. Í Grjótá, Sandá og Hvammsá var rafveitt 25. júlí.

Urriði var ríkjandi í seiðastofnum þveránna, utan Fossár, en þar var lax ríkjandi. Mestur var þéttleikinn í Minnivallalæk, þar fundust sumargömumur urriðaseiði við nokkurn þéttleika á öllum stöðvum. Minnstur var þéttleiki þeirra á efstu stöðinni (st. 35), eða tæplega 16 á hverja 100 m² botnflatar, annars staðar var þéttleiki sumargamalla seiða á bilinu 40 – 50 seiði á 100 m². Eins árs seiði fundust á öllum stöðvum, þó einungis vottur á efstu stöð. Eldri seiði fundust varla, einungis í sáralitum þéttleika

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.


(1,7 seiði á 100 m²) á einni stöð (st. 9). Það gæti bent til þess að eldri seiði nýti sér Þjórsá til frekari vaxtar, enda fundust þau á stöðvum neðan Minnivallalækjar. Í Sandá (st. 21) fundust sumargömum og eins árs urriðaseiði í dálílum þéttleika (3,3 og 6,7 seiði á 100 m²).

Tafla 9.4.1 Visitala þéttleika laxfiskaseiða í Þjórsá og þverám hennar ofan Búða og Hestafoss skipt eftir aldri og uppruna samkvæmt seiðarannsóknum 2001. Tölur standa fyrir rafveidd seiði á 100 m² botnflatar í einni rafveiðiyfirferð. N táknar náttúrulegur uppruni og e táknar eldisuppruni.


Vatnsfall	Stöð	Tegund: Aldur: Flötur (m ²)	Lax					Bleikja		Urriði			
			0 ⁺	0 ⁺	1 ⁺	1 ⁺	2 ⁺	0 ⁺	1 ⁺	0 ⁺	1 ⁺	2 ⁺	3 ⁺
			n	e	n	e	n	n	n	n	n	n	n
Fossá	1	80	45,0	0,0	1,3	7,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Grjótá	23	240	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Sandá	21	150	3,3	0,0	3,3	4,0	0,0	0,0	0,0	13,3	3,3	0,0	0,0
Hvammsá	24	90	0,0	0,0	1,1	0,0	0,0	0,0	0,0	3,3	6,7	0,0	0,0
Þverá	2	414	0,0	0,0	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,2	0,5	0,5	0,0
Minnivallalækur	35	63	1,6	0,0	4,8	0,0	0,0	17,5	3,2	15,9	1,6	0,0	0,0
Minnivallalækur	9	60	0,0	0,0	1,7	0,0	0,0	0,0	0,0	40,0	13,3	1,7	0,0
Minnivallalækur	7	168	0,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	50,0	1,2	0,0	0,0
Minnivallalækur	6	176	5,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	43,8	3,4	0,0	0,0
Kolbeinslækur	37	20	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,0	5,0
Þjórsá	22	80	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,8	1,3	0,0	0,0	0,0	1,3
Þjórsá	12	129	0,0	5,4	0,8	3,9	0,0	0,0	0,0	0,0	5,4	7,0	0,0
Þjórsá	13	272	1,5	0,0	0,0	0,0	0,4	0,4	0,0	0,0	0,0	1,1	0,0
Þjórsá	25	240	0,8	0,0	0,0	0,4	0,4	0,8	0,0	0,0	0,8	0,0	0,4
Þjórsá	47	135	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	10	68	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	54,4	14,7	0,0	0,0
Þjórsá	11	322	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	11,5	1,2	0,0	0,0
Þjórsá	36	59	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	10,3	22,2	0,0	1,7
Þjórsá	18	92	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,1	0,0	3,3	1,1
Þjórsá	38	322	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,6	0,6	0,0	0,0
Meðaltal allra			2,9	0,3	0,7	0,8	0,0	1,1	0,2	12,2	3,8	0,9	0,5
Staðalfrávik			10,0	1,2	1,3	2,0	0,1	3,9	0,7	18,7	6,1	1,9	1,2
Meðaltal Þjórsá			0,3	0,5	0,1	0,4	0,1	0,5	0,1	7,8	4,5	1,1	0,4
Staðalfrávik			0,5	1,7	0,2	1,2	0,2	1,2	0,4	17,0	7,7	2,3	0,7
Meðaltal þveráa			5,6	0,0	1,4	1,2	0,0	1,7	0,3	16,7	3,0	0,3	0,0
Staðalfrávik			14,0	0,0	1,5	2,6	0,0	5,5	1,0	20,2	4,2	0,5	0,0

Í Fossá (st. 1) var rafveitt þann 23. júlí og fundust þar einungis laxaseiði. Þetta voru sumargömum náttúruleg laxaseiði (45,0 seiði á 100m²) auk ársgamalla laxaseiða, af náttúrulegum uppruna (1,3 seiði á 100 m²) og sleppiuppruna (7,5 seiði á 100m²).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.4.3 Lengdar- og aldursdreifing laxa- og bleikjuseiða í þverám Þjórsár **ofan** Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001. Sjá skýringar við mynd 9.4.2.



Mynd 9.4.4 Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í þverám Þjórsár **ofan** Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.


Í Grjótá (st. 23), er rennur til Sandár veiddust engin seiði. Í Sandá fundust sumargömul laxaseiði í dálitlum þéttleika ($3,3$ seiði á 100 m^2), svo og eins árs laxaseiði, bæði náttúruleg ($3,3$ seiði á 100 m^2) og af sleppiuppruna ($4,0$ seiði á 100 m^2). Í Hvammsá fannst einungis vottur af eins árs náttúrulegum laxaseiðum ($1,1$ seiði á 100 m^2). Í báðum þessum ám fundust 0^+ og 1^+ urriðaseiði í allnokkrum þéttleika ($3,3$ til $13,3$ seiði á 100 m^2).

Neðst í Minnvallalæk (st. 6. og 7) fundust sumargömul laxaseiði í dálitlum þéttleika ($5,1$ seiði á 100 m^2), einnig fannst vottur af þeim árgangi á efstu stöð (st. 35, $1,6$ seiði á 100 m^2). Eins árs laxaseiði fundust í litlum þéttleika á tveimur efstu stöðvunum (st. 9 og 35, $1,7$ og $4,8$ seiði á 100 m^2). Eldri laxaseiði fundust ekki. Bleikja fannst einungis á einni stöð efst í Minnvallalæk (st. 35), en þar fundust sumargömul bleikjuseiði í góðum þéttleika, eða tæplega 18 á hverja 100 m^2 botnflatar.

Í Kolbeinslæk var rafveitt skammt ofan ármóta við Árneskvísl. Þar veiddust tvö urriðaseiði á 20 m^2 , annað tveggja ára og $18,1\text{ cm}$, hitt þriggja ára, $15,1\text{ cm}$.

9.4.1.3 Þjórsá neðan Búða og Hestafoss.

Mynd 9.4.5a, 9.4.5b og 9.4.6 sýna lengdar- og aldursdreifingu laxfiskaseiða eftir stöðvum, tafla 9.4.2 sýnir seiðapéttleika eftir tegundum og aldri og viðaukar 9.4.3 og 9.4.4 sýna meðallengdir, staðalfrávik og fjölda seiða eftir tegundum og aldri. Rafveitt var á tímabilinu 8. ágúst til 5. október.



Mynd 9.4.5a Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í Þjórsá neðan Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknunum 2001.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Í Þjórsá neðan fossa var urriði ríkjandi (í meirihluta) á 15 stöðvum og lax á 5 stöðvum. Laxaseiði voru í meirihluta við Stöðulfell (st. 48), við Árnesflúðir (st. 30), í lónstæði fyrir landi Skálholts (st. 33), í gljúfrinu við Þjórsártún (st. 44) og ofan við Urriðafoss (st. 19).

Sumargömum laxaseiði fundust á fjórum stöðvum, á malareyrunum neðan Stöðulfells (st. 48), við Skeiðháholt (st. 32), á malareyrum við Kaldárholt (st. 32) og neðan Urriðafoss á móts við Egilsstaði (st. 46). Mestur var þéttleiki sumargömlu seiðanna við


Tafla 9.4.2 Þéttleiki laxfiskaseiða í Þjórsá og þverám hennar neðan Búða og Hestafoss, eftir aldri og uppruna (öll seiðin af náttúrulegum uppruna). Tölur standa fyrir rafveidd seiði á 100 m² botnflatar í einni rafveiðiyfirferð. Úr seiðarannsóknunum 2001. N táknað náttúrulegur uppruni og e táknað eldisuppruni.

Tegund:			Lax				Bleikja	Urriði						
Vatnsfall	Stöð nr.	Aldur:	0 ⁺	1 ⁺	2 ⁺	3 ⁺	0 ⁺	0 ⁺	1 ⁺	2 ⁺	3 ⁺	4 ⁺	7 ⁺	8 ⁺
		Flötur	n	n	n	n	n	n	n	n	n	n	n	n
Tungá	27	200	0,0	3,0	5,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tungá	14	342	0,0	2,0	2,6	0,0	0,0	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kálfá	16	242	0,0	6,2	2,9	0,0	0,0	6,2	0,0	0,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Kálfá	15	165	21,8	13,3	0,6	0,0	0,0	0,6	1,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kálfá	17	96	19,8	9,4	2,1	0,0	0,0	62,5	1,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kaldárh.lækur	42	60	0,0	1,7	1,7	0,0	0,0	1,7	5,0	1,7	0,0	1,7	0,0	0,0
Kaldárh.lækur	43	40	0,0	0,0	1,7	0,0	0,0	26,7	0,0	1,7	0,0	0,0	0,0	1,7
Þjórsá	26	165	0,0	0,6	1,2	0,0	0,0	0,6	5,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	39	90	0,0	0,0	3,3	0,0	0,0	0,0	22,2	5,6	2,2	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	40	156	0,0	0,0	0,6	0,0	0,0	1,3	2,6	0,0	0,0	0,0	0,6	0,0
Þjórsá	20	30	0,0	23,3	3,3	0,0	0,0	26,7	53,3	20,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	48	102	20,6	0,0	1,0	0,0	0,0	2,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	30	60	0,0	6,7	5,0	0,0	0,0	1,7	6,7	1,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	31	336	0,0	0,0	0,6	0,0	0,0	3,6	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	32	200	0,5	0,0	0,0	0,0	0,5	5,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	33	120	0,0	4,2	10,0	1,7	0,0	0,0	6,7	0,8	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	34	100	0,0	4,0	5,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	44	74	0,0	9,5	1,4	1,4	0,0	0,0	2,7	1,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	41	539	0,4	0,2	1,1	0,0	1,3	2,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	19	70	0,0	8,6	7,1	0,0	0,0	0,0	7,2	5,7	1,4	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	45	371	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,5	1,6	0,3	0,3	0,3	0,0	0,0
Þjórsá	46	255	0,4	0,0	0,0	0,0	0,4	0,0	0,0	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjórsá	49	180	0,0	0,6	1,1	0,0	0,0	2,2	0,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Meðaltal allra:			2,8	4,1	2,5	0,1	0,1	6,4	5,9	1,8	0,2	0,1	0,0	0,1
Staðalfrávik			7,1	5,7	2,5	0,4	0,3	14,3	11,9	4,3	0,5	0,3	0,1	0,3
Meðaltal Þjórsá			1,4	3,6	2,6	0,2	0,1	3,0	8,0	2,3	0,2	0,0	0,0	0,0
Staðalfrávik			5,1	6,2	2,9	0,5	0,3	6,5	13,8	5,1	0,6	0,1	0,2	0,0
Meðaltal þveráa			5,9	5,1	2,4	0,0	0,0	13,9	1,1	0,5	0,0	0,2	0,0	0,2
Staðalfrávik			10,2	4,8	1,4	0,0	0,0	23,4	1,8	0,8	0,0	0,6	0,0	0,6

Stöðulfell, eða 20,6 seiði á 100 m² botnflatar. Eins árs laxaseiði fundust á mun fleiri stöðvum, eða á 10 stöðvum af 16. Mestur var þéttleiki þeirra við Stöðulfell (st. 20), eða

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

23,3 seiði á 100m². Þéttleiki eins árs laxaseiða var einnig nokkur í gljúfrinu ofan við Urriðafoss á (st. 44 og 19, 9,5 og 8,6 seiði á 100m²). Tveggja ára laxaseiði fundust á 13 stöðvum. Þéttleiki þeirra var frá 0,6 til 10 seiði á 100 m², mestur í fyrirhuguðu lónstæði (st. 33) virkjunar við Urriðafoss. Priggja ára laxaseiði fundust á tveimur stöðvum í þéttleikanum 1,4 – 1,7 seiði á 100 m².




Mynd 9.4.5b Lengdar- og aldursdreifing laxa- og bleikjuseiða í Þjórsá **neðan** Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001.

Urriðaseiði fundust víðs vegar á svæðinu. Sumargömul seiði fundust í mestum þéttleika við Stöðulfell (st. 20), eða tæplega 27 seiði á 100 m². Við Skeiðháholt (st. 32) var þéttleikinn 5,0 á 100 m² og ofan Urriðafoss (st. 19), 4,3 á 100 m². Vottur af 0⁺ urriðaseiðum fannst á sex stöðvum til viðbótar. Eins árs urriðaseiði fundust í mestum mæli við Stöðulfell (st. 20) um 53 seiði á 100 m², í Árneskvísl, neðan Hestafoss (st. 39) var þéttleikinn um 22 seiði á 100 m² og ofan Þjótanda (st. 34) um 20 seiði á 100 m². Þessi árgangur fannst á tíu öðrum stöðvum og var þéttleikinn á bilinu 0,6 – 6,7 seiði á 100 m². Eldri urriðaseiði fundust einnig víðs vegar en í minni þéttleika.

Bleikju varð vart á þremur stöðvum á árkaflanum, við Skeiðháholt (st. 32), við Kaldárholt (st. 41) og við Egilsstaði (st. 46) og var alls staðar í litlum þéttleika (0,4 til 1,3 seiði á 100 m²) og eingöngu sumargömul seiði.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.4.6 Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í Þjórsá **neðan** Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001.

9.4.1.4 Þverár Þjórsár neðan Búða og Hestafoss.


Mynd 9.4.7 sýnir lengdar- og aldursdreifingu laxfiskaseiða eftir stöðvum, tafla 9.4.2 sýnir seiðapettleika eftir tegundum og aldri og viðauki 9.4.3 gefur meðallengdir, staðalfrávik og fjölda seiða eftir tegundum og aldri.

Rafveitt var á tímabilinu 9. ágúst – 3. september. Í Tungá var rafveitt á tveimur stöðvum, þann 9. ágúst. Þar var lax ríkjandi tegund. Fundust þar eins og tveggja ára laxaseiði við

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

þéttleika 2,0-5,0 seiði á 100 m². Þéttleiki tveggja ára seiða var meiri en eins árs á báðum stöðvum. Meðalþéttleiki beggja stöðva af tveggja ára seiðum var 3,8 seiði á hverja 100 m² og 2,5 af eins árs seiðum. Vottur af urriða fannst á annarri stöðinni (0,3 á 100 m²), en engin bleikja.

Í Kálfá var rafveitt á þremur stöðvum dagana 9. og 10. ágúst. Í henni ofanverðri (st. 16 og st. 15) voru laxaseiði ríkjandi tegund, en á neðstu stöð (st. 17) var urriði ríkjandi. Sumargömul laxaseiði fundust í allnokkrum mæli á tveimur neðstu stöðvunum (st. 15 og 17, 21,8 og 19,8 á 100 m²) en engin á efstu stöð (st. 16).



Mynd 9.4.7 Lengdar- og aldursdreifing laxa- og urriðaseiða í þverárm Þjórsár, neðan Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Eins árs laxaseiði fundust á öllum stöðvunum ($6,2 - 13,3$ seiði á 100 m^2) en þéttleiki tveggja ára seiða var mun minni. Mest fannst af urriða á neðstu stöð (st. 17) Kálfár, en þar var þéttleiki sumargamalla seiða $62,5$ seiði á 100 m^2 . Fannst þar einungis vottur eldri urriðaseiða. Einnig fannst allmikið af sumargömlum urriðaseiðum á efstu stöð (st. 16, $6,2$ seiði á 100m^2) en þau voru í litlum þéttleika ($0,6$ seiði á 100m^2) um miðbik árinnar (st. 15). Engin bleikja fannst í Kálfá.

Í Kaldárholtslæk var rafveitt á tveimur stöðvum þann 3. september, fannst þar vottur af laxaseiðum, eins og tveggja ára (tafla 9.4.2). Urriði var ríkjandi tegund í læknum og þéttleiki sumargamalla urriðaseiða á efri stöðinni var $26,7$ seiði á 100 m^2 en mun minni á neðri stöðinni ($1,7$ seiði á 100m^2), nálaðgt ósi í Þjórsá. Eins árs urriðaseiði fundust einungis á neðri stöðinni en tveggja ára á báðum stöðvum, ($1,7-5,0$ seiði á 100 m^2).

9.4.2 Meðallengd og Vöxtur.

Í viðauka 9.4.1.4 , er að finna upplýsingar um meðallengdir seiða úr rafveiðum. Lengd seiðanna miðað við aldur gefur hugmynd um vaxtarhraða þeirra.

Í Fossá virtist vöxtur laxaseiða hægur, tæplega 3 cm munur var á milli lengdar seiða á 1. og 2. ári (meðallengd 3,1 cm og 5,7 cm). Sumargömul seiði voru einnig smærri en þau sem veiddust á svipuðum tíma annars staðar. Í Sandá var vöxturinn meiri, en þar var meðallengd sumargamalla laxaseiða 3,4 cm og eins árs 6,7 cm. Gögn gefa ekki tilefni til að meta vöxt seiða í Þverá. Vöxtur urriðaseiða í Minnivallalæk virtist mestur á rannsóknarsvæðinu en meðallengd sumargamalla laxaseiða var frá 5,0-6,3 cm og eins árs seiði voru flest 10 til 13 cm að lengd.

Urriðaseiði í Þjórsá ofan Minnivallalækjar virðast vaxa hægar en seiði sem veiddust neðan hans. Við Haga (st. 12) var meðallengd eins árs urriðaseiða 9,0 cm og meðallengd tveggja ára seiða var 12,3 cm. Vöxtur milli ára var því um 3,3 cm. Á stöðvum nr. 10 og nr.11, neðan óss Minnivallalækjar, var vöxturinn hins vegar 4,8 cm á milli sumargamalla (5,7 cm) og eins árs (10,5 cm) seiða.

Vöxtur náttúrulegra laxaseiða í Þjórsá ofan fossa virðist allgóður. Vöxtur laxaseiða neðan fossa í Þjórsá var einnig þokkalegur. Þannig var meðallengd 0^+ víðast um eða yfir 4 cm, eins árs seiða um og yfir 7,5 cm og tveggja ára seiða um 10,5 cm. Meðallengd jafngamalla seiða jókst eftir því sem neðar dró. Urriðaseiðin í Þjórsá neðan fossa voru einnig frekar stór miðað við aldur. Meðallengdir 0^+ seiða var víðast 4,5 til 5,5 cm og eins árs seiða 9-10 cm.

Í Kálfá, var vöxtur laxaseiða ágætur, meðallengd sumargamalla seiða var 4,4 cm. og eins árs seiða 8,5 cm. Meðallengdir voru svipaðar í Tungá.

9.4.3 Fæða.

Magainnihald var athugað hjá seiðum sem veidd voru í rafveiði. Vegna þess hversu fá sýni voru tekin var gögnum slegið saman á nokkrum stöðvum.

9.4.3.1 Þjórsá, Kálfá, Tungá og Kaldárholtslækur.


Fæðugögn fyrir lax og urriða í Þjórsá eru tekin saman, þar sem stöðvum er skipt í svæði 1 – 8 (sjá texta við mynd 9.4.8). Í Þjórsá var magainnihald hjá 38 laxaseiðum ($6,8$ cm

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

til 13,0 cm), 31 urriðaeiði (3,9 – 18,3 cm). Meðalmagafylli var að jafnaði 2,3 – 3,3 hjá laxaseiðum og hjá urriðaseiðum 2,0 – 3,0 (mynd 9.4.8) og var ekkert seiðanna með tóman maga. Hjá laxaseiðum voru vorflugulirfur (8 – 75 % af rúmmáli), rykmýslirfur (0 – 55%) og bitmýslirfur (6 – 43%) þýðingarmestu fæðugerðirnar. Var samanlagt meðalrúmmál þessara fæðugerða á bilinu 76 – 100%. Lítill munur var á fæðuvali seiða ofan og neðan fossa (mynd 9.4.8). Eingöngu greindust fjórar aðrar fæðugerðir, ógreind fluga, rykmýspúpur, tvívængjulirfur og vatnabobbar. Ógreind fluga fannst einkum á kaflanum neðan Búða að Árnesflúðum og á fiskgengum hluta Árneskvíslar, rykmýspúpur efst á fiskgenga kaflanum og vatnabobbi á neðsta hluta Árneskvíslar.


Fjölbreytni var mun meiri í fæðuvali urriða en lax. Þýðingarmestar voru vorflugulirfur, rykmýslirfur og ógreindar flugur. Aðrar helstu fæðugerðir voru, rykmýspúpur vatnabobbi og bitmýslirfur. Bitmýslirfur voru teknar í mun minna mæli af urriða en laxi (0 – 13%, mynd 9.4.8). Í Árneskvísl, neðan Lækjar (st. 38) greindist vatnafló og skelkrabbi í maga eins urriðaseiðis.

Í Kálfá og Tungá voru magar úr 20 laxaseiðum og 2 urriðaseiðum teknir til fæðuskoðunar. Bitmýs- og rykmýslirfur voru uppistaðan í fæðu laxaseiða (mynd 9.4.9). Meðalfylli maga var 3,0. Aðalfæða urriðaseiðanna var rykmýspúpur en einnig voru bitmýslirfur þýðingarmikil fæða.



Mynd 9.4.8 Hlutfallslegt rúmmál fæðugerða hjá laxa- og urriðaseiðum í Þjórsá. Úr seiðarannsóknum á vatnasvæði Þjórsár 2001. N stendur fyrir fjöldi krufinna seiða með fæðu. F stendur fyrir meðalfylli allra krufinna seiða. Árkaflar eru, nr: 1= Búrfell – ós Þverár; 2= ós Þverár - Minninúpur; 3= ófiskgengi kaflinn neðan Minnivallalækjar; 4= Búðafoss - Árnesflúðir; 5= Árneskvísl, neðan Hestafoss; 6= Árnesflúðir- Krókur; 7= Þjótandi- Urriðafoss; 8= Urriðafoss - ós. Árkaflar 1-3 eru ofan fossa og 4-8 neðan þeirra.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.




Mynd 9.4.9 Hlutfallslegt rúmmál fæðugerða hjá laxa- og urriðaseiðum í þverám Þjórsár **neðan** Búða og Hestafoss. Úr seiðarannsóknum 2001.

Í Kaldárholtslæk voru magar (meðalfylli 2) tveggja laxaseiða skoðaðir. Seiðin voru eins og tveggja ára. Hið eldra var með ógreinanlega fæðugerð, en fæða þess yngra var bitmýslirfur (40%), vorflugulirfur (40%) og vatnabobbi (20%). Einnig voru skoðaðir magar (meðalfylli 3) úr þremur urriðaseiðum. Aðalfæðan var bitmýslirfur (53%) en einnig fundust ógreindar flugur (20%) auk ógreindra bjalla og vorflugulirfur og hornsíli (mynd 9.4.9).

9.4.3.2 Þverár Þjórsár ofan Búða.

Í Fossá var magainnihald skoðað hjá fjórum eins árs laxaseiðum af sleppiuppruna (5,7 - 9,1 cm). Fæða þeirra reyndist fluga og rykmýslirfur, auk ógreindrar fæðu (mynd 9.4.10). Í Sandá voru krufin fjögur laxaseiði (6,7 - 7,8 cm) og voru þau eingöngu að éta rykmýslirfur (mynd 9.4.10). Skoðað var í einn urriðamaga úr ársgömlu seiði (8,3 cm) og reyndist fluga vera aðalfæðan en auk þess fundust rykmýslirfur í maga þess. Laxaseiði (6,7 og 8,3 cm) í Þverá, greindust með tvívængjulirfur, rykmýslirfur og bitmýslirfur í maga (mynd 9.4.10). Tvö urriðaseiði voru krufin úr Þverá (9,1 og 12,7 cm) og voru þau með sömu aðalfæðu og laxinn, en auk þess fundust vorflugulirfur og



Mynd 9.4.10 Hlutfallslegt rúmmál fæðugerða hjá laxfiskaseiðum í þverám Þjórsár **ofan** Búða og Hestafoss, úr seiðarannsóknum á vatnasvæði Þjórsár 2001. N stendur fyrir fjölda krufinna seiða með fæðu. F stendur fyrir meðalfylli allra krufinna seiða


Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

fluga í mögum. Meðalfylli urriðaseiðanna (3,0) var mun meiri en laxaseiðanna (1,0). Í Minnivallalæk voru vorflugulirfur og bitmýslirfur aðalfæða laxa- og urriðaseiða, en þar voru 3 laxaseiði (5,6 – 9,3 cm) og 11 urriðaseiði (5,9 – 12,9 cm) skoðuð. Tvö bleikjuseiði (6,3 og 8,3 cm) voru skoðuð af efstu stöðinni (st. 35) og fannst vatnabobbi í maga annars þeirra en rykmýslirfur í maga hins (mynd 9.4.8). Í Kolbeinslæk, ofan við bæinn Læk var fæða eins urriðaseiðis skoðuð, ógreindri fluga var aðalfæðan í maganum en einnig fundust rykmýslirfur.

9.4.4 Seiðarannsóknir 1993 – 2001.

Í inngangi er vikið að niðurstöðum rannsókna fram til 1988. Fylgst hefur verið með seiðabúskap ofan fossanna Búða og Hestafoss síðan 1993 með sérstakri áherslu á að kanna landnám laxa þar eftir tilkomu laxastiga við Búða. Einnig hefur til viðmiðunar verið kannaður seiðabúskapur á tveimur stöðvum í Kálfá og í Þjórsá neðan ósa Kálfá.

Fyrst varð vart við árangursríkt klak laxa- á áður ófiskgengum svæðum árið 1994, en þá fundust sumargömum laxaseiði neðst í Minnivallalæk, árið eftir fundust þau í Fossá og einnig á öllum þremur athugunarstöðvum í Minnivallalæk. Upp frá því hafa fundist merki um klak af og til og á fleiri stöðvum. Þegar vísitala seiðapéttleika áranna 1993 til 2001 á vatnasvæðinu ofan Minnivallalækjar er skoðuð, kemur í ljós að þéttleiki og hlutfall laxaseiða er að aukast á kostnað þéttleika og hlutfalls urriða og bleikju (mynd 9.4.11, viðauki 9.4.5).



Mynd 9.4.11 Meðalvísitala þéttleika laxfiskaseiða á stöðvum 1,2,12 og 13 á ófiskgengu vatnasvæði Þjórsár ofan Minnivallalækjar skipt eftir tegundum og uppruna. Bláar súlur eru lax, gular laxasleppiseiði, ljósrauðar urriði og dökkrauðar bleikja. Úr seiðarannsóknum 1993-2001.

Í Fossá, neðan Hjálparfoss, hefur verið rafveitt hvert ár frá 1993. Þar hefur heildarþéttleiki laxfiskaseiða verið á bilinu 0 – 53,8 seiði á 100 m². Eldri rannsóknir, fyrir 1993, bentu til þess að bleikja væri ríkjandi tegund í seiðabúskap árinna. Fyrsta árið var þó engin veiði, en árin 1994 - 1996 fannst bleikja í ánni með þéttleika á bilinu 3,6 – 10,8 seiði á 100m². Árið 1995 varð fyrst vart við náttúruleg 0⁺ laxaseiði í ánni, sem bendir til þess að lax hafi fyrst hrygnit með árangri í ánni haustið 1994. Á árunum 1997 – 2001 hefur þéttleiki bleikjuseiða í ánni verið sáralítill, eða á bilinu 0 – 2 seiði á 100 m². Frá 1991 – 1997 var sleppt gönguseiðum í Fossá og 1994 – 2001 hefur

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

sumaröldum smáseiðum verið sleppt. Smáseiðanna varð ekki vart árið 1995, eftir einn vetur í ánni en á árunum 1996 – 2001, hafa 1^+ eldisseiði fundist með þéttleikann $0 - 7,5$ seiði á $100m^2$. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleika í Fossá á rannsóknartímabilinu. Í Sandá var einungis rafveitt árið 1995. Fundust þar eins árs laxasleppiseiði ($7,0$ seiði á $100 m^2$) og urriðaseiði ($7,0$ seiði á $100m^2$).

Í Þverá hefur verið rafveitt árlega síðan 1993. Þar hefur heildarþéttleiki seiða verið á bilinu $0,9 - 8,4$ seiði á $100m^2$. Fyrsta náttúrulega laxaseiðið fannst í ánni árið 1998, þar var um að ræða $9,9$ cm langt tveggja ára seiði, úr hrygningu haustið 1995. Aldrei hafa fundist sumargömum laxaseiði á rafveiðistað, en frá árinu 1998 hafa fundist eins til tveggja ára seiði í ánni sem bendir til þess að lax sé tekinn að hrygna annars staðar í ánni eða í Þjórsá nálægt ósi hennar. Frá 1993 hefur fundist urriði í ánni og var hann ríkjandi tegund framan af, en nú virðist þéttleiki laxa vera meiri. Vottur bleikjuseiða fannst við seiðarannsóknir til ársins 1995 en síðan hafa bleikjuseiði ekki fundist í Þverá. Á árunum 1991 – 1996 var gönguseiðum sleppt í ána og sumaröldum seiðum frá 1993 með hléum. Eldisseiðanna hefur þrisvar orðið vart í ánni en aldrei í miklum þéttleika ($0,4-2,4$ seiði á $100 m^2$). Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleika í Þverá á rannsóknartímabilinu.


Rafveitt hefur verið í Þjórsá neðan bæjarins Haga (st.12) síðan 1993. Þar hefur urriði verið ríkjandi til þessa. Af einstökum tegundum og árgögnum var þéttleiki eins árs urriðaseiða mestur framan af ($11,0 - 24,8$ seiði á $100m^2$). Árið 1999 lækkaði þéttleiki þeirra og hefur verið á bilinu $3,3 - 7,0$ seiði á $100m^2$ síðan. Þéttleiki tveggja ára urriðaseiða hefur einnig verið nokkur á stöðinni ($0 - 9,5$ seiði á $100m^2$). Laxaseiði af sleppiuppruna hafa fundist ár hvert við Haga og hefur þéttleiki þeirra verið á bilinu $9,3 - 32,2$ seiði á $100 m^2$. Tvisvar hafa fundist náttúruleg laxaseiði við Haga, árin 1999 og 2001, bæði árin var um að ræða eins árs seiði. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleika á rannsóknartímabilinu.

Í Þjórsá neðan Þverár (st.13) hefur verið rafveitt síðan 1993. Þar hefur þéttleiki laxfiskaseiða verið mun minni heldur en á stöðinni við Haga. Urriði hefur verið ríkjandi í seiðabúskapnum flestöll árin, þéttleiki þeirra hefur verið á bilinu $1,1 - 4,0$ seiði á $100m^2$. Oft hefur fundist vottur af 0^+ bleikjuseiðum og náttúruleg laxaseiði hafa fundist síðan 1999. Hafa það verið sumargömum til tveggja ára seiði. Árin 1995 og 1996 fundust laxaseiði af sleppiuppruna á stöðinni, í báðum tilvikum tveggja ára seiða. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleikans á rannsóknartímabilinu.

Í Minnivallalæk hefur verið rafveitt á þemur stöðvum hvert ár síðan 1993. Árið 1994 varð fyrst vart við sumargömum laxaseiði neðst í Minnivallalæk og ári seinna á næstu stöð fyrir ofan og hafa þau fundist öll ár síðan utan árið 1996 og hefur þéttleiki þeirra verið $0,4 - 14,2$ seiði á $100 m^2$. Athygli vekur að eins árs og eldri laxaseiði hafa sjaldan fundist, eða einungis árið 1999 og fundust þau þá á stöðvum 6 og 7. Í Minnivallalæk virðist urriðastofninn vera sterkur og benda seiðarannsóknir á tímabilinu 1993-2001 til þess að landnám laxins hafi enn lítil áhrif á urriðastofninn. Meðalþéttleiki urriðaseiða á tímabilinu var $21,6$ seiði á $100m^2$ á efstu stöð (st. 9), $42,3$ seiði á $100 m^2$ á stöð nr. 7 og $40,5$ seiði á $100m^2$ á neðstu stöð (nr. 6). Þéttleiki hefur þó verið breytilegur, t.d. var þéttleiki urriðaseiða lítill á stöðvum nr. 7 (12,2) og 9 (8,9) árið 1993, árið 1997 var lítill þéttleiki á stöðvum nr. 6 og 7 og árið 2000 á stöðvum nr. 6 og 9. Á árunum 1991 – 1997 var sleppt laxaseiðum í Minnivallalæk. Fyrstu tvö árin var eingöngu sleppt

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

gönguseiðum, en á árunum 1993 – 1996 var einnig sleppt sumaröldum seiðum, árið 1997 var síðast sleppt í lækinn og þá einungis gönguseiðum. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðapéttleikans í Minnvallalæk á rannsóknartímabilinu.



Mynd 9.4.12 Vísitala þéttleika (seiði á 100m²) seiða eftir tegundum, milli ára eftir rafveiðistöðvum á vatnasvæði Þjórsár á árunum 1993 – 2001. Ath. Mismunandi gildi y-áss. Úr seiðarannsóknum 1993 – 2001.

Í Þjórsá neðan óss Minnvallalækjar hefur verið rafveitt á einni til þremur stöðvum (st. 10, 11 og 18) síðan 1993. Á stöð 10, sem er rétt neðan óss Minnvallalækjar hefur þéttleiki urriðaseiða verið á bilinu 11,9 – 116,7 seiði á 100 m². Vottur af bleikju hefur einnig fundist í gegnum árin en laxaseiði hafa aldrei fundist þar. Eins og í Minnvallalæk var seiðapéttleiki minnstur árin 1993 og 1997. Árið 1993 var þéttleiki eins árs urriðaseiða sérstaklega líttill og árið 1997 vantaði sumargömlu seiðin alveg. Uppistaðan í þéttleika urriðaseiða hefur verið sumargömul og eins árs seiði. Á stöð 11 fundust framan af nær eingöngu urriðaseiði, mest sumargömul og eins árs í minni þéttleika. Árið 1995 fannst vottur af bleikjuseiðum á st. 11. Laxaseiði fundust fyrst árið 1998 í litlum þéttleika og þeirra hefur orðið vart hvert ár síðan. Á stöð 18, efst í

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.


Árneskvísl hafa nær eingöngu fundist urriðaseiði, mest hefur fundist af sumargömlum urriðaseiðum, en einnig eins og tveggja ára. Þéttleiki urriðaseiðanna hefur verið á bilinu 5,5 – 44,0 seiði/100m², minnstur var þéttleikinn árið 2001 (mynd 9.4.12).

Rafveitt hefur verið á tveimur stöðvum í Kálfá árlega síðan árið 1993, rétt ofan þjóðvegar (st.15) og við bæinn Bólstað (st. 17), nálægt ósi í Þjórsá (viðauki 9.4.6). Einnig var rafveitt ofan ármota Tungár (st.16) nálægt bænum Minni-Mástungu árin 1993 og 2001. Á stöð 15 hefur lax verið ríkjandi öll árin, þéttleiki þeirra hefur verið á bilinu 2,8 – 38,7 seiði á 100m² og yfirleitt hefur fundist mest af 0⁺. Lítils háttar hefur fundist af urriðaseiðum en þéttleiki sumargamalla og eins árs seiða hefur verið 0 – 3,8 seiði á 100m². Engin bleikja hefur fundist í rafveiði í Kálfá og Tungá. Á neðri stöðinni (st.17) virðist lax og urriði vera jafn ríkjandi í seiðabúskapnum. Þéttleiki laxaseiða hefur verið 3,4 – 77,8 seiði á 100 m² og urriðaseiða 15,6 – 63,5 seiði á 100 m², mest var af sumargömlum laxa og urriðaseiðum. Vottur sumargamalla bleikjuseiða hefur einnig fundist. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleikans í Kálfá á rannsóknartímabilinu.

Í Þjórsá neðan fossanna Búða og Hestafoss hefur verið rafveitt við bæinn Stöðulfell árlega síðan 1994. Urriðaseiði hafa verið þar ráðandi tegund. Þéttleiki þeirra hefur verið 17,8 – 100 seiði á 100 m² og þéttleiki laxaseiða 11,9 – 63,6 seiði á 100 m². Mest hefur fundist af sumargömlum og eins árs urriðaseiðum. Eins árs laxaseiði hafa verið uppistaða laxaseiðanna, en einnig eldri laxaseiði og auk þess sumargömul seiði árin 1995, 1998 og 1999. Sumargömul bleikjuseiði fundust í dálitlum þéttleika árið 1998. Á mynd 9.4.12 má sjá þróun seiðaþéttleikans við Stöðulfell á tímabilinu.

9.4.5 Hornsíli í Þjórsá og þverám 1993 – 2001.

Hornsíli sem komið hafa fram í rafveiðunum hafa verið skráð og þau lengdarmæld. Þau hafa veiðst víðs vegar á vatnasvæðinu. Mest hefur fundist af hornsílum á ófiskgengum hluta Árneskvíslar (st 18 og 38) í Minnivallalæk (st. 6 og 7) og í Kaldárholtslæk (st. 42 og 43). Einnig hafa hornsíli fundist í Fossá (st. 1), í Þverá (st. 2), í Þjórsá neðan Þverár (st. 13), neðst í Kálfá (st. 17) í Þjórsá á Skeiðum (st.33) og í Þjórsá neðan við Urriðafoss (st. 45).



Mynd 9.4.13 Lengdardreifing (mm) hornsíla (N=77) á vatnasvæði Þjórsár. Úr seiðarannsóknum 1993 – 2001.


Flest hornsílin voru á lengdarbiliðu 2 – 5 cm (mynd 9.4.13). Í Þjórsá finnast hornsíli víðast hvar þar sem straumur er hægur. Í þveránum finnast þau nálægt ósi í Þjórsá og sum staðar ofar þar sem leiðni er há og botngerð er finkornótt eða leirkennd.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

9.5 Árangur seiðasleppinga.

Árangur seiðasleppinga var metinn út frá heimtum örmerktra laxa úr netaveiði. Vegna þess að vitað var að skil merkja voru ekki eins og best verður á kosið voru heimtur umreiknaðar frá heimtum hjá þeim netabændum sem vitað var að leituðu eftir merkjum.

Heimtur í veiði hjá einstaka sleppihópum laxagönguseiða, á árabilinu 1991 til 1997, hefur verið á bilinu 0,0 til 1,8 % og umreiknað 0,0 til 3,0 %. Jafnaðarheimtur (umreiknað) eru 0,9 %. Heimtur sumaralinna seiða sleppt á árabilinu 1988 til 1999 hafa verið á bilinu 0,0 til 0,6 %, umreiknað 0,0 til 1,22 og að meðaltali 0,5 umreiknað. Bestar heimtur sumaralinna seiða hafa verið af sleppihópum í Þjórsá við Haga eða 0,6 % að meðaltali í veiði og hópur með hæstu heimtur þaðan hefur skilað sér í 1,22 % (umreiknað) (mynd 9.5.1, viðauki 9.5.1).




Mynd 9.5.1 Meðalheimtur (umreiknað) hópa sleppiseiða eftir seiðagerð á vatnasvæði Þjórsár.

Heimtur merktra sumaralinna seiða hafa verið lakastar í Minnivallalæk eða 0,2 % að jafnaði (umreiknað) og 0,3 % í Fossá. Heimtur sleppihópa frá 1998 eru ekki allar komnar fram.

Samkvæmt umreiknuðum heimtum hafa sleppingar laxaseiða frá og með árinu 1988 verið að skila að jafnaði um 270 löxum í veiði á ári sem er 12,5 til 15 % af heildarlaxveiði á vatnasvæðinu.

Flest gönguseiðin skiliðu sér eftir 1 ár frá sleppingu (80,7 %). Eftir 2 ár heimtust 18,5 % og einn lax (0,8 %) eftir fjögur ár, en sá fiskur hefur að öllum líkindum dvalið a.m.k ár í ánni áður en hann gekk til sjávar. Algengast var að sumaröldu seiðin veiddust eftir 3 ár frá sleppingu (60 %), en 20 % skiliðu sér eftir 2 ár, 19,1 % eftir 4 ár og 0,9 % eftir 5 ár. Munur kom fram milli sleppiáa á þeim tíma sem leið frá sleppingu til heimtu. Seiðin úr Minnivallalæk komu fram eftir tvö (14 %) og þrjú ár (86 %) en ekkert eftir fleiri ár. Stór hluti Þjórsárseiðanna veiddist hins vegar eftir fjögur ár frá sleppingu (26 %), (mynd 9.5.2). Pessi munur hjá sumaröldu seiðunum liggur fyrst og fremst í mismun á lengd ferskvatnsdvalar.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.5.2 Hlutfallsleg skipting heimta sumaralinna seiða eftir árum frá sleppingu, skipt eftir sleppiám.

9.6 Rannsóknir á fullvaxta fiski.


9.6.1 Aldursrannsóknir á laxi í Þjórsá.

Hreistri til aldursgreiningar af 763 löxum var safnað af netaveiddum fiski úr Þjórsá árunum 1986 til 2001. Flestir laxanna voru veiddir í net við Urriðafoss. Unnt reyndist að greina aldur hjá 737 löxum (96,6 %) (tafla 9.6.1).

Tafla 9.6.1 Niðurstöður aldursgreiningar á laxi úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001. Laxar sem voru að koma aftur til hrygningar eru meðtaldir.									
Ferskvár	Hængar			Hrygnur				Ókyngreint	Samtals
	1	2	3	1	2	3	4	1	2
1	34	0	0	33	2	0	0	1	0
2	80	6	0	22	22	1	0	0	1
3	233	20	1	120	69	4	0	3	4
4	30	7	0	25	14	1	1	0	1
5	1	0	0	0	1	0	0	0	0
Samtals	378	33	1	200	109	5	1	4	737

Lengd laxanna var frá 52 til 98 cm og þyngdin 1,4 til 10,4 kg (mynd 9.6.1). Ferskvatnsdvöl laxanna var frá 1 til 5 ár. Þriggja ára ferskvatnsdvöl virðist vera algengust hjá náttúrulegum laxi á vatnasvæðinu. Ljóst er að allnokkur hluti laxa var af sleppiuppruna. Sjötíu laxar (9,5 %) reyndust hafa verið eitt ár í fersku vatni og voru því úr sleppingum gönguseiða. Ljóst er og að allnokkur hluti þeirra laxa sem verið höfðu 2 ári í fersku vatni var úr sleppingum sumaralinna seiða. Flestir laxar er dvöldu 3 ár eða

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.6.1 Lengdar- (A) og þyngardreifing (B) aldursgreindra laxa úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001. Fram kemur dreifing eftir árafjölda í sjó og dreifing laxa sem hafa hrygnt áður.

lengur í fersku vatni voru af náttúrulegum uppruna (tafla 9.6.1). Mikill meirihluti laxanna hafði dvalið eitt ár í sjó (79 %). Um 21 % höfðu verið 2 ár eða fleiri í sjó og voru 17,5 % samfellt tvö ár í sjó (ekki hrygnt eftir fyrsta árið) og enginn samfellt lengur. Hrygnur höfðu meiri tilhneigingu en hængar til að vera 2 ár eða lengur í sjó. Þannig voru 77 % laxa sem verið höfðu tvö eða fleiri ár í sjó hrygnur, en 65% eins árs laxa úr sjó voru hængar. Allir laxar með þriggja og fjögurra ára sjávaraldur höfðu hrygnt áður. Hlutfall áður hrygndra laxa var 2,7 %. Mikill meirihluti laxa sem var að koma aftur til hrygningar voru hrygnur (90 %). Flestir höfðu hrygnt einu sinni (90 %) og enginn oftar en tvívar (tafla 9.6.2).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Tafla 9.6.2 Tíðni hrygninga eftir kynjum og sjávardvöl hjá laxi úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001.										
<i>Sjávarár Tíðni hrygninga</i>	<i>Hængar</i>			<i>Hrygnur</i>				<i>Ókyngreint</i>	<i>Samtals</i>	
	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>3</i>	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>3</i>	<i>4</i>			
<i>0</i>	378	32		200	97			4	6	717
<i>1</i>		1	1		12	4				18
<i>2</i>					1	1				2
<i>Samtals</i>	378	33	1	200	109	5	1	4	6	737

Hængar voru að jafnaði stærri en hrygnur eftir jafnlanga dvöl í hafi (töflur 9.6.3 og 9.6.4).


Tafla 9.6.3 Meðallengdir laxa (cm) eftir kyni og sjávarárum, úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001. Laxar sem höfðu hrygnt áður eru undanskildir.				
<i>Sjávarár</i>	<i>Hængar</i>		<i>Hrygnur</i>	
	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>I</i>	<i>2</i>
<i>Meðallengd</i>	61,8	88,0	58,2	77,1
<i>Staðafrávik</i>	3,6	4,0	3,4	4,1
<i>Fjöldi</i>	362	31	197	97

Tafla 9.6.4 Meðalþyngdir (kg) laxa eftir kyni og sjávarárum, úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001. Laxar sem höfðu hrygnt áður eru undanskildir.				
<i>Sjávarár</i>	<i>Hængar</i>		<i>Hrygnur</i>	
	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>I</i>	<i>2</i>
<i>Meðalþyngd</i>	2,6	7,3	2,3	4,9
<i>Staðalfrávik</i>	0,5	1,2	0,4	0,9
<i>Fjöldi</i>	364	32	195	96

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

9.6.2 Aldursrannsóknir á urriða og bleikju í Þjórsá.

Greint var hreistur af 31 urriða sem safnað var af netaveiddum fiskum í Þjórsá. Þeir voru frá 40 til 60 cm langir og 1,0 til 2,9 kg þungir (mynd 9.6.2). Unnt reyndist að greina aldur hjá 29 þeirra (tafla 9.6.5). Allir urriðarnir reyndust sjögengnir (sjóbirtningar).



Mynd 9.6.2 Lengdar- og þyngardreifing sjóbirtings úr netaveiði í Þjórsá.

Hrygnur voru í meirihluta (71,4 %). Algengast var að urriðarnir hefðu verið þrjú og fjölgur ára í ferskvatni og þrjú sumur í sjó. Meðallengdir urriðanna eftir sjávardvöl kemur fram í töflum 9.6.6 og 9.6.7. Kynjum er slegið saman enda óverulegur munur á stærð kynja eftir sjávarárum. Eftir 4 sumra sjávardvöl var meðallengd 52,5 cm og meðalþyngd 1,9 kg.

Tafla 9.6.5 Aldur á urriða (sjóbirtindi) úr netaveiði í Þjórsá árin 1986 til 2001.									
Ferskvár	Hængar				Hrygnur				Samtals
	Sumur í sjó	2	3	4	5	2	3	4	
3		2		1		6	5	2	
4		1		3	1	1	4	1	16
5								1	12
								1	1
<i>Samtals</i>		1	2	3	2	1	10	5	29

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Tafla 9.6.6 Meðallengdir (cm) urriða eftir sjávardvöl úr netaveiði í Þjórsá árin 1986-2001					
Sumur í sjó	<i>Hængar og hrygnur</i>				
	2	3	4	5	
Meðallengd	49,1	50,6	52,5	57,8	
Staðafrávik	6,5	2,4	1,4	2,6	
Fjöldi	3	12	8	6	

Tafla 9.6.7 Meðalþyngdir (kg) urriða eftir sjávardvöl og kynjum úr netaveiði í Þjórsá árin 1986-2001.					
Sumur í sjó	<i>Hængar og hrygnur</i>				
	2	3	4	5	
Meðalþyngd	1,6	1,8	1,9	2,4	
Staðafrávik	0,6	0,2	0,2	0,3	
Fjöldi	3	12	8	6	

Samkvæmt greiningu á gotmerkjum í hreistri höfðu 58,6 % sjóbirtinganna ekki hrygnt áður og voru þeir því að koma í fyrsta sinni til hrygningar eða voru ókynþroska. Lágmarks sjávaraldur við fyrstu hrygningu var 2 sumur hjá báðum kynjum. Álíka margir urriðar urðu ekki kynþroska fyrr en eftir 3 sumur í sjó (tafla 9.6.8).

Tafla 9.6.8 Fjöldi sjóbirtinga úr Þjórsá eftir kyni og sjávardvöl, skipt eftir fjölda hrygninga samkvæmt gotmerkjum í hreistri.										
Fjöldi gotmerkja (hrygninga)	Sumur í sjó	<i>Hængar</i>				<i>Hrygnur</i>				Samtals
		2	3	4	5	2	3	4	5	
0		1	0	0	0	1	10	4	0	17
1		0	2	2	0	0	0	1	0	5
2		0	0	1	1	0	0	0	2	4
3		0	0	0	1	0	0	0	2	3
Samtals		1	2	3	2	1	10	5	4	29

Aðeins ein bleikja var aldurgreind, veidd í net að Urriðafossi. Hún góði 1,57 kg og var 47,5 cm að lengd. Hún hafði verið 3 ár í fersku vatni og 2 ár í sjó.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

9.6.3 Aldursrannsóknir á fiski ofan Búða.


Tólf laxar veiddir ofan Búða voru aldursgreindir (tafla 9.6.9). Stærð þeirra var frá 54 til 86 cm. Kynjaskipting var jöfn. Átta (66,7 %) laxanna höfðu verið eitt ár í sjó og 4 (33,3 %) tvö ár. Ferskvatnsdvöl var frá 1 til 3 ár og var tveggja ára dvöl í fersku vatni algengust (7 laxar, 58,3 %).

Reikna má með að stór hluti tveggja ára laxar úr fersku vatni séu upprunnir úr sleppingum smáseiða. Árið 2001 voru 6 laxar háfaðir upp úr efsta hólfi stigans í Búða og voru 5 þeirra aldursgreindir. Þrír þeirra höfðu verið 3 ár í fersku vatni og voru að öllum líkindum úr náttúrulegu klaki. Einn lax úr stiganum var örmerktur. Honum var sleppt lifandi svo ekki var unnt að lesa merkið.

		Hængar		Hrygnur		Samtals
Vatnsfall	Ferskvár	Sjávarár		1	2	
				1	2	
Fossá	2				1	1
Minnivallalækur	1		1	1		2
Minnivallalækur	2			1	1	2
Sandá	2		1		1	2
Þjósá, Búði	2		1	1		2
Þjósá, Búði	3		2	1		3
Samtals			5	1	3	12

9.6.4 Aldursrannsóknir laxa í Kálfá.

Fjörutíu og tveir laxar úr Kálfá voru aldursgreindir. Stærð laxanna var frá 56 til 95 cm (mynd 9.6.3). Meirihlutinn (71,4 %) var hrygnur. Laxarnir höfðu verið 1 til 4 ár í fersku vatni og var þriggja ára ferskvatnsdvöl algengust (73,8 %). Flestir fiskarnir (76,1 %) höfðu verið eitt ár í sjó (tafla 9.6.10).



Mynd 9.6.3 Lengdardreifing aldursgreindra laxa úr Kálfá.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Tafla 9.6.10 Niðurstöður aldursgreiningar á laxi úr klakveiði í Kálfá safnað á árabilinu 1988 til 1997.					
<i>Sjávarár Ferskvár</i>	<i>Hængar</i>		<i>Hrygnur</i>		<i>Samtals</i>
	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>I</i>	<i>2</i>	
<i>1</i>		1			1
<i>2</i>	1		3	2	6
<i>3</i>	7	2	17	5	31
<i>4</i>	1		3		4
<i>Samtals</i>	9	3	23	7	42

Hængar voru að jafnaði stærri en hrygnur af sama sjávaraldri (tafla 9.6.11). Meðalþungi var ekki reiknaður enda laxarnir ekki vegrir. Aðeins einn lax úr Kálfá (2,4 %) bar merki þess í hreistri að hafa hrygnt áður.


Tafla 9.6.11 Meðallengdir (cm) laxa eftir kyni og sjávarárum, úr klakveiði í Kálfá á árabilinu 1988 til 1997. Laxar sem höfðu hrygnt áður eru undanskildir.					
<i>Sjávarár</i>	<i>Hængar</i>		<i>Hrygnur</i>		
	<i>I</i>	<i>2</i>	<i>I</i>	<i>2</i>	
<i>Meðallengd</i>	68,1	91,7	59,3	72,7	
<i>Staðafrávik</i>	4	3	2	11	
<i>Fjöldi</i>	9	3	22	3	

9.6.5 Kynjahlutfall og stærð laxa í Kálfá.

Til að fá gleggri mynd af aldurssamsetningu laxa í Kálfá var unnið úr gögnum úr stangveiðiskráningu.

Samkvæmt gögnum frá árabilinu 1975-2000 var þungi laxanna frá 1-10 kg (mynd 9.6.4). Megnið af þeim laxi sem veiðist í Kálfá var eins árs lax úr sjó, höfðu um 69 % verið eitt ár í sjó. Fram kom kynjamunur á sjávardvöl. Þannig voru 83 % hænga eitt ár í sjó ($\leq 4,5$ kg) en einungis 53 % hrygna hrygnur ($\leq 3,2$ kg). Kynjahlutfall laxanna var jafnt (tafla 9.6.12).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.6.4 Þyngardreifing stangveiddra laxa eftir kynjum í Kálfá 1975 til 2000.


Hængar voru að jafnaði mun þyngri en hrygnur eftir jafnlanga sjávardvöl og var munurinn meiri hjá tveggja ára laxi en eins árs (tafla 9.6.12). Stærstu fiskarnir voru hængar og var sá þyngsti 10 kg. Einungis 2,5 % hrygna voru 7 kg eða stærri en samsvarandi tala fyrir hænga var 9,2 % (mynd 9.6.4).

Tafla 9.6.12 Meðalþungi stangveiddra laxa í Kálfá eftir sjávaraldri.				
Kyn		Ár í sjó		
		1	2	1 og 2
Hængar	Meðalþungi (kg)	2,77	7,01	3,48
	Staðalfrávik	0,75	1,45	1,82
	Fjöldi	299	60	359
Hrygnur	Meðalþungi (kg)	2,23	5,21	3,62
	Staðalfrávik	0,44	0,94	1,65
	Fjöldi	190	166	356
Ókyngreint	Meðalþungi (kg)	2,42	5,58	3,31
	Staðalfrávik	0,60	1,26	1,66
	Fjöldi	91	36	127
Bæði kyn	Meðalþungi (kg)	2,54	5,67	3,51
	Staðalfrávik	0,69	1,34	1,73
	Fjöldi	580	262	842

9.6.6 Urriði í Minnivallalæk.

Urriðinn sem veiðist í Minnivallalæk er fremur stórvaxinn. Ekki liggja fyrir neinar aldursrannsóknir sem gefa hugmynd um vaxtarhraða. Samkvæmt skráningu á stangveiddum urriða árin 1994 til 2000, var 1 til 2 kg algengur þungi og allt að 5,5 kg urriðar veiðast (mynd 9.6.5). Meðalþunginn hefur verið frá 1,6 til 2,2 kg.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.6.5 Þyngdardreifing urriða úr stangveiði í Minnivallalæk árin 1994 til 2000.

9.7 Fiskgöngur.

9.7.1 Teljaragögn.

Fiskstigi var gerður í Búða árið 1991. Frá árinu 1992 hefur verið starfræktur rafeindafiskteljari í stiganum (tafla 9.7.1). Tölur um fiskgengd hafa verið vanmetnar flest árin vegna þess að hann hefur ekki verið virkur allt göngutímabilið. Fyrir árið 1996 var fiski sem kom fram í teljara ekki skipt í lax og silung.


Teljarinn var fyrst settur í stigann þann 11. september 1992. Fram í byrjun nóvember taldi hann 16 fiska á uppleið. Til að byrja með var engin fiskgengd upp stigann. Spjöld voru sett í stigaopin til að minnka straum. Í kjölfarið gengu 16 fiskar upp. Árið 1993 voru taldir upp 18 fiskar og árið eftir 28 fiskar á uppleið. Teljarinn var óvirkur árið 1995. Ástæðan er líklega sú að það ár var mikill aur í árvatninu. Árið 1996 gengu 26 fiskar upp, 19 laxar og 7 silungar. Meiri hluti laxanna, eða 14, voru stórlaxar (tveggja ára úr sjó). Vegna þess hversu teljari fór seint niður eru tölur um fisk gegnd þetta ár líklega vanmetnar. Árið 1997 gengu 45 fiskar gengu upp, 33 laxar og 12 silungar og árið eftir voru taldir 5 laxa og 9 silunga.

Tafla 9.7.1 Fiskgegnd upp stigann við Búða samkvæmt teljaragögnum. Fiskgengd er vanmetin fyrir árin 1992, 1995, 1996, 1997 og 1998 og 1999 einkum vegna þess að teljarinn virkaði ekki sem skildi. Fyrstu fjögur árin er ekki gerður greinamunur á laxi og silungi.			
Ár	Lax	Silungur	Fiskar
			Samtals
1992			16
1993			18
1994			28
1995			0
1996	19	7	26
1997	22	8	30
1998	5	9	14
1999	37	24	61
2000	34	19	53
2001	113	79	192

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árið 1999 var teljari starfræktur frá síðla í júní fram til 2. nóvember. Á tímabilinu frá 3. ágúst og fram til 2. nóvember var hann virkur og voru þá taldir upp 61 fiskur, þar af 37 laxar. Árið 2000 voru taldir 47 fiskar upp þar af 32 laxar. Fimmtán fiskar voru undir 40 cm (silungar).

Sumarið 2001 var teljari settur niður 29. maí og tekinn upp 30. október. Alls gengu 192 fiskar upp (nettó, upp – niður), 79 silungar (40 cm og minni) og 113 laxar. Af löxunum voru 103 á stærðarbilinu 41 til 70 cm (smálax) og 10 stærri (stórlax). Einn lax gekk upp strax daginn eftir að teljarinn var settur niður, en lax fór ekki að ganga að neinu marki fyrr en í júlí. Stórlax var fyrr á ferðinni en smálax. Um 50 % stórlaxa var genginn upp um mánaðarmótin júlí/ágúst, en 50 % smálaxa um miðjan ágúst. Um 50 % silunganna var hins vegar genginn í byrjun september (mynd 9.7.1).




Mynd 9.7.1 Hlutfallsleg samanlöögð fiskgengd upp teljara við Búða sumarið 2001.

Grá lína táknað 40 cm fisk og minni (silungur), brotin svört lína fisk 41 til 70 cm (lax) og svört heil línan stærri laxa.


Árið 2001 voru samhliða talningu gerðar mælingar á vatnshita og ljósmagni með sírita mælum. Í júní var dagsmeðalhiti vatnsins um 6 til 10 °C en hækkaði í um 12 °C í byrjun júlí. Á sama tíma féll ljósmagnið sem bendir til þess að aurburður hafi aukist, líklega vegna aukningar í jökulbráð (mynd 9.7.2). Vatnshiti var um og yfir 10 °C flesta daga í júlí og fram í fyrri hluta ágúst. Á sama tíma virðist árvatnið fremur lítið gruggað og samtímis var allnokkur fiskgengd upp. Síðari hluta ágúst fór vatnshiti lækkandi og ljósmagn var minna, þá var laxgengd lítil. Í byrjun september og undir lok september hækkaði vatnshiti og ljósmagn jókst sem virðist hafa örvað laxgengd. Laxgengd var mjög lítil upp stigann í október en þá var vatnshiti flesta daga undir 5 °C (mynd 9.7.2). Almennt má segja að lítil fiskgengd hafi verið upp stigann þegar dagsmeðalhiti var undir 7 °C.

Fiskgengd var mest upp síðla dags og fyrri hluta kvölds og virtist ekki vera mikill munur á milli stærðarhópa hjá laxi. Silungur virtist hafa tilhneigingu til að ganga fyrr að deginum (mynd 9.7.3).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.7.2 Laxgengd um teljara í fiskstiganum við Búða 2001, vatnshiti og ljósstyrkur (dagsmeðaltöl) í teljarahólfí. Mínustölur í fjölda tákna fiska á leið niður.




Mynd 9.7.3 Fiskgengd upp um teljara í Búða eftir tíma sólarhrings.

9.7.2 Gögn úr veiðiskýrslum.

Samkvæmt skráningu á netaveiði á Urriðafossi fyrir árabilið 1943 -1993 byrjar lax að ganga í Þjórá síðstu dagana í maí. Engin laxgengd var þó að ráði fyrr en síðari hluta júní. Laxgengd var mest í júlí og um helmingur laxanna var að jafnaði genginn að Urriðafossi um miðjan júlí (mynd 9.7.4). Silungur (sem að mestu leyti var sjögenginn urriði) var seinna á ferðinni en laxinn. Hans varð vart í veiði síðari hluta júní en aðalgöngutíminn var í ágúst og um helmingur var genginn síðustu daga ágústmánaðar. Þekkt er að lax og silungur stoppa við Urriðafoss enda veiðist þar iðulega leginn fiskur. Veiði fram eftir hausti er því að hluta byggða á fiski sem ekki er nýgenginn.

Samkvæmt stangveiðiskýrslum úr Kálfá gengur lax ekki að neinu marki í ána fyrr en síðari hlut ágúst og byrjun september (mynd 9.7.4).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.



Mynd 9.7.4 Hlutfallsleg samanlögð veiði á laxi og silungi í net á Urriðafossi árin 1943 til 1993 og stangveiði á laxi Kálfá á árabilinu 1975 til 2000.

10. Umræða.

10.1 *Búsvæði*

Ár á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana eru fjölbreyttar að gerð þótt flestar þeirra beri einkenni dragáa. Lindaráhrifa gætir í Fossá og Minnivallalækur er hrein lindá. Virkjunarvatnsfallið, Þjórsá, er jökulvatn þó með talsverðum dragár- og lindaráhrifum. Lífríki á Anna býr því við fjölbreytt ytra umhverfi. Árnar eru allar fremur frjósamar með leiðni á bilinu 68 til 179 $\mu\text{S}/\text{cm}$ en leiðni gefur mynd af magni uppleystra steinefna og næringarefna og er því óbein mælistika á lifauðgi. Hæst er leiðnin í Kaldárholtslæk (179 $\mu\text{S}/\text{cm}$) en í honum er járnrikt mýrarvatn sem gefur háa leiðni en nýttist e.t.v. ekki lífríkinu. Minnivallalækur er mjög frjósamur (133-143 $\mu\text{S}/\text{cm}$) og það er Kálfá einnig (90 $\mu\text{S}/\text{cm}$). Há leiðni Minnivallalaekjar stafar líklega af því að vatnið er upprunnið úr lindum sem koma frá hraunum. Þjórsá sjálf er einnig allfrjósöm (68-85 $\mu\text{S}/\text{cm}$). Hún er hins vegar jökullituð sem takmarkar það ljósmagn sem nýttist til frumframleiðslu á ábotninum.

Miðlanir í Þjórsá eru talsverðar. Kaldakvísl er miðluð í Hágöngulóni og í Þórisvatni. Hluti Þjórsár og bergvatnsára fara um Kvíslaveitu og í Sauðafellsslón og Þórisvatn. Þá er Tungnaá miðluð með nokkrum lónum, Sigöldulóni, Hrauneyjarlóni og Sultartangalóni. Þjórsá fer um Sultartangalón og Bjarnalón við Búrfell. Þetta veldur því að rennslí Þjórsár neðan Búrfells er stöðugra en við náttúrulegar aðstæður auk þess sem jökulaur og botnskrið hlýtur að hafa minnkað (sbr. Guðni Guðbergsson 1999). Engar rannsóknir voru gerðar á lífríki Þjórsár fyrir virkjanaframkvæmdir og er því erfitt að segja nákvæmlega til um hverjar breytingar kunna að hafa orðið. Framleiðsla lífvera í neðri hluta Þjórsár, sem er hér til umfjöllunar, er þó líklega meiri vegna fyrrgreindra ástæðna en var fyrir inngríp mannsins (sbr. Dorava & Milner 2001). Einnig eru áform uppi um

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

frekari miðlun í vatnakerfinu og breytingar með Norðlingaölduveitu svo og hugsanlega með veitu frá Skaftá. Þær breytingar gætu haft talsverð áhrif á því svæði sem hér er til umfjöllunar.

Samkvæmt botnmati eru víða góð búsvæði fyrir laxfiska á svæðinu. Botngerð þveráanna ofan Búða/Hestafoss er breytileg en þar eru stórir kaflar með hagstæð búsvæði. Á náttúrulega fiskgengum svæðum koma Kálfá og Tungá vel út í mati, en flestir kaflar þeirra fá hátt framleiðslugildi (um og yfir 30).

Nokkur óvissa er í botnmati á Þjórsá vegna þess að erfitt var um vik að sjá til botns svo og með mælingar á dýpi á sniðum. Framleiðsludýpi seiða var miðað við 0,5 m eftir bestu þekkingu. Ljóst er að víða eru hagstæð uppeldisskilyrði fyrir seiði í Þjórsá. Bestu kaflarnir ofan fossa eru á straummeiri svæðum á móts við Haga og niður af Þverá og í grennd við Minnivallalæk. Á náttúrulega fiskgengum svæðum eru bestu búsvæðin ofan til í ánni, frá Búðafossi að ármótum Árneskvíslar, í Árneskvísl neðan við Hestafoss og ofantil í kvísl sem fellur með Skeiðum. Á kafla neðan við Urriðafoss eru einnig svæði sem fá hátt framleiðslugildi. Stór svæði í Þjórsá fá fremur lágt framleiðslugildi, það er helst á svæðum þar sem hún breiðir úr sér og botngerð er finni en á móti kemur að þar er framleiðsluflötur stór. Á fiskgenga hlutanum á þetta við um kaflann frá Árnesflúðum niður á móts við Krók og neðsta kafla árinna. Klapparsvæði í ánni fá einnig fremur lágt gildi. Klöpp er oft fremur slétt og er þá skjólltítil. Á vatnasvæði Þjórsár er hins vegar hraunklöpp ríkjandi sem oft er úfin og getur því verið allgott búsvæði. Þá er oft hraungrýti með bökkum á slíkum svæðum. Vegna þessa eru hrauklapparkaflar líklegast vanmetnir. Þetta á sérstaklega við um kaflann ofan Árnesflúða (ÞXI) og kaflann í stíflustæði ofan gljúfra (ÞXIII).

10.2 Útbreiðsla fisktegunda og seiðabúskapur laxfiska.

Á áhrifasvæði umræddra virkjana í Þjórsá lifa allar þær fisktegundir sem finnast í fersku vatni á Íslandi, þ.e. lax, urriði, bleikja, hornsili og áll. Lax og urriði eru ríkjandi tegundir á áhrifasvæði fyrirhugaðra vikjana. Lax var að finna í seiðarannsóknum allt frá neðstu stöð (Þjórsá st. 49) til þeirrar efstu (Fossá, st. 1). Hann er ríkjandi í Kálfá og Tungá. Ár þessar eru fremur grófgrýttar, frjósamar (há leiðni) og með tiltölulega háan vatnshita að sumarlagi. Neðan fossa í Þjórsá var urriði ríkjandi á 15 af 20 athugunarstöðvum. Lax var helst ríkjandi í Þjórsá þar sem gætir áhrifa frá Kálfá, svo og á straumþungum og grófgrýttum svæðum í og við gljúfur hjá Urriðafossi. Jökulvatn Þjórsár virðist ekki koma í veg fyrir árangursríka hrygningu laxa og uppeldi þeirra í ánni. Í Ölfusá og Hvítá er talsvert uppeldi laxaseiða og þar er lax ríkjandi tegund (Magnús Jóhannsson, 1993) en þar gætir minni jökuláhrifa en í Þjórsá. Í Kúðafljóti, þar sem gætir meiri áhrifa jökulvatns en í báðum ofangreindum ám, er staðfest hrygning og uppeldi lax og sjóbirtings sem er þar í miklum meirihluta (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2001). Urriði er ríkjandi á straumminni svæðum í Þjórsá og þar sem botn er finni. Þá er urriði ríkjandi tegund á svæðinu ofan Búða/Hestafoss.

Bleikja fannst einungis á 16,3 % athuganastaða 2001. Hana var helst að finna efst í Þjórsá og efst í Minnivallalæk. Í Fossá og bleikjusvæðum í Minnivallalæk gætir lindaráhrifa með fremur svölu sumarvatni. Vera kann að uppeldi bleikju sé vanmetið því bleikjuseiði koma oft illa fram í rafveiði enda þótt vitað sé að í viðkomandi á sé talsvert uppeldi bleikju (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2002).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Þéttleiki laxaseiða 2001 var mestur í Kálfá og Tungá ($4,7-35,8$ seiði á 100 m^2 , meðaltal 17,8). Þetta er lægri þéttleiki en fram kom í rannsókn á nálægri á, Stóru-Laxá, árið 2000 en þar var meðalþéttleiki 32 seiði á 100 m^2 (Magnús Jóhannsson 2001). Þótt uppledji laxa sé talsvert í Þjórsá neðan fossa er þéttleiki óvíða mikill og að jafnaði minni en í Tungá/Kálfá ($0,3-26,7$ seiði á 100 m^2 , meðaltal 7,7 seiði á 100 m^2). Þetta er álíka eða heldur minni þéttleiki en fram kom í seiðakönnun á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2000 en þar var meðaltalsþéttleiki laxaseiða í Hvítá 7,7 seiði á 100 m^2 en í Ölfusá 17,7 seiði á 100 m^2 (Magnús Jóhannsson, 2001). Þéttleiki var mestur neðan Kálfár og á fyrirhuguðu stíflustæði Urriðafossvirkjunar ofan gljúfra. Á báðum þessum stöðum er allnokkur straumur og grófgrýttur botn. Í Þjórsá eru einnig bersýnilega mikilvægir hrygningarástaðir fyrir lax, talsverð hrygning (hár þéttleiki 0^+ , 20,6 seiði á 100 m^2) virðist vera á malarsvæðum neðan Kálfár (st. 48) og hrygning laxa er víðar í ánni þar sem möl er að finna.

Urriði var í mestum þéttleika ($17,5-55,0$ seiði á 100 m^2 , meðaltal 42,7) í Minnivallalæk og í Þjórsá ($12,7-69,1$ seiði á 100 m^2 , meðaltal 38,7) þar sem gætir áhrifa frá honum. Þetta er álíka hár þéttleiki og í Laxá í Þingeyjarsýslu ($49,8$ seiði á 100 m^2) (Guðni Guðbergsson 2000), en hún er ein af auðugustu veiðiám landsins (Gísli M. Gíslason 1991).

Bleikja var hvergi í miklum þéttleika ($0-20,6$ seiði á 100 m^2). Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár er útbreiðsla bleikju mun meiri og þéttleiki hærri ($0-50$ seiði á 100 m^2) (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Þar gætir mun meiri lindaráhrifa en á vatnasvæði Þjórsár (Sigurjón Rist 1990).

Fæða laxfiskaseiða (lax og urriða) sem rafveiddust í Þjórsá og þverám hennar voru að meginstofni til skordýralirfur sem lifa á árbotninum. Þýðingarmestar voru vorflugulirfur, rykmýs- og bitmýslirfur auch ógreindra flugna. Fyrrgreindar lirfutegundir fundust á öllum stöðvum þar sem tekin voru botnsýni, að undanskilinni stöðinni við Læk í Árneskvísl þar sem bitmýslirfur fundust ekki. Auk skordýra á ólíkum lífsstigum var hlutdeild vatnabobba nokkur í fæðu urriða og lax í Árneskvísl (svæði 3 og 5) og í fæðu bleikju í Minnivallalæk. Á þessum svæðum var meðalþéttleiki vatnabobba yfir 1000 einstakl./ m^2 en taldist í hundruðum á öðrum sýnatökustöðvum (sjá Viðauka 9.2.1a-c). Fæðugerðir laxfiskaseiðanna endurspeglar útbreiðslu helstu fæðugerða, en hlutdeild fæðugerða endurspeglar ekki hlutfallslegan fjölda þeirra á hverjum sýnatökustað. Rúmmál vorflugulirfa og vatnabobba er umtalsvert meira en rykmýs- og bitmýslirfa og þess vegna trúlega valið fyrir þeim gerðum.

10.3 Stofnar og stofneinkenni.

Engar erfðafræðilegar athugarnir hafa farið fram á fiskstofnum Þjórsár eða þveráa hennar. Því er óljóst hvort um mismunandi stofna er að ræða innan svæðisins. Gera má ráð fyrir að sér stofn sé í hverri á og í Þjórsá kunna að vera nokkrir stofnar af hverri tegund. Niðurstöður athugana á lífsháttum laxfiska og sérkennum gefa upplýsingar sem koma að notum við mat á sérstöðu stofna.

Í seiðarannsónum 2001 komu fram allnokkrir kynþroska laxahængar. Þetta var áberandi í Tungá og Kálfá en þar kom fram 37,5 % og 18, % kynþroski í hængseiðum. Í Þjórsá varð þeirra vart en í litlum mæli. Athugun á kynþroska laxaseiða árið 1988 gaf 57 % kynþroska hjá hængum í Tungá og 92 % í Kálfá (Magnús Jóhannsson og Sigurður

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Guðjónsson 1989). Rannsókn á tíðni kynþroska hjá hængseiðum í fjórum íslenskum ám sýndi frá 8,6 til 57,1 % tíðni kynþroska (Friðþjófur Árnason og Sigurður Guðjónsson, handrit). Að öllu jöfnu má búast við hærri tíðni kynþroska í frjósönum ám. Sett hefur verið fram sú tilgáta að mikil afföll við sjávargöngu og há dánartala í sjó styðji val fyrir snemmkynþroska, sérstaklega í stöðugum ám (Sigurður Guðjónsson 1990a).

Samkvæmt seiðarannsóknum og aldursrannsóknum á fullvöxnum fiski virðist þriggja ára ferskvatnsdvöl algengust hjá laxi á vatnasvæði Þjórsár. Þetta er áþekkt og gerist í öðrum ám sunnanlands (Magnús Jóhannsson 1978, Veiðimálastofnun óbirt gögn). Þar sem allnokkur en óþekktur hluti laxa sem dvalið höfðu 2 ár í fersku vatni var af sleppiuppruna er erfitt að átta sig á ferskvatnsdvöl eingöngu útfrá aldursgreiningu. Seiðarannsóknir styðja þessa niðurstöðu þar sem nær engin þriggja ára seiði fundust og því líklega gengin til sjávar. Lengdardreifing seiða eftir aldri í rafveiðum bendir einnig til þess. Þau fáu þriggja ára laxaseiði sem fundust 2001 voru eingöngu í Þjórsá sem bendir til þess að fjögurra ára ferskvatnsdvöl sé algengari þar en í þveránum Kálfá og Tungá. Meðallengd seiða eftir aldri bendir einnig til hins sama. Þetta stafar trúlega af betri vaxtarskilyrðum í þveránum.

Mikill meirihluti laxa á vatnasvæði Þjórsár er smálax, eða 79 % (dvelur eitt ár í sjó). Þó er allnokkur hluti (21 %) stórlax (dvelur 2 ár eða lengur í sjó). Hlutfall stórlaxa er lægra en á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár en þar var það 38,4 % samkvæmt hreistursathugunum árin 1991 til 1995 (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Hlutfall stórlaxa virðist samkvæmt aldursgreiningu (24 %) og veiðibókargögnum (31 %), vera heldur hærra í Kálfá en í netaveiði í Þjórsá. Það vekur nokkra athygli hversu hátt hlutfall stórlaxa er í Kálfá vegna þess að Kálfá er vatnslítil á en í slíkum ám eru gjarnan smálaxastofnar. Vera kann að náttúruval sé þar fyrir stærri laxi vegna þess að gönguleið laxa er löng og ströng upp Þjórsá. Hrygnur höfðu meiri tilhneigingu til að vera 2 ár eða lengur í sjó en hængar. Þannig voru 77 % laxa sem verið höfðu tvö eða fleiri ár í sjó hrygnur, en 65% eins árs laxa úr sjó voru hængar. Þetta er í samræmi við það sem almennt gerist hjá laxi (Scarcenecchia, 1983).

Laxar sem komið höfðu oftar en einu sinni til hrygningar voru fáir, einungis 2,7 % aldursgreindra laxa. Þetta er mun lægra en algengt er á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár þar sem árlegt hlutfall hefur verið frá 4,1–16,8 % (Árni Friðriksson 1940, Magnús Jóhannsson 1978, Veiðimálastofnun óbirt gögn). Erfiðar gönguleiðir upp Þjórsá og óstöðugra umhverfi og annað veidiálag gætu skyrt þennan mun.

Lax er þekktur í nokkrum jökulám hér á landi, svo sem Skjálfandafljóti, Blöndu, Hvítá í Borgarfirði auk Ölfusár-Hvítár og Þjórsár. Í Þjórsá er jökulaur mikill miðað við fyrrgreindar ár. Laxinn í Þjórsá hrygnir og elst upp í jökulvatni, sem er fremur fátítt hjá laxastofnum á heimsvísu og þá sérstaklega að svo stór stofn (sjá síðar) sé í jökulvatni. Á Suðurlandi hrygnir lax og elst upp í Ölfusá og Hvítá. Það er hins vegar algengara að urriði hrygni og alist upp í jökulvatni, sbr. vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts og fleiri jökulvötnum á Suðurlandi.

Þar sem fáir sjóbirtingar voru aldursgreindir er erfitt að draga miklar ályktanir varðandi lífshlaup hans. Þriggja og fjögurra ára ferskvatnsdvöl var algengust sem er áþekkt því sem gerist í öðrum ám sunnanlands (Magnús Jóhannsson 1991). Þjórsársjóbirtingur virðist mun smærri en sjóbirtingur á vatnasvæði Skaftár eftir jafnlanga sjávardvöl. Fjögurra sumra fiskur var 52,5 cm en á Skaftárvæðinu er hann að jafnaði 60,6 cm (Magnús Jóhannsson óbirt gögn). Ekki er ljóst hvort munurinn liggr í vaxtarhraða í sjó

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

eða stærð sjögönguseiða. Hjá sjóbirtingi var algengast að þeir yrðu kynþroska eftir 2 og 3 sumur í sjó. Hjá sjóbirtingi á vatnasvæði Skaftár er algengast að hann verði kynþroska eftir 3 sumur í sjó (Magnús Jóhannsson & Sigurður M. Einarsson 1993)

Urriðinn í Minnivallalæk virðist nokkuð stórvaxinn sem er fremur sjaldgæft hjá staðbundnum urriða í ám á Íslandi. Litlar upplýsingar ligga fyrir um lífshætti, vaxtarhraða ofl. hjá þessum stofni. Seiðarannsóknir benda til að hann hrygningarsvert neðantil í læknum og líklega í Þjórsá niður af Minnivallalæk. Lækurinn er frjósamur (há leiðni) og þar eru góð búsvæði sem og neðan hans í Þjórsá. Seiðarannsóknir benda til þess að urriðinn sem hrygnir í læknum nýti sér Þjórsá til uppeldis. Atferli urriðastofna í öðrum þveráum Þjórsár kann að vera svipað og Þjórsá því mikilvægt uppeldissvæði fyrir urriða.

10.4 Veiðinytjar og stofnstærð laxfiska.

Umtalsverðar nytjar eru af veiði í Þjórsá og hafa fjölmargar jarðir nytjar af veiðihunnindum. Mestar eru nytjar af netaveiði á laxi og silungi í Þjórsá sjálfrí og þar er einnig stunduð stangveiði á silungi. Þá eru talsverðar nytjar af stangveiði á urriða bleikju og laxi í Kálfá og silungsveiði í Minnivallalæk og Fossá.

Eins og fram hefur komið er meðalveiði í Þjórsá síðustu 10 ára (1991-2000) 1.999 laxar, sem er um 4,9 % af laxveiði á Íslandi á sama tímabili. Þjórsá er því í hópi aflasælustu laxveiðiáa landsins (Guðni Guðbergsson 2001). Að jafnaði eru um 98 % veidd í net og um 2 % á stöng, sem nær eingöngu er stunduð í Kálfá.

Þar sem veiðíálag er ekki þekkt er erfitt að gera sér grein fyrir hve mikið af laxi gengur á vatnasvæðið á ári hverju. Sá fjöldi jafngildir stærð hrygningarástofns. Í ám hér á landi, þar sem veiðíálag á göngulaxi er þekkt, liggur það nærrí 50 % að meðaltali (Sigurður Guðjónsson ofl., 1996). Ef reiknað er með að veiðíálag á göngulaxi í Þjórsá sé svipað því má ætla að hrygningarástofninn geti verið um 4.000 laxar að meðaltali síðustu árin.

Tölur um netaveiði í Þjórsá eru til frá árinu 1943. Þær sýna að sveiflur hafa verið í laxveiði á vatnasvæði Þjórsár á þeim tíma og fyrir 1950 hafi verið mun minni laxgengd í ánni en síðar varð. Tölur um veiði í öðrum ám landsins benda til þess að sambærileg aukning hafi orðið á heildarlaxveiði á landinu (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996). Veiðitölur sýna að á sama tíma og laxveiði var lítil var sjóbirtingsveiði góð. Veiðiskýrslur benda til að sjóbirtingsgengd hafi aftur verið að aukast á allra síðustu árum. Þessar tegundir eru, að minnsta kosti að hluta til, í samkeppni um búsvæði og fæðu í ánum. Ekki er ljóst hvað veldur þessum sveiflum en þær gætu verið tengdar breytingum í umhverfinu og þar með afkomu tegundanna annað hvort á landi (í ánum) eða í sjó. Þar sem tegundir eru í samkeppni er líklegt, að þegar annarri fækkar, sem gæti verið vegna breytrum umhverfisaðstæðna, geti hin fyllt það skarð. Ekki er ólíklegt að aukin laxgengd í Þjórsá sé tengd minni aurburði og jafnara rennsli samfara virkjanaframkvæmdum. Frekari rannsóknir á þessum þáttum eru nauðsynlegar áður en hægt er að fullyrða um orsakir þessara breytinga.

Á árunum 1991 til 2000 veiddust, samkvæmt skýrslum, að jafnaði 150 urriðar í net í Þjórsá. Mun meira er af silungi á vatnasvæðinu en veiðitölur gefa til kynna því vitað er að veiði þeirra er vanskráð og meira lagt í veiði á laxi. Talsverður stofn sjóbirtings gengur á vatnasvæðið, en stofnstærð hans er ekki þekkt af sömu ástæðum og hjá laxi.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Stangveiðitölur og seiðarannsóknir benda til að allnokkur stofn staðbundinna urriða sé í Káláfá og trúlega einnig á fiskgengum svæðum Þjórsár. Að hve miklu leyti stofninn er staðbundinn er hins vegar ekki þekkt. Á seiðastigi er ekki unnt að greina hvort um staðbundinn urriða sé að ræða eða sjögenginn. Ofan Búða/Hestafoss eru sterkir staðbundnir urriðastofnar, einkum í Minnivallalæk og Þjórsá en einnig í Hvammsá, Sandá og Þverá. Allsterkur bleikjustofn virðist í Fossá og í Þjórsá neðan hennar.

Merkingar og endurveiði á urriða í Minnivallalæk sumarið 2001 benda til þess að í læknum séu um 660 urriðar í veiðanlegri stærð (Veiðimálastofnun ábirt gögn). Að auki er óþekktur fjöldi Minnivallalækjarurriða í veiðanlegri stærð í Þjórsá.

Metin hefur verið staða laxastofna í Norður-Atlantshafi (WWF 2001). Þar kemur fram að einungis í 43 % laxveiðiáa eru laxastofnar í góðu ásigkomulagi, í 15% áんな eru laxastofnanir útdauðir og aðrir stofnar eru við hættumörk. Stofnar á Íslandi virðast í sérstöðu þar sem 99 % laxastofna eru í góðu ásigkomulagi. Ástæður fyrir hnignun laxastofna eru margar en á meðal þeirra helstu eru taldar virkjanir fallvatna (WWF 2001). Í Bandaríkjum Norður Ameríku er lax á lista yfir tegundir í útrýmingarhættu (ASF 2000). Vegna minnkandi laxveiði hafa verið gerðar ályktanir á vegum NASCO (North Atlantic Salmon Conservation Organization) til verndar laxastofnum í Norður-Atlantshafi (NASCO 1994, 1999).

Sjóbirtingsstofnum hefur einnig farið hnignandi. Í skýrslu Alþjóða Hafrafnarssóknarráðsins um sjóbirtingsstofna í Evrópu, kemur fram að sjóbirtingssofnum hefur víða hnignað af mannavöldum (NN 1994).

10.5 Landnám laxa ofan Búða.

Þjórsá var talin fiskgeng frá náttúrunnar hendi að Hestafossi og Búða. Með tilkomu fiskstiga í Búða árið 1991 jókst svæði til hrygningar og uppeldis fyrir lax umtalsvert. Miklu magni laxaseiða hefur verið sleppt á svæðið ofan Búða í þeim tilgangi að flýta fyrir því að upp komi sjálfbær laxastofn þar eftir að fossinn var gerður fiskgengur. Hefur Landsvirkjun staðið að þessum aðgerðum. Seiðarannsóknir ásamt merkingum og tölum um göngur upp stigann sýna að lax hefur numið land ofan stigans. Sumarið 2001 komu fram laxar í stiganum af náttúrulegum uppruna. Þeir voru úr hrygningu árið 1996 en það ár, var samkvæmt seiðarannsóknum, allnokkur árangursrík hrygning á svæðinu ofan Búða (Magnús Jóhannsson 1996). Auk lax hefur orðið vart við silung á göngu upp stigann. Teljarinn greinir ekki milli tegunda en líklega er þetta mest sjögenginn urriði.

Þótt náttúrulegt klak finnist ofan Búða er langt í land að svæðið ofan fossa sé fullnumið laxi. Athygli vekur að með tilkomu náttúrulegs uppeldis laxaseiða ofan Búða virðist þéttleiki bleikjuseiða minnka. Þetta er ekki óeðlilegt því tegundirnar eru skyldar og eru því í samkeppni um búsvæði. Urriðinn er hins vegar sterkur á svæðinu, sérstaklega í Minnivallalæk og virðist landnám laxins ekki hafa haft áhrif á þéttleika hans. Umhverfið þar gæti hentað urriða betur en laxi.

10.6 Gönguhegðun laxa upp Þjórsá.

Laxgengd í Þjórsá er mest í júlí og samkvæmt veiðiskýrslum á Urriðafossi er að jafnaði um helmingur laxanna genginn upp að Urriðafossi um miðjan júlí. Við Urriðafoss veiðist iðulega leginn lax, einkum þegar líða tekur á sumarið. Líklegt er því að

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Urriðafoss valdi töf á göngum laxa. Veiði fram eftir hausti er því að hluta byggð á fiski sem ekki er nýgenginn. Því má ætla að í raun sé helmingur göngunnar kominn í ána fyrr en veiðitölur gefa til kynna. Laxagöngur í Þjórsá virðast á svipuðu róli og í Ölfusá eða eilítid fyrr (Magnús Jóhannsson 1978).

Lax er lengi á göngu sinni upp vatnsvæði Þjórsár. Hann stoppar við Urriðafoss og viðar á leið sinni upp ána. Samkvæmt stangveiðiskýrslum gengur lax ekki að neinu marki í Kálfá fyrr en síðari hluta ágústmánaðar og í byrjun september og teljaragögn í Búða 2001 sýndu að um 50 % stórlaxa var genginn upp um mánaðarmótin júlí/ágúst, en 50% smálaxa um miðjan ágúst. Algengt er að lax tefjist við fossa. Einnig sýna rannsóknir í Blöndu og á vatnsvæði Ölfusár-Hvítar að lax er lengi á leið sinni upp jökulvötn og á það til að ganga í bergvatnsárnar seint á haustin. Svo virðist sem gegnsæi árvatnsins og hitastig hafi áhrif á gönguhraðann. Þannig virtist aukinn hiti og meira gegnsæi örva fiskgengd upp stigann í Búða. Í Blöndu hafa áhrif minni jökulframburðar vegna tilkomu virkjanalóna komið skýrt fram í hraðari göngum á laxi upp ána (Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 2000). Með minnkandi aurburði, vegna útfellingar í miðlunarlónum, má reikna með að slíkt geti einnig gerst í Þjórsá.

Sjóbirtingur er seinna á ferðinni en laxinn. Hans verður vart í veiði síðari hluta júní en aðalgöngutíminn er í ágúst og um helmingur er genginn síðustu daga ágústmánaðar. Þetta er í samræmi við það sem komið hefur fram í rannsóknum á gönguhegðun sjóbirtings í Grenlæk en þar er að jafnaði um helmingur genginn úr sjó síðari hluta ágúst (Magnús Jóhannsson ofl. 2001).

10.7 Hlutdeild vatnsfalla í framleiðslu laxa á vatnsvæðinu.

Þar sem vatn Þjórsár er jökullitað og vegna þess að ekki liggja fyrir nákvæmar dýptarmælingar má reikna með talsverðri óvissu í botnmati í henni þar. Mun auðveldara var hins vegar að meta botn í þveránum. Þar gætir ekki jökulvatns og árnar eru vatnslitlar og viðráðanlegar til botnmælinga. Því var áhugavert að athuga hvort samsvörum væri milli botnmats og hlutdeilda í veiði milli þessara áa og áætla botnmat á náttúrulega fiskgengu svæði í Þjórsá útfrá mati Kálfár og Tungár.

Samkvæmt botnmati voru framleiðslueiningar í Kálfá/Tungá um 11 þús. en á náttúrulega fiskgenga hluta Þjórsár um 53 þús. einingar. Þar sem framleiðslueiningar endurspeglar framleiðslugetu viðkomandi ár má ætla að um 17 % náttúrulegra laxa sem ganga í Þjórsá séu úr uppeldi í Kálfá/Tungá og 83 % úr Þjórsá. Reiknað hefur verið út samhengi framleiðslueininga og laxveiði í íslenskum ám eftir árgerðum (Þórólfur Antonsson ofl., 2001). (Þetta samband er fyrir dragár: $y=0,0355x-65,085$, þar sem y er meðalveiði og x eru framleiðslueiningarnar). Séu framleiðslueiningarnar fyrir Kálfá/Tungá settar inn í þá formúlu og fundið hve mikilli laxveiði þær ættu að standa undir fæst út talan 316 laxar. Meðalveiði laxa á vatnsvæði Þjórsár síðustu 10 ár var 1999 laxar. Hlutdeild laxa framleiddir í Kálfá/Tungá er því samkvæmt þessu um 15,8 %. Séu laxar af sleppiuppruna dregnir frá, sem eru að jafnaði um 270 (sjá 9.5), eru laxar framleiddir í Kálfá/Tungá (316 stk.) um 18 % af náttúrulegum löxum í veiði. Laxar í veiði framleiddir í Þjórsá neðan Búða/Hestafoss þá 1.414 eða 82 % náttúrulegra laxa í veiði. Þetta er vel í samræmi við hlutfallstölur úr botnmati sem eru eins og fram hefur komið 17 % og 83 %. Gert er ráð fyrir að náttúruleg framleiðsla ofan Búða sé að jafnaði óveruleg þessi ár. Seiðarannsóknir sýna að hlutfall urriðaseiða er mun hærra á

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

náttúrulega fiskgengum svæðum Þjórsár en í Kálfá/Tungá. Því má ætla að stærri hluti seiðaframleiðslu í Þjórsá fari í framleiðslu urriðaseiða en Kálfá/Tungá.

Veidi laxa upprunnum úr Þjórsá annars vegar og Kálfá/Tungá hins vegar má yfirlæra á framleiðslu pr. km árfarvegar. Farvegir Þjórsár neðan Búða/Hestafoss eru samtals um 58 km. Hver km í Þjórsá er því að framleiða að jafnaði 24 laxa í veidi. Séu neðsti kafli árinna (neðan gljúfra við Urriðafoss, 15,4 km) dreginn frá, en þar er mjög lítil framleiðsla á laxi, er hver km í Þjórsá að framleiða að jafnaði 36 laxa í veidi. Samsvarandi tala fyrir Kálfá/Tungá eru 16 laxar. Þjórsá sjálf er því að gefa umtalsvert magn af laxi og mun fleiri laxa á hvern km en þverárnar. Munurinn liggur fyrst og fremst á því hversu botnflötur Þjórsár er stór.

Hlutdeild svæða ofan við Búða og Hestafoss í mati á framleiðslueiningum var 48 % en svæðið neðan Búða 52 %. Ofan fossa er urriði ríkjandi tegund en þar er nokkurt uppeldi af laxi. Ef svæðið allt væri numið laxi má samkvæmt þessu gera ráð fyrir að það geti framleitt talsvert af laxaseiðum eða allt að 70-80 % af því sem svæðin neðan Búða og Hestafoss eru að framleiða í dag. Óvist er hins vegar hve langan tíma slikt landnám tæki eða hvort svo mikil framleiðsla yrði nokkru sinni, m.a. vegna þess að svæðið liggur heldur hærra (lægri hiti), torgengt kann að vera um fiskstigann við Búða og að þar er samkeppni líklega meiri frá urriða en neðar. Ljóst virðist þó að svæðin ofan fossa ættu að geta staðið undir verulegri aukningu í framleiðslu laxa og hugsanlega einnig sjögengins urriða. Ef svæðið nýttist yrði það til að efla laxastofna Þjórsár talsvert.

10.8 Botndýr.

Sýnatökustöðvar voru valdar með hliðsjón af fjölbreytileika búsvæða innan Þjórsár en auk þess var lögð áhersla á lýsingu svæða sem myndu raskast við virkjun í neðri hluta Þjórsár. Í nokkrum tilfellum var erfitt um vik að taka sýni þar sem botngerð var þess eðlis að ekki varð með góðu móti komið við þeim aðferðum sem beitt var. Þetta gilti sérstaklega fyrir árkaflann milli stöðva B17 og B18 (mynd 8.2.1).

Fjöldi botndýra á öllum sýnatökustöðvum Þjórsár og þveráa hennar var allsstaðar mjög hár, rúm 35 til 700 þúsund dýr á fermetra. Þéttleiki botndýra í Þjórsá er viðast hvar 10 sinnum hærri en í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fljótsdal en þar var þéttleiki víða um og undir 1 þúsund einstaklingar á fermetra (Hilmar J. Malmquist ofl. 2001). Þéttleiki botndýra í Þjórsá er einnig hærri en í Ströngukvísl, einni af upptakavíslum Blöndu úr Hofsjökli (Árni Óðinsson og Vigfús Jóhannsson 1989). Mikill þéttleiki botndýra í Þjórsá tengist hugsanlega hárri leiðni vatns á svæðinu, en leiðni vatns sýnir línulega samsvörun við magn uppleystra næringarefna (Sigurður Guðjónsson 1990) og þar með vaxtarskilyrði þörunga. Rýni í Þjórsá neðan Búrfells var 9-28 cm. og er það meira en mældist í Jökulsá á Fljótsdal en þar mældist rýni 4 cm. sumarið 2000 (Guðni Guðbergsson munnl. uppl.) en með auknu rýni nær sólarljós lengra niður í vatnsbolinn og hagstæð lifsskilyrði fyrir þörunga myndast að stærri botnfleti. Tilvist miðlunarloná í farvegi Þjórsár hafa leitt til minni rennslissveiflna en áður þekktist og þar með stöðugra vatnsborðs en í óbeisludum jökulám. Tíðni þess að botndýr séu kaffærð á flóðum eða fari á þurrt að vetrinum hefur því líklega minnkað en það hefur þó ekki verið kannað sérstaklega. Aðrir líffræðilegir þættir svo sem samspil viðkomu botndýra og afráns fiska eru einnig hugsanlegir áhrifaþættir á fjölda botndýra í Jökulánum þremur.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Þéttleiki botndýra var mjög breytilegur á steinum innan hverrar sýnatökustöðvar enda voru steinarnir mjög breytilegir að grófleika og gróðurþekjan breytileg. Grófleiki steina og gróðurþekja þörunga og/eða mosa hafa hugsanlega haft áhrif á fjölda dýra innan búsvæða. Grófleiki steina var allt frá því að vera slétt grágrýti og yfir í grófgert hraungrýti en í íslenskum stöðuvötnum eru tengsl milli þéttleika smádýra og grófleika steina og er talið að margbreytilegt yfirborðið auki fjölda órvista (microhabitat) og þar með þéttleika hryggleysingja (Hilmar Malmquist ofl. 2000). Í fæstum tilvikum spönnuðu steinarnir allan grófleikaskalann heldur var botngerð oft, fin til miðlungsgróf (1-3), miðlungsgróf (2-4) eða miðlungsgróf til gróf (3-5) á hverri sýnatökustöð. Magn gróðurs, þörunga og/eða mosa, á steinum var einnig breytilegt innan og milli stöðva en mikill gróður eykur á yfirborð búsvæða fyrir hryggleysingja og stuðlar þar með að auknum þéttleika dýra sé miðað við botnflöt árinnar. Einnig hefur verið sýnt fram á að útbreiðsla rykmýs, eins algengasta lífveruhópsins í Þjórsá er oft blettótt (Tokeshi, 1995a; Tokeshi, 1995b).

Alls voru greindar lífverur sem tilheyrðu 37 ættum, ættkvíslum eða tegundum en á hverri stöð fundust 13 til 25 þessara hópa. Rykmýslirfur, algengasti lífveruhópurinn á athugunarsvæðinu, voru ekki greindar til tegunda og því er hér um lágmarksfjölda lífveruhópa að ræða. Fjöldi lífveruhópa (ætta, ættkvísla, tegunda) sem eiga fulltrúa sína í Þjórsá og þverám hennar virðist sambærilegur við fjölda tegunda á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal en þar fundust 1-27 tegundir botndýra á hverjum sýnatökustað (Hilmar J. Malmquist ofl. 2001). En eins og áður er getið var þéttleiki botndýra í Þjórsá stærðargráðu meiri (10x) en í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fljótsdal. Meðalþéttleiki botndýra í Þjórsá sýndi línulega samsvörun við þéttleika rykmýs og mátti skýra 90,6 % breytinga í heildarfjölda út frá breytingum í fjölda rykmýs. Rykmýslirfur virðast því vera ríkjandi hópur í botndýrasamfélögum Þjórsár líkt og í öðrum straumvötnum á Íslandi.

Samfélagsgerð hryggleysingja í Þjórsá og þverám hennar má skipta í two megin hópa. Annars vegar svæði þar sem rykmýslirfur einkenna fánuna og hins vegar svæði þar sem ánar og þráðormar einkenna lífvistina. Meginhlut sýnatökustöðva á vatnasviði Þjórsár einkennast af rykmýslifum en rykmý er sá hópur lífvera sem finnst í hvað mestum fjölda í íslensku straumvatni (Hilmar Malmquist ofl. 2001, Jón S. Ólafsson ofl. 2000). Algengt var að stöðvar með háum þéttleika smádýra væru þar sem straumur árinnar var striður en þó var það ekki algilt. Aftur á móti voru þráðormar og ánar algengastir á svæðum sem einkenndust af hægum straum ef undan er skilin sýnatökustöðin í Minnivallalæk. Í Minnivallalæk var straumur striður en á þessu svæði var mikið af mosa og þörungagróðri sem hugsanlega mynda skjól fyrir ána og aðrar lífverur en jafnframt eiga lífrænar agnir til að safnast í gróðri og góð fæðuskilyrði geta skapast fyrir grotætur.

10.9 Áhrif virkjananna á vatnalífríki.

Ljóst er að Núpavirkjanir og Urriðafossvirkjun hafa talsverð áhrif á lífríki Þjórsár og þveráa hennar. Við fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá verður farvegur árinnar stíflaður og mynduð inntakslón. Vatn verður leitt úr lóni í virkjun og frárennsli virkjunar leitt um lengri eða skemmri veg neðar í farveg árinnar. Þetta veldur því að vatnsrennsli er skert í farvegi árinnar milli inntaks og frárennslis. Skert rennsli veldur röskun á búsvæðum og hindrar fiskför. Þessa þætti er um margt erfitt að áætla fyrirfram og þá ekki síst hvort skert rennsli veldur göngutöf hjá fiski á uppleið. Myndun lóna og rennslisbreytingar

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

samfara rekstri virkjananna geta haft margvísleg áhrif á lífríki ánna. Miðlunargeta umræddra lóna er þó lítil og möguleikar til rennslisstýringar úr þeim því takmarkaðir. Samt sem áður þarf að gæta þess að forðast hraðar rennslisbreytingar og að viðkvæm svæði þorni ekki. Miðlun Þjórsár vegna virkjana er að mestu í lónum ofar á vatnasvæðinu og gilda sömu röksemdir þar. Þegar áhrif virkjana eru rædd skiptir miklu hvernig þær koma til með að vera reknar og hvernig til tekst með mótvægisáðgerðir. Nokkuð er enn óljóst varðandi þessa þætti. Út frá lífríkinu er mikilvægt að þessir þættir séu hafðir í huga við hönnun og rekstur ef af virkjunum verður. Við mat á áhrifum virkjana á göngufisk er vert að hafa í huga að svæðið ofan Búða/Hestafoss var að öllum líkindum ófiskgengt frá náttúrunnar hendi áður en þar var byggður fiskstigi árið 1991. Þótt lax fari nú á svæðin ofan stigans og þar sé nokkurt uppelldi laxa er það enn ekki fullnumið laxi. Ef svæðið nýttist yrði það til að efla laxastofna Þjórsár talsvert.

10.9.1 Núpavirkjanir.

Núpavirkjun IIb. Í þessum virkjanakosti, er gert ráð fyrir tveimur virkjunum. Sú efri við fjallið Núp og sú neðri við býlið Akbraut. Vatn yrði tekið úr lóni við Núp í virkjun þar og leitt í um 2,5 km frárennslisgöngum í farveg Þjórsár móts við Ölmóðsey. Meginvatni árinnar yrði síðan veitt til Árneskvíslar við fossinn Búða og myndað lón við Akbraut og þaðan í virkjun við Akbraut. Frárennslu yrði í Þjórsá við mynni Árneskvíslar.

Gert er ráð fyrir myndun 4 km^2 lóns með stíflu við Viðey og $3,2 \text{ km}^2$ lón við Akbraut. Núpalónið myndi ná upp í neðsta hluta Þverár og þekja 7,2 km af núverandi farvegi Þjórsár og neðsta hluta Þverár. Undir lón færur samtals um 251 ha af farvegi Þjórsár, þar af 66 ha í Akbrautarlóni. Við þessa framkvæmd færir meginhluti Árneskvíslar undir lón. Rúmir 14 km af farvegi Þjórsár yrðu með skert rennsli, þar af er kaflinn frá Búða niður fyrir Káláfá að Árneskvísl ($8,6 \text{ km}$, 246 ha) náttúrulega fiskgengur sem og $2,6 \text{ km}$ (19 ha) farvegar í Árneskvísl neðan stíflu við Akbraut.

Tafla 10.9.1 Metnar framleiðslueiningar svæða sem án mótvægisáðgerða skerðist verulega eða færur úr framleiðslu laxa- og sjóbirtingsseiða vegna fyrirhugaðara virkjana í Þjórsá neðan Búrfells.										
			Lokast af ofan stíflu		Samtals skert og lokað af			Hlutfall skert og lokað af		
Virkjunarkostur	Virkjunarsstaður	Skert rennsli neðan stíflna	Undir lón	Ofan lóna	Náttúrulega fiskgengt	Náttúrulega ófiskgengt	Samtals	Af náttúrul. náttúrul. Af öllum fiskgengum ófiskg. metnum svæðum svæðum svæðum		
Núpavirkjun IIb	Núpur	2.151	6.634	30.532	0	39.317	39.317	0	68	32
Núpavirkjun IIb	Akbraut	27.857	8.851	50.159	29.273	57.594	86.866	46	100	72
Núpavirkjun Ia	Núpur/Miðhús	25.120	6.634	30.532	4.693	57.594	62.286	7	100	51
Urriðafoss, aðalkostur	Urriðafoss	1750	19.866	87.089	49.362	57.594	106.955	78	100	88

Góð uppellissvæði laxfiska eru víða á áhrifasvæði Núpavirkjana. Rannsóknir staðfesta allnokkurt náttúrulegt uppledri laxaseiða í Þjórsá ofan stíflustæðis við Viðey og í þveránum Minnivallalæk, Sandá, Hvammsá og Fossá og einnig hefur náttúrulegur lax

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

fundist í Þjórsá neðan Minnivallalækjar. Samkvæmt botnmati eru víða góð búsvæði fyrir laxfiska á svæðinu ofan við Búða.

Stífla við Viðey og virkjun þar myndi hindra fisk á göngu upp ána og valda afföllum á seiðum laxfiska á leið til sjávar. Í fyrirhuguðu lónstæði eru nú hrygningarástöðvar fyrir lax og líklega þær helstu í Þjórsá ofan við Búða. Einnig eru góð uppeldissvæði laxa- og urriðaseiða í lónstæðinu, sérstaklega í Þverá (tafla 10.9.1). Við myndun lóns myndu hrygningarsvæði laxa í lóninu líklega leggjast af og búsvæði fyrir lax skerðast verulega og ef ekkert er að gert mun taka fyrir göngu laxa á svæðið ofan þess. Urriði, og þá sérstaklega staðbundin bleikja, myndu geta nýtt sér virkjanalónið til uppeldis sem gæti leitt til aukinnar stofnstærðar þeirra. Búsvæði sem myndu fara undir lón og lokast af eru samkvæmt botnmati um 68 % af uppeldisgetu svæðis ofan Búða og Hestafoss eða um 32 % af heildaruppeldisgetu allra metinna svæða ofan og neðan Búða (tafla 10.9.1). Áhrifasvæði með skert rennsli neðan stíflu er metið með um 1 % af heildaruppeldisgetu metinna svæða. Óskert búsvæði (sem ekki lenda í lóni) ofan stíflu eru 53 % af búsvæðum ofan fossa og 24 % af öllum metnum svæðum.

Í fyrirhuguðu lónstæði er smádýralíf fjölbreytt og þar eru mikilvæg fæðusvæði laxfiska. Í Þverá einkennist smádýrasamfélagið af miklum fjölda rykmýslirfa. Aukið vatnsdýpi í lónstæðinu minnkar líkur þess að ljós nái til botns og getur takmarkað eða komið í veg fyrir frumframleiðni (þörungavöxt). Margar rykmýstegundir skrapa til sín lífrænar agnir, þar á meðal þörunga og ef framboð lífrænna agna minnkar þá dregur einnig úr vexti og viðkomu rykmýslirfa. Aukið vatnsdýpi í lónstæðinu og minna rennsli getur einnig haft í för með sér aukna botnfellingu svifaurs en afrán á rykmýslifum getur aukist við slíkar aðstæður enda fækkar fylgsnum sem rykmýslirfur geta nýtt til skjóls (Tokeshi 1995a). Ákjósanleg fæðusvæði laxfiska í neðri hluta Þverár gætu rýrnað. Bæði vegna fækkunar fæðutegunda (svo sem rykmýs) og minni straums við botn en laxfiskar nærist aðallega á botndýrum á reki í vatninu (Wankowski og Torp 1979). Á efsta hluta lónstæðisins, við Haga, er smádýralíf fjölbreyttara en á flestum öðrum sýnatökustöðvum og í stað rykmýs eru ánar algengasti dýrahópurinn. Ánar halda sig að mestu við botn eða ofan í setinu (Helgi Hallgrímsson 1979) þar sem vatn er grunnt (Barnes 1980). Minni straumur en aukið dýpi hefði væntanlega neikvæð áhrif á þéttleika botndýra á svæðinu við Haga líkt og í Þverá og þar með rýra uppeldissvæði Þjórsár. Sé tekið mið af þéttleika botndýra í jökulskotnum stöðuvötnum svo sem Langasjó og Lagarfljóti má draga þá ályktun að þéttleiki botndýra gæti minnkað og tegundasamsetning þeirra breytist í lónstæðunum en frekari rannsókna er þörf á þessu sviði. En síðsumars 1998 einkenndist botndýralíf Lagarfljóts og Langasjávar af skelkrebbi, vatnsflóm, árfætlum og ánum (Guðni Guðbergsson og Ingi Rúnar Jónsson, 1998, Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1998).

Ef um miðlanir vatns til virkjunar verður að ræða úr lóni hafa þær neikvæð áhrif þar sem botndýr lenda á þurru eða eru færð á kaf. Draga má úr neikvæðum áhrifum breytinga á vatnshæð með því að stjórna þeim og stuðla að hægfara hækkun og lækkun vatnsborðs. Einkum á þetta við þegar botn fer á þurrt, en við hægfara breytingar aukast líkur þess að lífverur geti fært sig um set í stað þess að daga uppi.

Botndýrafána Þjórsár neðan Núpa að Búða og í neðsta hluta Árneskvíslar einkennist af rykmýslifum, mikilvægri fæðutegund laxfiska (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996). Virkjun vatnsorkunnar í einu þrepi við Núp myndi leiða til aukinna rennslissveiflna í farveg Þjórsár frá Núpi og niður fyrir Kálfá, sem og um Árneskvísl. Ýktar rennslissveiflur myndu skapast vegna minnkaðs rennslis að vetrinum þar sem nær

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

allt vatn yrði leitt um virkjunina og einungis lágmarksrennsli færí um hjárennsli. Auknar rennslissveiflur hafa neikvæð áhrif á botndýralíf því líkur þess að búsvæði fari á þurrt að hausti og séu kaffærð að vori aukast. Jafnframt láta sum botndýr sig reka undan straumi við aukið rennsli og gætu þannig stuðlað með atferli sínu að flutningi botndýra af búsvæðunum.

Lónstæði í Árneskvísl myndi breyta rennsli og vatnsstöðu svæðisins á sambærilegan hátt og lýst er hér að framan varðandi lónstæði við Núpa. Jafnframt má vænta þess að botndýrasamfélög breytist á sambærilegan máta.

Ætla má að botndýrasamfélög ofan Búða héldust svipuð og í dag, svo fremi að virkjunarframkvæmdir myndu ekki skaða lífríkið. Jafnt og minna rennsli ofan Ölmöðseyjar gæti hugsanlega stuðlað að auknum þéttleika botndýra á þessu svæði (sjá umræðu um mótvægisaðgerðir). Tíðar rennslisbreytingar hefðu hins vegar mjög neikvæð áhrif á stofna botndýra og gætu vegið upp allan ávinning af minnkuðu rennsli. Samhliða virkjun við Akbraut yrði rennsli árinnar skert frá Búða og niður fyrir Árnesflúðir. Hugsanlega gætu stofnar botndýra haldist svipaðir á þessum slóðum að því tilskyldu að nægjanlegt og jafnt rennsli yrði tryggt. Slík rennslisjöfnun væri hins vegar ekki að fullu framkvæmanleg því samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar verður ekki mögulegt að veita öllu umframvatni um Árneskvísl.

Frekari rannsókna er þörf á áhrifum lónamyndunar og rennslisjöfnunar á tegundasamsetningu og þéttleika botndýra áður en hægt verður að spá fyrir um bein áhrif virkjana á jökullituð fallvötn.

Lón við Akbraut gæti hugsanlega nýst urriða og bleikju, en urriði hrygnir í Minnivallalæk virðist nýta sér Þjórsá til uppeldis. Í lóninu yrðu hins vegar ekki mikil búsvæði fyrir lax.

Stífla og virkjun við Akbraut yrði hindrun fyrir göngufisk á upp/niðurgöngu. Virkjunin ylli auk þess afföllum á fiski á leið til sjávar. Ef ekkert yrði að gert yrði líklega ófiskgengt upp á svæðin ofan Búða og Hestafoss en samkvæmt búsvæðamati er gildi þess til framleiðslu laxaseiða allt að 48 % af heildarfjölda framleiðslueininga metinna svæða í Þjórsá og þverá hennar (sjá 9.3.4). Ef ekkert rennsli yrði um Búða og í farvegi neðan hans er trúlegt að torfiskgengt (og e.t.v. ófiskgengt) yrði upp í Kálfá sem hefði mjög slæmar afleiðingar á viðkomu laxa- og sjóþirtingsstofna þar og í versta falli ylli útdauða þeirra. Metið var að á árköflum frá Búða að ósi Árneskvíslar séu um 9.800 framleiðslueiningar, kvísl með Skeiðum sé 5.800 einingar og fiskgengi kaflinn í Árneskvísl sé um 3.200 einingar og í Kálfá/Tungá séu 10.700 einingar. Þessi svæði gætu öll farið úr framleiðslu án mótvægisaðgerða. Þetta eru um 46 % af heildarfjölda framleiðslueininga neðan fossa (náttúrulega fiskgegnt, tafla 10.9.1). Lax er viðast ríkjandi tegund á þessu svæði. Að viðbættum köflum ofan Búða og Hestafoss, gæti virkjun við Akbraut valdið því að framleiðsla göngufisks legðist af á 72 % metinna búsvæða. Reikna má með að neðan frárennslisrása virkjananna verði skerðing á uppeldi seiða vegna breytts straumlags og hugsanlegra rennslissveiflna. Hver heildaráhrif stíflu og virkjunar verða ræðst af mótvægisaðgerðum.

Núpsvirkjun 1a. Með virkjun við Núp tækju um göng vatn úr Þjórsá við Viðey og skilaði því aftur í farveginn neðan við Kálfá. Við þetta yrðu um 23,3 km í farvegi Þjórsár með verulega skert rennsli og á stundum ójöfnu rennsli. Kaflinn milli virkjunar og útrennslis er 12,4 km og 10,9 km eru í farvegi Árneskvíslar. Stífla við Núp hindraði

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

fiskför ofar. Góð uppedissvæði eru víða á röskuðum svæðum. Ofan Búðafoss eru þau best næst stíflu við Núp að Nautavaði og á svæðinu næst Búða. Einnig er talsvert uppledri á urriða í Minnivallalæk og í Þjórsá niður af honum. Þá er hrygning laxa og uppledri í Minnivallalæk. Í Árneskvísl er uppledri urriða og eru bestu uppedissvæðin neðan Hestafoss. Á áhrifasvæði virkjunar neðan Búða eru góð skilyrði til uppledis urriða og lax.

Virkjun vatnsorkunnar í einu þrepi við Núp myndi leiða til skerts og ójafns rennslis um farveg Þjórsár frá Núp og niður fyrir Kálfa, sem og um Árneskvísl. Göngufiskur ætti ekki að eiga í erfiðleikum að ganga upp ána að útfalli virkjunar en huga þarf sérstaklega að gönguleið þaðan að ósi Kálfar. Skert rennslu þar fyrir ofan gæti valdið gönguhindrur svo göngufiskur kæmist ekki upp stiga við Búða. Stífla við Núp hindrar fiskför ofar og virkjun þar veldur afföllum á seiðum á niðurleið eins og áður kemur fram. Skert rennslu kynni einnig að hindra fiskför úr farvegi Þjórsár í Minnivallalæk. Öll svæði ofan fossa verða fyrir áhrifum vegna skerts rennslis neðan virkjunar, gönguhindrana og lóns. (tafla 10.9.1). Metið var að af náttúrulega fiskgengum svæðum skerðist kaflinn frá Búða að ósi Kálfar, sem metinn er með 1.497 framleiðslueiningar og fiskgengi kaflinn í Árneskvísl með 3.200 einingar. Þessi svæði gætu mikið til farið úr framleiðslu án mótvægisáðgerða. Þetta eru um 7 % af heildarfjölda framleiðslueininga neðan fossa (náttúrulega fiskgegnt, tafla 10.9.1). Lax er víðast ríkjandi tegund á þessu svæði. Að viðbættum köflum ofan Búða og Hestafoss, gæti virkjun við Núp í einu þrepi valdið því að framleiðsla göngufisks legðist af á 51 % metinna búsvæða. Reikna má með að neðan frárennslisrása virkjananna verði skerðing á uppledri seiða vegna breytts straumlags og hugsanlegra rennslissveiflna. Hver heildaráhrif stíflu og virkjunar verða ræðst af mótvægisáðgerðum.

Botndýrafána Þjórsár á þessum köflum árinnar með skertu rennslu einkennist af rykmýslirfum, mikilvægri fæðutegund laxfiska, og er þéttleiki þeirra mjög mikill á efri hluta svæðisins. Sveiflótt rennslu árinnar gæti hugsanlega leitt til minni þéttleika rykmýslirfa, kaffært búsvæði eða jafnvel skolað lífverum burt við snöggar rennslisbreytingar.

Áhrif Núpavirkjana á staðbundna stofna urriða og bleikju eru fyrst og sem fremst vegna skerðingar og breytinga á búsvæðum. Göngur staðbundinna stofna milli svæða gætu raskast en þær eru hins vegar ekki þekktar. Lón gætu nýst staðbundnum stofnum til uppledís.

Bein áhrif á veiðinytjar yrðu þau helst að ef lax og göngusilungur kemst ekki upp Árnesflúðir verður ekki um nyttjar þeirra í Kálfa að ræða eða ofar á vatnsvæðinu. Að sama skapi lokast af uppedissvæði til framleiðslu. Svipaða sögu má segja um veiði á svæðinu ofan stíflu við Núp. Áhrif, sem hér hefur áður verið lýst vegna skerðingar á uppledri, koma af sama þunga niður á veiðihlunnindum. Þau áhrif verða mest á laxveiðihlunnindi.

Af framansögðu má ráða að Núpavirkjanir munu hafa neikvæð áhrif á lífríki Þjórsár. Með mótvægisáðgerðum má minnka áhrifin verulega og er líklegt að möguleikar til þess séu betri ef virkjað er í tveimur þrepum (sjá kafla 10.10).

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

10.9.2 Urriðafossvirkjun.

Hér er gert ráð fyrir stíflu við Heiðartanga og að vatn verði leitt þaðan í göngum til virkjunar og að útrásarop verði neðan við Urriðafoss (aðalkostur). Við þetta myndast $12,5 \text{ km}^2$ inntakslón sem nær um 15 km upp eftir farvegum árinnar. Gert er ráð fyrir skertu rennsli á um 3,8 km kafla í gljúfri ofan og neðan við Urriðafoss. Ofan lóns er gert ráð fyrir að dýpkum og breikkum árfarvegarins á um 4,5 km kafla. Með þessu er ætlunin að minnka rennslishraðann (í um 0,5 m/sek) svo að ekki myndist þar íshrónn. Fyrirhugað er að dæla allt að 1,5 millj. m³ af botnefni úr árfarveginum. Til að minnka ísrek að vetrarlagi, er fyrirhugað 1,2 lón km² ofan Árnesflúða. Stífla lónsins verður blásin upp þegar þörf er á stíflu vegna íss þegar skilyrði til ísmyndunar eru til staðar. Efri endi lóns nær að varnargarði við Þrándarlund. Lón verður eingöngu uppi þegar von er á ísreki í ánni. Verði virkjað í tveimur þrepum ofar í Þjórsá verður ekki þörf á þessu lóni.

Í gljúfri eru allgóð uppeldissvæði fyrir laxa- og urriðaseiði og er lax víðast í meirihluta. Uppeldisflötur er þó ekki ýkja stór vegna dýpis og straumhraða (metinn á 366 framleiðslueiningar). Hér kann að vera um vanmat að ræða en mjög erfitt reyndist að meta búsvæðin í gljúfrinu sökum dýpis og straums. Einnig er erfitt að meta áhrif skerðingar á rennsli í farveginum þar sem ekki liggja fyrir góðar dýptar- og straummælingar. Mikil aukning í rennsli, þegar vatn er umfram það sem fer um virkjun, og sérstaklega ef það eykst snögglega, breytir lífsskilyrðunum til hins verra. Vera kann að þau áhrif vegi þyngra en áhrif skerðingar á rennsli. Minnkað rennsli kann að raska fiskgengd upp gljúfrið.

Í lóni ofan við Heiðartanga munu búsvæði raskast á 12,8 km í meginfarvegi Þjórsár og á um 2,3 neðstu km af kvísl með Skeiðum. Samtals fara undir lón um 15,1 km af árfarvegi að flatarmáli um 480 ha. Metnar framleiðslueiningar í lónastæðinu eru 15.722 sem er um 25 % eininga á vatnsvæðinu neðan fossa. Að auki fer lónið yfir stóran hluta Kaldárholslækjar (3 km) sem ekki var metinn í botnmati en þar fannst uppeldi urriða og lax. Næst stíflunni er hraungrýti með bökkum Þjórsár og þar eru laxaseiði ríkjandi í allnokkrum þéttleika. Ofar er botn malarkenndur og sandblendinn og síðri til uppeldis en botnflötur til uppeldis stór. Benda seiðarannsóknir til að þar séu hrygningarsvæði fyrir urriða og lax. Vegna aukins dýpis og minni straums verða búsvæði að öllum líkindum mjög takmörkuð fyrir lax í lóninu og hrygningarárstöðvar urriða og lax leggjast af en staðbundinn urriði og þó sérstaklega bleikja munu geta nýtt sér það til uppeldis og þeim gæti fjöldað. Vegna lítils straums í lóni gætu seiði tafist á göngu til sjávar, það ásamt fjölgun urriða gæti valdið auknu afráni á seiði. Reikna má með að neðan frárennslisrássar virkjunarinnar verði skerðing á uppeldi seiða bæði vegna breytt straumlags og ónáttúrulegra rennslissveiflna en áhrifin ráðast af því hve miklar og snöggar breytingarnar verða.

Við dýpkun á farvegi ofan lóns verður veruleg röskum á árköflum sem eru uppeldissvæði fyrir lax, urriða og bleikju. Efst er stórgrytt og klöpp í botni en í Árneskvísl er möl og smágrýttur botn. Á stórum hluta svæðisins er malarbotn sem allar fisktegundir árinnar virðast nýta sér til hrygningar. Við framkvæmdir verður bein röskun á búsvæðum laxfiska. Dauði seiða verður óhjákvæmilega vegna umróts og tilflutnings á botnefnum. Eftir framkvæmdir verður farvegur dýpri, botnefnið líklega finna og straumhraði minni. Allnokkur hluti farvegar á þessum árköflum er undir 0,5 m dýpt og því í seiðaframleiðslu. Eftir framkvæmdir má reikna með að stór hluti farvegar verði dýpri en 0,5 m og falli því mikið til út úr seiðaframleiðslu. Finnna botnefni og

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

minni straumhraði skerðir framleiðslugetu og sennilega leggst hrygning laxa og framleiðsla að miklu leyti af á þessu svæði. Minni straumhraði hentar betur urriða og bleikju. Framleiðslugildi skertra svæða er samtals 5.222 einingar sem er 10,0 % af framleiðslueiningum fyrir laxfiska á náttúrulega laxgenga hluta Þjórsár.

Áhrifin af lóni ofan Árnesflúða verða fyrst og fremst á afkomu hrogna og uppeldi seiða laxfiska. Einnig getur stífla verið gönguhindrun fyrir laxfiska upp ána. Grípa þyrfti til framkvæmda til að afstýra því. Í lónstæðinu er hrygning og uppeldi seiða laxa og urriða. Efst í fyrirhuguðu lónstæði, við enda varnargarðs neðan Prándarlundar, er malarsvæði sem virðist mjög mikilvægt fyrir hrygningu laxa auk þess að vera ágætt búsvæði fyrir laxaseiði. Árkaflinn (PIX) hefur mestan fjölda framleiðslueininga á hvern kilómetra árfarvegar í Þjórsá (tafla 9.3.2). Árið 2002 voru laxaseiði á fyrsta ári hér í hæstum þéttleika í Þjórsá. Við myndum lóns minnkari straumhraðinn þannig að reikna má með að hrogn sem lenda í því drepist vegna súrefnisskorts. Lónið mun einnig hafa bein neikvæð áhrif á seiðabúskapinn. Sérstaklega á þetta við um laxaseiði sem velja sér búsvæði með meiri straum en urriðaseiði. Kann þarf hvort unnt sé að hlífa þessu svæði t.d. með því að færa lón aðeins neðar eða minnka hæð þess.

Í lónstæðinu myndi framleiðsla skerðast verulega á árkafla sem í búsvæðamati gaf alls um 4.144 framleiðslueiningar. Að auki verður væntanlega skerðing og breyting á rennsli neðan stíflu á árkafla þar sem metnar framleiðslueiningar eru 1.384. Þessi framkvæmd skerðir búsvæði þar sem framleiðslueiningar eru metnar samtals 5.528, sem er um 10,5 % af framleiðslueiningum fyrir laxfiska á náttúrulega laxgenga hluta Þjórsár.

Stífla vegna lóns við Heiðartanga mun taka fyrir alla fiskgengd upp Þjórsá, verði ekkert að gert. Ofan við stíflu og skert svæði neðan hennar eru samkvæmt mati um 78 % af uppeldis- og hrygningarsvæðum fyrir lax á náttúrulega fiskgengum svæðum og 88 % allra metinna svæða (tafla 10.9.1). Svipað gildir fyrir sjögenginn urriða, nema að trúlega er meira uppeldi af honum en laxi neðan Urriðafoss.

Bein áhrif á veiðinytjar yrðu þau helst að ef lax og göngusilungur kemst ekki upp Urriðafoss og stíflu við Heiðartanga verður ekki um nytjar þeirra að ræða ofar á vatnasvæðinu. Að sama skapi lokast af uppeldissvæði til framleiðslu. Áhrif, sem hér hefur áður verið lýst til skerðingar á uppeldi, koma af sama þunga niður á veiðihlunnindum. Þau áhrif verða mest á hlunnindi af laxi. Að auki er viðbúið að breyttir rennslishættir raski veiðiaðstöðu við netalagnir bænda. Þetta á sérstaklega við um lagnir í gljúfrinu.

Vegna aurburðar í Þjórsá þarf að fjarlægja set úr efsta hluta lóns, til að viðhalda lágum rennslishraða. Slík dæling kann að hafa röskun í för með sér. Gera má ráð fyrir að hér sé aðallega um fint botnefni að ræða og þess vegna verði þar takmörkuð búsvæði fyrir seiði laxfiska. Vegna röskunar á árbotninum kann aurburður í árvatninu að aukast meðan á dælingu stendur sem getur valdið tímabundinni röskun á botndýralífi og seiðabúskap. Ef dæling er gerð á göngutíma laxfiska má reikna með að það valdi göngutöf (sbr. Sigurður Guðjónsson og Ingí Rúnar Jónsson 2000). Fyrir lífríki árinnar væri mjög óæskilegt að efninu yrði komið aftur í farveg árinnar neðan stíflu, en haugsetning á hentugum stað mun æskilegri.

Smádýralíf á framkvæmdasvæði Urriðafossvirjunar einkennist af rykmýslrifum, ánum og bitmýslrifum. Í fyrirhuguðu lónstæði, alls 15 km að lengd, má ætla að

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

tegundasamsetning botndýra breytist og hugsanlega munu fæðuskilyrði fyrir laxfiska rýrna. Neðan stíflu við Heiðartanga munu áhrif á fjölda og tegundasamsetningu botndýra ráðast af rennslisstjórnun í árfarveginum. Lítið en jafnt rennsli allan ársins hring mun hugsanlega tryggja nokkra framleiðslu botndýra á svæðinu. Ef árfarvegurinn fer hins vegar á þurrt að vetrarlagi er hætt við að allt botndýralíf svæðisins þurrkist út og fæðuframboð fyrir laxfiska yrði lítið að vori.

Á fyrirhuguðu lónstæði vegna ísmyndunar að vetri einkennist botndýralífið af bitmýi sem er mikilvæg fæða laxfiska. Bitmý þrífst á straumhröðum svæðum straumvatna og hugsanlega mun vetrarstífla hafa neikvæð áhrif á afkomu bitmýs. Bein áhrif minnkaðs vetrarrennslis og lónmyndunar á bitmý hafa ekki verið könnuð það best er vitað og því brýn þörf á að fylgjast með botndýrasamfélögum svæðisins ef af stífluframkvæmd verður.

10.10 Mótvægisáðgerðir.

Þótt virkjanir í Þjórsá hafi talsverð áhrif á lífríki vatnasvæðisins má minnka þau áhrif með mótvægisáðgerðum. Hve neikvæðu áhrifin verða mikil ræðst ekki hvað síst af því hvernig til tekst með mótvægisáðgerðir sem ekki er að fullu fyrirséð. Það sem mestu máli skiptir er að röskun á búsvæðum verði eins lítil og kostur er og að göngur fiska upp og niður vatnasvæðið verði sem greiðastar. Markmið mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að reyna að gera röskun á lífríkinu sem minnsta, viðhalda sjálfbærum stofnum laxfiska og bæta fyrir hugsanlegan skaða á þeim af völdum virkjana.

Í umræddum virkjunum í Þjórsá má minnka neikvæð áhrif með því að taka á þáttum eins og magni og mögulegum sveiflum rennslis á árköflum sem liðu þurrð vegna virkjana. Þá er ljóst að talsvert má gera til að minnka áhrifin með því að greiða fiskför upp og niður stíflur og veitingu fiska frá vatnsinntaki virkjana. Hjá laxi eru það seiði og hoplax (hrygndur lax) á niðurleið og fullvaxinn fiskur á uppgöngu hjá laxi og sjóbirtingi. Auk seiða hjá sjóbirtingi má búast við að greiða þurfi leið fullvaxinna sjóbirtinga á niðurleið. Lítið er um laxa sem hrygna oftar en einu sinni á vatnasvæðinu og því er það mikilvægara að auðvelda niðurgöngu sjóbirtings en hoplax. Sjóbirtingur hrygnir gjarna oftar en einu sinni auk þess sem um ókynþroska göngufisk getur verið að ræða.

10.10.1 Rennslisstýring og viðhald vatns á mikilvægum svæðum Þjórsár.

10.10.1.1 Núpavirkjanir.

Gerð fiskstiga við fyrirhugaða stíflu við Núp myndi opna allgóð hrygningarsvæði fyrir lax, samtals eru metnar 36.950 einingar ofan við stíflustæðið en þar færur mikilvæg svæði á kaf í lón sem ekki nýttust laxfiskum til uppeldis. Skerðingin vegna lónsins gæti legið nærrí að vera um 18 % af uppeldisgetu svæðisins. Í dag er uppeldi að mestu bundið við staðbundinn urriða en lax hefur verið að nema land síðustu ár. Laxveiði er lítil ofan stíflustæðis enn sem komið er en ljóst að svæðið á talsvert inni ef ekki verður virkjað. Með því að greiða för laxa upp fyrir stíflu við Núp og vera með framhjáveitu niður, má stuðla að því að viðhalda uppeldi laxaseiða ofan stíflu en auk þess má líta á það (ásamt seiðasleppingum, sjá síðar) sem mótvægisáðgerð sem gæti stuðlað að aukinni útbreiðslu og uppeldi laxa á svæðinu.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Lagt var mat á hvaða áhrif vatnsborðslækkun vegna tveggja virkjunarkosta (Ia og IIb) hefði á stærð búsvæða í árfarvegi með skertu rennsli. Matið er mun áræðanlegra vegna virkjunarkosts IIb en Ia þar sem IIb er byggt á 13 sniðum en Ia á 3 sniðum.

Við virkjun í tveimur þrepum (kostur IIb) skerðist rennsli á 2,8 km kafla neðan stíflu við Núp, þar virðist búsvæði seiða aukast frá því sem nú er, jafnvel þótt rennsli væri minnkað í 10 m³/sek. Á kaflanum frá Búða og niður fyrir Árnesflúðir skerðist rennsli einnig. Á þeim kafla virðist búsvæði seiða stærst við um 70 m³/sek rennsli en minnka við aukið og skert rennsli. Við um 30 m³/sek rennsli virðast búsvæði tvöfalt meiri en við óskert rennsli, en búsvæði virðist álíka stór og nú við 10 m³/sek rennsli. Samkvæmt þessu bæri að tryggja ákveðið lágmarksrennsli niður Búða. Til þess að þetta mat standist er nauðsynleg að halda rennslinu eins stöðugu og kostur er. Einnig þyrfti að tryggja svipað rennsli og nú er í kvíslinni er rennur hjá Murneyrum á Skeiðum. Í Árneskvísl neðan Akbrautar virðist umfang uppeldissvæða ekki skerðast þó rennsli fari niður í 5 m³/sek.

Við virkjun í einu þepi (kostur Ia) skerðist rennsli Þjórsárfarvegar á 12,4 km kafla og öll Árneskvíslin, alls 10,9 km, gæti farið á þurrt, en ekki er hægt að segja fyrir um þurrð hennar með fullri vissu vegna skorts á gögnum. Á kaflanum frá Núpi að Búðafossi virðist búsvæði seiða stærst við 70 m³/sek, eða sjö sinnum stærri en við óskert rennsli. Við 30 m³/sek. Rennsli yrði uppeldi rúmlega þrefalt meira en við óskert og við 10 m³/sek tvöfalt meira en við óskert rennsli. Það skal þó ítrekað að þetta mat byggir á fáum sniðum. Neðan Búðafoss verða áhrif rennslisskerðingar á búsvæði þau sömu og greint var frá varðandi virkjanakost IIb. Samkvæmt þessu er æskilegt að tryggja a.m.k. 30 m³/sek lágmarksrennsli í farveginum. Þetta mat byggist á því að um stöðugt rennsli sé að ræða og að rennslissveiflur séu í lágmarki.

Minna rennsli (10 m³/sek), en stöðugt, ofan Ölmóðseyjar gæti hugsanlega stuðlað að auknum þettleika botndýra á þessu svæði. Miklar hraðar og tíðar rennslisbreytingar hefðu hinsvegar mjög neikvæð áhrif á stofna botndýra og gætu vegið upp allan áviningning af minnkuðu rennsli. Samhliða virkjun við Akbraut yrði rennsli árinnar skert frá Búða og niður fyrir Árnesflúðir. Hugsanlega gætu stofnar botndýra haldist svipaðir á þessum slóðum að því tilskyldu að nægjanlegt og jafnt rennsli yrði tryggt.

Miklu skiptir fyrir lífríki árinnar að rennsli í hjáveitum virkjana sé sem jafnast. Það hefði mjög neikvæð áhrif ef vatnsborð sveiflaðist mikið og eru snöggar rennslisbreytingar verstar. Ef þörf er á auknu framhjárennsli vegna Akbrautarvirkjunar, t.d. að sumarlagi, væri mikill akkur í því að veita umframrennsli, umfram 30 m³/sek, um stíflu við Akbraut og þaðan í meginál árinnar. Pannig væri tryggt að framhjárennsli í kvísl neðan Búða héldist sem stöðugast. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna Landsvirkjunar mun ekki gerlegt í vatnavöxtum að veita öllu umframvatni um farveg Árneskvíslar þar sem hún ber það ekki. Verði þörf á að veita auknu vatni í farvegi neðan Búða er afar mikilvægt að haga rennslisaukningu/-minnkun í farvegi framhjárennslis við Núp og Búða þannig að sveiflur verði hægar og sem náttúrulegastar. Erlendis gilda reglur um lágreynslu á sumri og vetri, þ.a. rennsli má ekki fara niður fyrir ákveðin mörk, svo og reglur um hve hratt má auka eða draga úr rennsli (Saltveit, 1993).

Eins og fram hefur komið myndi skert rennsli geta torveldað för fiska upp Árnesflúðir í Þjórsá að Búða og ofar og jafnframt hindrað fiskgengd til Kálfára. Af fyrirliggjandi gögnum er erfitt að meta umfang hindrana en reikna má með að greiða þurfi leið

göngufiska upp Árnesflúðir og hugsanlega ofar. Þá kann einnig að vera þörf á aðgerðum í nýjum farvegi sem bæta skilyrði til uppeldis, s.s. búsvæðagerð með því að setja grjót í farveginn og með gerð þröskulda. Þröskuldar mynda straumlítil svæði þar sem vatn helst í farvegi. Vegna lítils straums koma slíkar aðgerðir bleikju og urriða frekar til góða en laxaseiðum (NOU 1999). Vegna fjöldun stálpaðra urriða getur afrán á seiði laxfiska verið þar umtalsvert (Vik ofl. 2001). Með grjótburði má einnig bæta skilyrði í kvísl sem fellur með Murneyrum á Skeiðum.

10.10.1.2 Urriðafossvirkjun.

Við 10 til 20 m³/sek má reikna með að eitthvert uppeldi geti haldist í farveginum en eins og fram hefur komið er líklegt að mikil aukning í rennsli, þegar vatn er umfram það sem fer um virkjun, og sérstaklega ef það eykst snögglega, breytir lífsskilyrðunum til hins verra. Vera kann að þau áhrif vegi þyngra en áhrif skerðingar á rennsli. Hér gildir þó sem fyrr að áhrif sveiflna í rennsli, séu þær nauðsynlegar, verða minni eftir því sem þær verða hægari. Það sem mestu skiptir hér er að rennsli sé tryggt þannig að fiskur á niðurleið komist klakklaust niður og fiskur á leið upp komist án mikilla hindrana. Erfitt er að meta hvort 10-20 m³ rennsli nægi fyrir fisk á göngu upp Urriðafoss og gljúfrin ofan hans. Búast má við að gera þurfi lagfæringar í farveginum til að greiða fiskför en erfitt er að sjá fyrir að svo stöddu með hvaða hætti það verður gert. Þá er viðbúið að gera þurfi þröskulda í því skyni að stækka svæði undir vatni, og þar með auka framleiðsluflöt, þegar rennsli er í lágmarki. Stíflugarður mun liggja Skeiða-megin með inntakslóni Urriðafossvirkjunar. Neðan garðsins er ætlað að gera skurð sem tæki við lekavatni úr lóninu og mun því vatni verða veitt til Þjórár neðan stíflu. Vatn þetta mun að öllum líkindum verða því sem næst tært. Vel getur komið til greina að útbúa þar búsvæði svo skurðurinn nýtist til uppeldis laxfiska. Þetta þarf nánari athugunar við. Í farvegi ofan inntakslóns Urriðafossvirkjunar má hugsanlega með útsetningu allgrófs botnefnis með bökkum skapa ný seiðabúsvæði.

10.10.2 Seiðasleppingar.

Ein af þeim aðgerðum sem til greina geta komið sem mótvægisaðgerð eru seiðasleppingar. Allmikil reynsla er af sleppingum laxaseiða á svæðið og vitað er að þær hafa skilað árangri. Þetta á ekki hvað síst við um sleppingar á áður ófiskgeng svæði sem nú eru fiskgeng vegna stigagerðar við Búða. Eins og áður kemur fram eru svæðin ofan stigans enn ekki fullnumin laxi og er hægt að nýta þau til uppeldis laxaseiða með sleppingum smáseiða eða sumaralinna seiða eins og gert hefur verið. Kemur þá svæðið ofan stíflu við Núp ekki hvað síst til greina. Engin reynsla er hins vegar af sleppingum urriðaseiða.

Sleppingar sumaralinna seiða þjónuðu fyrst og fremst þeim tilgangi að auka uppeldi laxaseiða á áður ófiskgengum svæðum. Ef gönguleið laxa yrði gerð greið á uppeldissvæðin geta þær aukið fiskgengd og náttúrulega hrygningu og uppeldi. Seiðasleppingar geta líka verið til að halda uppi veiði. Þær koma hins vegar ekki í stað annarra aðgerða sem miðuðu að því að viðhalda náttúrulegum stofnum áんな, og nefndar hafa verið hér að framan. Það hefur litla þýðingu að sleppa seiðum ef fiskur kemst ekki upp hindranir. Sá fiskur sem skilaði sér myndi að vísu geta veiðst neðan stíflna, en ekki komast á hrygningarslóðir eða nýtast í veiði ofar á vatnasvæðinu.

Fiskur sem alinn er upp í eldisstöð býr ekki við náttúrulegt umhverfi þannig að val eiginleika er annað en í náttúrunni. Ef til lengri tíma er litið getur þetta haft neikvæð áhrif á náttúrulega framleiðslu í ánni. Þetta á sérstaklega við ef um miklar sleppingar er

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

að ræða af gönguseiðum. Við sleppingar þarf að gæta þess að nota stofna af vatnsvæðinu og til að tryggja erfðabreytileika seiðanna er mikilvægt að teknir séu nægilegar margir fiskar til undaneldis. Nauðsynlegt er að hluti seiða verði merktur til að fylgjast með árangri sleppinga.

10.10.3 Fiskvegir.

Til að viðhalda fiskgengd í Þjórsá þarf að gera fiskvegi framhjá stíflum við Urriðafoss, tryggja að áfram verði fært um fiskveg í Búða og gera fiskveg í stíflu við Núpa. Fiskvegatækni er vel þekkt og gera má fiskgengt framhjá þessum fyrirhuguðu gönguhindrunum sem stíflur við lón virkjananna eru. Þannig má gera göngufiski, bæði laxi og sjóbirtingi kleift að fara á sína hrygningarslóð.

10.10.4 Lagfæring á farvegi.

Vera kann að í farvegi Þjórsár neðan við fyrirhugaðar stíflur og að frárennsli virkjana leynist gönguhindranir fyrir fisk sem verði ógengar þegar vatn er minnkað eftir virkjun. Við því þarf að bregðast með viðeigandi lagfæringum, t.d. gerð þröskulda, ryðja frá stórgrýti eða gera fiskvegi. Þetta á við staði eins og Urriðafoss, og gilið ofan hans, svo og Árnesflúðir og ef til vill fleiri staði. Erfitt er að átta sig á þessu fyrr en vatn minnkar á þessum slóðum. Sama gildir ef reist verður uppblásanleg vetrarstífla í Búðakvísl.

Með lagfæringum á ákveðnum árköflum er möguleiki að auka búsvæði laxfiska með lagfæringum t.d. með því að setja út ákjósanlegt botnefni, grjót og smágrýti um leið og straumlag er gert ákjósanlegt t.d. í Murneyrakvísl með Skeiðum. Þá er hægt að gera þröskulda sem halda uppi vatni á ákveðnum köflum, eins og áður er rakið t.d. Búðakvísl og í Urriðafossgljúfri. Þá er mögulegt að útbúa sérstakar hliðarlænur með ákjósanlegu straumlagi og botngerð. Slikt er einnig mögulegt t.d. í kvísl sem myndast vegna sigvatns og aðrennslis við vesturhlíð stíflu upp með lóni Urriðafossvirkjunar.

10.10.5 Hjáveitir fyrir sjógönguseiði og fisk.

Ekki er nóg að fiskur komist óhindrað upp á hrygningarsvæðin. Seiði á leið til sjávar verða að komast þangað ósködduð. Þróun hefur átt sér stað í tækni, búnaði og gerð veitumannvirkja til að leiða seiði framhjá hverflum virkjana (Odeh og Orvis 1998). Frekari upplýsingaöflun hefur farið fram með skoðunarferð til Bandaríkjanna. Einkum er seiðum beint frá virkjunum með girðingum og stýringu á straumlagi. Koma þar nokkrir kostir til greina. Hugsanlegt er að setja niður girðingar um göngutíma seiða á leið til sjávar en tímann þarf einnig að kortleggja betur. Við Urriðafossvirkjun kemur til greina að ofan lóns verði gerður farvegur sem seiðum er beint með girðingum eftir í farveg vestan við stíflu lónsins. Þar færur seiði niður eftir þeim farvegi niður fyrir lón þaðan sem leiðin er greið til sjávar. Með þessu yrði seiðum einnig forðað frá því að lenda í lóninu þar sem ganga þeirra til sjávar gæti tafist. Hugsanlegt er einnig að koma megi upp búnaði við inntaksop virkjunar og yfirfall á stíflu þannig að seiði færur á yfirfalli niður fyrir. Ofan við fossinn Búða mætti beina seiðum með girðingu niður Búða og frá því að fara í Árneskvísl ef virkjun verður reist þar. Þá er mögulegt að huga að framhjáveitu við Núpa. Það er afar mikilvægt að vel takist til með hönnun og uppsetningu á slíkum búnaði í Þjórsá ef viðhalda á laxastofni og sjóbirtingsstofni árinnar. Þar er búnaður við Urriðafoss mikilvægastur þar sem flest öll uppeldissvæði fisks eru þar ofan við. Fallhæð virkjananna er það mikil að þrýstimunur ofan og neðan

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

við virkjun er slíkur að verulegur dauði mun verða í seiðum sem færur í gegnum slíka virkjun auk skaða sem yrði á seiðum sem lenda munu í spöðum virkjanahverflanna sjálfra. Undantekning frá þessu er virkjun við Akbraut með lægri stíflu og minni þrýstingsmun. Gerð hverfla getur skipt máli, einkum þar. Ef seiði lenda í vélunum þá eru meiri líkur á að þau lifi ef stærra op er milli spaðanna á vatnshjólum vélanna. Þar skiptir skurður á spaðablöðunum einnig máli.

10.10.6 Aðgerðir til að koma í veg fyrir ofauðgun lofta í vatni neðan við stíflur.

Ofauðgun lofta í vatni getur átt sér stað þar sem vatn kemst í mikla snertingu við loft t.d. ef þunn vatnsfilma fellur yfir mikið yfirborð á stíflum og fellur auk þess í frjálsu falli einhvern hluta leiðarinnar. Hlutþrýstingur lofta í vatni hækkar því. Fiskar sem eru á slíkum stöðum taka þá meira loft inn í líkama sinn. Ef þeir skipta um umhverfi (sem fiskar gera gjarnan) er hlutþrýstingur lofta í blöði og vefjum líkamans hærri en umhverfisins og loft losnar í líkamanum og myndar loftbólur (kafaraveiki) sem skaðað geta vefji líkamans og jafnvel valdið dauða. Því þarf að hanna yfirfall á stíflum með þetta í huga.

10.10.7 Aðrar aðgerðir

Til að bæta hugsanlega skaða á fiskstofnum göngufisks er mögulegt að gera Fossá og Þverá og ef til vill fleiri hliðarár fiskgengar lengra en nú er með fiskvegagerð. Þar með opnast stór svæði sem nýst geta til uppeldis göngufiska í Þjórsárkerfinu. Gangatækni gerir það kleift að fiskvegi má gera í göngum framhjá fossum án þess að nokkuð eða afar lítið rask sjáist á yfirborði.

10.11 Frekari rannsóknir.

10.11.1 Viðbótarrannsóknir.

Meta þarf seiðaveitir og væntanlegan árangur slíkra mannvirkja og er það mikilvægast við Urriðafossvirkjun. Ráðlegt er að fá álit reyndra sérfræðinga þar um. Gera þarf verkfræðilega útfærslur á þeim aðgerðum sem helst koma til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli.

Kanna þarf gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður framhjá virkjunum. Einnig þarf að kanna mun betur göngur sjóbirtingsseiða og stálpaðs sjóbirtings á leið til sjávar, en um það eru mjög lítið vitað.

Til þessa þarf að veiða gönguseiði lax og urriða og sjóbirting á niðurleið með gildrum. Til að veiða í svo miklu vatni þarf öflugar gildrur sem útheimta talsverða fjármuni í stofnkostnað og rekstur. Einnig eru takmarkaðar upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu sem bæta þyrfti.

Kanna þarf gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá. Það verði gert með því að merkja fisk með rafeindamerkjum svo hægt verði að fylgjast með ferðum þeirra.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Frekari útfærsla á mótvægisaðgerðum þarf að gera jafnóðum og hönnun virkjana fer fram svo og bygging þeirra.

10.11.2 Vöktunarrannsóknir

Ef fyrirhugaðar virkjanir koma til framkvæmda er nauðsynlegt að hefja langtíma-rannsókn á áhrifum virkjanaframkvæmda á vatnalífríki sem miðuðu einkum að því annars vegar að nema breytingar, þ.e. vegna myndunar lóna og breyttra rennslisháttu samfara virkjunum og hins vegar að meta árangur mótvægisaðgerða. Þessar rannsóknir nýttust ekki aðeins vegna Þjórsárvirkjana heldur einnig við mat á áhrifum hliðstæðra framkvæmda í öðrum ám.

Seiðarannsóknir geta farið fram eins og undanfarin ár með skipulögðum mælingum í vatnakerfinu með rafveiðum. Þar þarf að leggja sérstaka áherslu á að meta seiðabúskap m.t.t. áhrifa virkjana og árangur mótvægisaðgerða.

Kanna þarf fiskgöngur upp og niður Þjórsá. Koma má teljurum fyrir í fiskvegum og merkja fisk á uppgöngu með eltimerkjum og fylgjast þannig með göngum upp ána í þeim tilgangi að meta árangur mótvægisaðgerða. Göngur niður ána er hægt að fylgjast með í gildrum og í seiðaveitum seinna meir.

Kanna þarf áhrif framkvæmda á botndýrasamfélög Þjórsár. Fyrirliggjandi gögn eru byggð á sýnatöku af steinum og er lagt til að slíkri sýnatöku yrði fram haldið.

Í fyrirhuguðum lónum þarf að kanna áhrif breytra rennslisháttu og aukins dýpis á fjölda og tegundasamsetningu botndýra með löndum en jafnframt þar sem gætir aukins flutnings botnefna. Hér að framan var mælst til þess að neðan Búða yrði rennsli Þjórsár haldið jöfnu til að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum virkjunar á vatnali. Æskilegt er að fylgst verði með áhrifum miðlunar vatns á botndýrasamfélög neðan Búða svo hægt verði að meta gæði svæðisins með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxfiska.

Ef gúmmistífla ofan Árnессporðs kemur til framkvæmda þarf að kanna áhrif tímabundinna rennslisbreytinga og dýpkunar á botndýralíf á áhrifasvæði stíflunnar. Eftir því sem best er vitað hafa áhrif tímabundinna rennslisbreytinga og vatnsstöðu að vetrarlagi ekki verið könnuð og því nauðsynlegt að afla upplýsinga um áhrif framkvæmdanna.

Samhliða vöktunarrannsóknum þarf að koma upp áætlun sem gerir það mögulegt að grípa til neyðaraðgerða ef mótvægisaðgerðir, s.s. seiðaveitur, fiskstigar ofl., virka ekki eins og til er ætlast.

10.12 Áætlaðar tekjur af veiðihlunnindum á vatnasvæði Þjórsár.

Við mat á veiðihlunnindum voru lagðar til grundvallar árlegar tekjur af veiði. Mat á tekjum af netaveiddum fiski var unnið út frá veiðiskýrslum sem borist hafa Veiðimálstofnun. Gögn voru unnin frá árinu 1958 til og með 2001. Unnið var út frá þyngd á afla. Við mat á verði pr. kg (án virðisaukaskatts) voru fengnar upplýsingar hjá netaveiðimönnum við Þjórsá og Ölfusá fyrir árið 2001. Verð á kg var uppreiknað til verðlags ársins 2002. Tekjur af hverju veiddu kg af laxi var þannig fengið kr. 584 og 511 kr. fyrir hvert kg af silungi.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Árlegar tekjur af laxveiði í net í Þjórsá voru á umræddu tímabili frá kr. 903.494 til 10.879.690 og að jafnaði kr. 2.877.987. Árlegar tekjur af silungsveiði voru á sama tímabili frá kr. 17.888 til 590.609 og að jafnaði kr. 140.539. Samanlagðar tekjur af netaveiði á silungi og laxi í Þjórsá hafa á sama tíma verið frá kr. 945.910 til 11.076.580 og að jafnaði kr. 3.018.526 (tafla 12.1). Tölur um dreifingu netaveiði innan Þjórsár eru til fyrir árin 1988 til og með 2001. Á öllu tímabilinu var 0,03 % af verðmæti netaveiddra laxa og 4,3 % af verðmæti netaveiddra silunga veitt ofan við Búða/Hestafoss. Að auki er stunduð allnokkur stangveiði á silungi, einkum í neðanverðri Þjórsá en ekki liggja fyrir tölur um veiði eða tekjur af þeirri veiði.

Tafla 12.1. Áætlað verðmæti (kr.) afla lax- og silungs í net í Þjórsá, skipt eftir tímabilum.

Tímabil ár	Lax	Silungur	Samtals
1958-1969	1.862.183	214.079	2.076.262
1970-1979	3.445.059	108.035	3.553.094
1980-1989	3.193.521	94.897	3.288.418
1990-2001	3.158.286	132.121	3.290.407
1958-2001	2.877.987	140.539	3.018.526

Við mat á tekjum af stangveiði í Kálfá, Minnivallalæk og Fossá var aflað upplýsinga um leigutekjur af ánum.

Samkvæmt uppl. Landeigenda var veiði í Kálfá leigð út árið 2001 til 3ja ára á kr. 2,0 milljónir á ári. Þar er gert ráð fyrir að byggt verði nýtt veiðihús. Leigutekjur af Minnivallalæk eru 350 þúsund á ári. Leigutekjur af Fossá liggja ekki fyrir en ef reiknað er með að hver veiddur fiskur þar gefi sömu tekjur og í Minnivallalæk eru áætlaðar tekjur af Fossá á ári fyrir tímabilið 1993 til 1998 um kr. 245 þús.

Í ofangreindum útreikningum er ekki gert ráð fyrir óbeinum tekjum s.s. af þjónustu ofl. Samkvæmt norrænni könnun sem gerð var árið 1999 (Toivonen ofl. 2000) var kostnaður við kaup á veiðileyfum íslenskra stangveiðimanna að jafnaði 43 % af því sem menn eyddu vegna stangveiða.

11. Pakkarorð.

Sveinn Sigurjónsson Galtalæk veitti upplýsingar um seiðasleppingar, Eydís Njarðardóttir sá um merkingar og lesningu merkja, Landsvirkjun lagði til loftmyndir, Ingi Rúnar Jónsson aðstoðaði við uppsetningu og rekstur teljara, Einar Haraldsson veitti góðfúslegt leyfi til að safna hreistri af netaveiddum fiski og var ötull við að safna merkjum, Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson lásu skýrsluna yfir í handriti. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

12. Heimildir.

- Árni J. Óðinsson og Vigfús Jóhannsson, 1989. Athugun á botndýralífi og fæðu fiska í vatnakerfi Blöndu. Veiðimálastofnu VMST-R/89023: 58 bls.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1708-1709. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Annað bindi, Árnessýsla. Hið Íslenska Fræðafélag í Kaupmannahöfn 1921.
- Árni Ísaksson, 1973. Rannsóknir á Kálfá sumarið 1973. Veiðimálastofnun. VMST-R/73: 14 bls.
- Árni Ísaksson, 1978. Árangur ræktunar á vatnasvæði Þjórsár 1973- 1978. Veiðimálastofnun, skýrsla 5 bls.
- ASF, 2000. <http://www.asf.ca/Communications/2000/nov00/listingcan.html>.
- Barnes, R. D., 1980. Invertebrate Zoology. 4 ed. Holt-Saunders. Tokyo. 1089 bls.
- Bjarni Sæmundsson, 1897. Fiskrannsóknir 1896, II Laxveiðar. Andvari. 124-143.
- Bremset, G. og Heggberget, J., 2001. Competitive Interactions in Young Atlantic Salmon (*Salmo salar* L.) and Brown trout (*Salmo trutta* L.) in Lotic Environment. Nordic J. Freshw. Res. 75: 127-142.
- Crisp, D.T., 1996. Environmental requirements of common riverine European salmonid fish species in fresh water with particular reference to physical and chemical aspects. Hydrobiologia 323: 201-221.
- Dahl, 1910. Alder og vekst hos laks og örret belyst ved studier av deres skjæl. Landbruksdepartementet, Kristiania. 115 bls.
- Dorava, J. M. og Milner, A. M., 2001. Role of lake regulation on glacier-fed rivers in enhancing salmon productivity: the Cook Inlet watershed, south –central Alaska, USA. Hydrological Processes, 14: 3149-3159.
- Dytham, C, 1999. Choosing and using statistics. Blackwell Science. Abingdon. 218 bls
- Ebel, W. J., 1985. Review og effects of environmental degranation of freshwater stage on anadromous fish. I: Habitat modification and freshwater fisheries. (ritstj. Alabaster J.S.). FAO, Butterworth London: 62-79
- Eggert Ólafsson, 1752-1757. Ferðabók Eggerts Ólafsonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757. Bindi 2. Bókaútgáfan Örn og Örligur 1974. 296 bls.
- Friðþjófur Árnason og Sigurður Guðjónsson, handrit. National stock survey on the frequency of early mature males in five rivers on Iceland.
- Gagnabanki Vatnamælinga, 1996. Þjórsá, Urriðafoss, meðalrennsli. WWW.os.is/vatnam/gogn/rennsli/030.html.
- Gísli Már Gíslason, Hákon Aðalsteinsson, Jón S. Ólafsson og Íris Hansen, 2000. Invertebrate communities of glacial and alpine rivers in the central highlands of Iceland. Verh. Internat. Verein. Limnol. 27: 1602-1606.
- Gísli Már Gíslason, Jón S. Ólafsson og Hákon Aðalsteinsson, 1999. Macroinvertebrate communities in rivers in Iceland. I: Biodiversity in Benthic Ecology. (Friberg, N. og Carl, J.D. ritstj.). Proceedings from Nordic Benthological Meetings in Silkeborg, Denmark, 13-14 November 1997. National Environmental Research Institute, Denmark. 142 pp.-NERI Technical Report No. 266.
- Gréta Björk Kristjánsdóttir, 2000. Rennslismælingar í vatnsföllum á vatnasvæði Neðri-Þjórsár og Ytri-Rangár, dagana 25. –28. 04. 2000 og 25. – 26.05. 2000. Greinargerð GBK-2000/01:5 bls.

Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þverá hennar vegna virkjana neðan Búrfells.

Guðni Guðbergsson, 1999. Rannsóknir á Þórisvatni, 1999. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/R-99-022, 18 bls.

Guðni Guðbergsson, 2001. Lax og silungsveiðin 2000. Veiðimálastofnun VMST-R/ 105: 24 bls.

Guðni Guðbergsson og Ingi Rúnar Jónsson, 1998. Rannsóknir á fiski og smádýralífi á vatnasviði Lagarfljóts 1998. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST/R-98-020: 28 bls.

Guðni Guðbergsson og Ragnhildur Magnúsdóttir, 2000. Kaldakvísl og Sultartangalón. Fiskstofnar og lífríki. VMST-R/0020: 22 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1998. Langisjór. Rannsóknir á fiski og smádýralífi 1998. Skýrsla veiðimálastofnun, VMST/R-98019, 21 bls.

